ÓSUSHI
*Býður upp á hrossalundir, lax og sushi á færibandi.*
• matur • tilboð
allt Í MIÐJU BLAÐSINS



ÞORSTEINN GUÐMUNDSSON
*Spjallþáttur í burðarliðnum*
Verður í stíl við Leno og Letterman
FÓLK 38








FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
20. júlí 2007 — 195. tölublað — 7. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 512 5000

## FÖSTUDAGUR



**Í nýju starfi**
Páll Benediktsson lýsir opna breska golfmótinu í Sjónvarpinu.
FÓLK 38



**Tekur á móti kóngafólki**
Friðrik Pálsson hýsir auðmenn og aðalborið fólk á Hótel Rangá
FÓLK 38

**Ber Bónus ábyrgðina?**
„Miðað við könnun ASÍ er ástæða til að ætla að ávinningur af aðgerðum stjórnvalda til að lækka matvöruverð hafi ekki skilað þeim árangri sem ætlast var til," segir Jóhannes Gunnarsson.
Í DAG 18

**Frábært sigurmark**
Færeyingurinn Símun Samuelsen tryggði Keflavík frækinn sigur á danska liðinu Mydtjylland í Evrópukeppninni með frábæru marki.
ÍÞRÓTTIR 34



## VEÐRIÐ Í DAG




**VINDASAMT VESTAN TIL**
- Í dag verða suðaustan 8-15 m/s vestast á landinu, sýnu hvassast á norðanverðu Snæfellsnesi. Hægari vindur annars staðar. Skúraveður vestan til en bjart með köflum til landsins nyrðra. Hiti 12-20 stig.

# Færeyskar mjólkurvörur í sölu á Íslandi

**Viðskipti með mjólkurafurðir milli Íslands og Færeyja eru möguleg með nýlegum fríverslunarsamningi. Báðar þjóðir hyggja á útflutning g-mjólkur og jógúrts.**

**VERSLUN** Mjólkurvirki Búnaðarmanna, sem er mjólkursamlag Færeyinga, stefnir á að flytja inn mjólkurvörur til Íslands. Íslenska Mjólkursamsalan ætlar einnig að flytja út vörur til Færeyja og hefur þegar sent út nokkrar prufur til sölu. Samningar hafa tekist um að fyrirtækin dreifi vörum hvort fyrir annað.

Samkomulag um þetta varð til í kjölfar fríverslunarsamnings Íslands og Færeyja sem tók gildi 1. nóvember síðastliðinn.

Guðbrandur Sigurðsson, forstjóri Mjólkursamsölunnar, segir að Færeyingar eigi þó við það vandamál að stríða að sem stendur eigi þeir ekki mjólk aflögu fyrir útflutning.

Kim Petersen, sölu- og markaðsstjóri Mjólkurvirkis Búnaðarmanna, segir þó í færeyska dagblaðinu Dimmalætting að fyrirtækið leggi áherslu á að samningurinn verði gagnvirkur og Mjólkurvirki geti flutt vörur til Íslands. Um verður að ræða geymsluþolna mjólk eins og g-mjólk og kókómjólk og sýrðar mjólkurvörur á borð við jógúrt. Kim telur að ekki sé hagkvæmt að flytja út ferskar mjólkurvörur með lítið geymsluþol.

Mjólkursamsalan hyggst sömuleiðis flytja út geymsluþolnar og sýrðar mjólkurvörur til Færeyja.

„Við erum ekki farin að flytja út vörur til Færeyja að neinu ráði," segir Guðbrandur. „Við höfum sent prufur í litlu magni til sölu en við vonumst til að hefja útflutning af alvöru með haustinu. Fyrir nokkrum árum flutti Bónus út mjólkurvörur til Færeyja. Það mæltist vel fyrir. Færeyingar þekkja skyrið vel og við höldum að í Færeyjum sé ágætur markaður fyrir séríslenskar vörur."

- pal



**BIÐIN HAFIN** Þessir þrír Harry Potter-aðdáendur ætluðu að láta sig hafa það að bíða í rúman sólarhring fyrir utan verslunina Nexus við Hverfisgötu eftir síðasta hluta sögunnar um galdrastrákinn fræga. Bókin, Harry Potter and the Deatly Hallows, kemur út klukkan ellefu í kvöld. Stúlkurnar heita Ingibjörg Kristjánsdóttir, Borghildur Sigurmundardóttir og Dagmar Rós Ríkharðsdóttir.
FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Vísitala neysluverðs:

## Innflutt matvara hefur lækkað

**NEYTENDAMÁL** Dagvara hefur lækkað í verði um tæpt prósent frá júlí 2002 en vísitala neysluverðs hefur hækkað um 23 prósent á sama tíma. Á þessu fimm ára tímabili hefur verð á innfluttri mat- og drykkjarvöru lækkað um tíu af hundraði. Aðrar innlendar vörur hafa hækkað um tæp tíu prósent. Laun í landinu hafa hækkað um tæp 40 prósent og húsnæðisverð um 77 prósent.

Þetta sýna tölur Hagstofu Íslands um vísitölu neysluverðs eftir eðli og uppruna frá 1997.

- shá / sjá síðu 4

Tvö bandarísk dagblöð:

## Birtu ritdóma um Potter-bók

**BANDARÍKIN Tvö bandarísk dagblöð, The New York Times og The Baltimore Sun, birtu í gær ritdóma um sjöundu og síðustu Harry Potter-bókina, sem hvergi á þó að koma út fyrr en á miðnætti í kvöld að breskum tíma.**




**Báðir ritdómararnir ljóstruðu að nokkru upp um atburðarás sögunnar, en gættu sín þó á að segja ekki mjög mikið. Ritdómari New York Times segist hafa keypt bókina í bókaverslun í New York, en ritdómari Baltimore Sun segist hafa fengið hana frá ættingja sínum sem pantaði hana á netinu.**

**Höfundur bókanna, J. K. Rowling, sagðist furðu lostin yfir því að þessi tvö dagblöð skyldu hafa þannig virt að vettugi óskir lesenda, sem vilja bíða útkomu bókarinnar.**

- gb/ sjá síðu 30

Heitavatnslögn Orkuveitu Reykjavíkur gaf sig og nær sjóðandi vatn rann út:

# Heilsoðnir álar í Fossvogslæk

**UMHVERFISMÁL** Glöggur vegfarandi hafði samband við Náttúrufræðistofu Kópavogs (NK) fyrir skömmu og lét vita af dauðum fiski í Fossvogslæk. Við nánari skoðun kom í ljós að á nær 500 metra kafla frá ósi í Fossvogi og til móts við Birkigrund í Kópavogi lágu nær 40 dauðir álar í læknum. Við athugun kom í ljós að óhapp varð í heitavatnskerfi Orkuveitu Reykjavíkur (OR) í Fossvogi, en þá gaf sig vatnslögn og um tíma streymdi 90 gráðu heitt vatn niður Eyrarland og út í Fossvogslæk.

Hilmar Malmquist, forstöðumaður NK, segir líklegt að hvorki stórar né litlar lífverur í læknum hafi þolað hita vatnsins og drepist. „Það gildir líklega það sama um hryggleysingjana og stærri tegundir. Flestar tegundir hafa drepist eins og állinn þótt þær sjáist ekki með berum augum eða þeim hefur skolað til sjávar." Hilmar segir að állinn sé hitaþolnasta ferskfisktegundin í íslenskri náttúru. „Það er synd að hugsa til þess að állinn hafi drepist á þennan hátt eftir 5.000 kílómetra ferðalag frá Þanghafinu út af Mexíkóflóa." Gunnar Aðalsteinsson, sviðsstjóri kerfisstjórnar OR, segir erfitt að meta hversu mikið heitt vatn hafi runnið í lækinn en örugglega hafi farið 40 tonn. „Sennilega þó meira. Það kom 10 sentimetra rifa á lögn og úr henni rann vatn í um 30 mínútur.

- shá










**SPURNING DAGSINS**



*Birna, þetta hefur verið sannkölluð fýluferð?*

„Ferðin til Eyja var hin fínasta. Bíllinn fýldist þó við og er í fýlu enn!"

Birna Íris Jónsdóttir segir bíl sinn ónothæfan vegna kæfandi fiskifýlu eftir að hann var fluttur til Vestmannaeyja með fiskafurðum í Herjólfi.

Hópur Íslendinga kleif Mont Blanc, hæsta fjall Vestur-Evrópu, í fyrradag:

# Algjört kikk að vera á toppnum

**ÚTIVERA** Þrettán manna íslenskur ferðahópur kleif Mont Blanc, hæsta fjall í Ölpunum, í fyrradag. Hópurinn er í ferð á vegum Ferðaþjónustu bænda, og er undir fararstjórn Einars Stefánssonar.

Hugrún Hannesdóttir er ein fjögurra kvenna úr hópnum sem kleif fjallið fræga. Hún segir gönguna hafa verið erfiða en vel þess virði. Tilfinningin að standa á toppi þessa 4.800 metra háa fjalls hafi verið ólýsanleg.

„Við lögðum af stað úr skálanum klukkan tvö um nóttina, og vorum öll saman á toppnum milli átta og níu um morguninn. Þetta var miklu erfiðara en maður bjóst við, loftið er þunnt og aðstæðurnar allt öðruvísi en maður lendir í heima. Þetta er samt algjört kikk."



**MONT BLANC** Fjallið stendur á mörkum Ítalíu og Frakklands, og hafa þjóðirnar lengi rifist um hvorum megin tindurinn er. Fjallið var fyrst klifið af tveimur Frökkum árið 1786.

Hópurinn þurfti að ganga í myrkri nokkurn hluta leiðarinnar, meðal annars eftir fjallsbrún með djúpa sprungu öðrum megin og bratta fjallshlíð hinum megin. „Við sögðu í gríni að myrkrið væri eiginlega betra, þá gætum við ekki litið niður," segir Hugrún.

Leiðin sem fjallgönguhópurinn fór lá eftir þremur fjöllum í Ölpunum. Fyrst var gengið upp á Mont Blanc du Tacul, þaðan á Mont Maudi og að lokum upp á tind Mont Blanc. Hópurinn kemur aftur heim á morgun. **- sþs**

Atvinnuleysi eykst nokkuð:

# Um 3,2 prósent atvinnulaus

**VINNUMARKAÐUR** **Atvinnuleysi á öðrum fjórðungi ársins mældist 3,2 prósent á landinu öllu, og voru að meðaltali 5.800 án atvinnu og í atvinnuleit. Atvinnuleysið var heldur meira hjá körlum, 3,4 prósent, en 2,8 prósent kvenna voru atvinnulaus. Á fyrsta fjórðungi ársins mældist atvinnuleysið um 2 prósent.**

**Atvinnuleysið er minna á öðrum fjórðungi 2007 en á sama tíma á árinu 2006, þegar 4 prósent voru án atvinnu, að því er fram kemur í tölum Hagstofu Íslands.**

**Á öðrum fjórðungi ársins fjölgaði fólki á vinnumarkaði um 7.500 frá sama tíma í fyrra.** **- bj**

Verðkannanir ASÍ umdeildar:

# Kallað á mat frá dómstólum

**NEYTENDAMÁL** Finnur Árnason, forstjóri Haga, hyggst kalla til dómkvadda matsmenn frá Héraðsdómi Reykjavíkur til að fara yfir verðkannanir ASÍ í verslunum fyrirtækisins.



**FORSTJÓRI HAGA**

ASÍ telur að verðlag í kjölfar skattalækkunar ríkisstjórnarinnar hafi ekki lækkað sem skyldi. Ólafur Darri Andrason, hagfræðingur ASÍ, segir verslunarmenn ekki hafa svarað gagnrýni sambandsins efnislega.

Samtök verslunar og þjónustu vilja að Hagstofan annist verðrannsóknir. Samtökin óska eftir viðræðum við stofnunina um samstarf og að stjórnvöld endurskoði fjárveitingar slíkra verkefna. **- shá**

Slapp með skrámur á hendi:

# Árni Mathiesen velti bíl sínum

**SLYS** **Árni Mathiesen fjármálaráðherra lenti í bílveltu í fyrradag. Hann var á ferð með hestakerru í eftirdragi á Vesturlandsvegi við Leirvogstungu um fimmleytið þegar jeppi hans valt. Kerran, sem var með þremur hrossum innanborðs, valt ekki.**



**ÁRNI MATHIESEN**

**Böðvar Jónsson, aðstoðarmaður Árna, segir ráðherrann hafa skrámast lítillega í byltunni en ekki meira en svo að hann hafi mætt á fund daginn eftir. „Hann fékk einhver glerbrot í höndina en þetta var ekki neitt neitt."**

**Vesturlandsvegi var lokað í hálftíma vegna slyssins og urðu nokkrar tafir vegna þess.** **- sþs**

# Fella aspir á báða bóga í lóðadeilu

**Nágrannar í Árbænum deila um lóðamörk og saga niður aspir á báða bóga. Guðmundur Arason sakar Gunnar M. Zophaníasson um siðleysi með því að fella aspir sem hann plantaði en Gunnar segir trén hafa verið á sinni lóð.**

**LÖGREGLUMÁL** „Mér finnst það siðleysi að fara án leyfis inn í garð hjá mér og saga niður tré," segir Guðmundur Arason sem býr í Fjarðarási í Árbænum.

Guðmundur segir að síðdegis á þriðjudag hafi eiginkona hans orðið vör við að verið var að saga tré í bakgarðinum.

„Hún hélt að nágrannarnir væru að grisja hjá sér en svo kom í ljós að þarna var mikill mannskapur og það var búið að saga niður tvö bestu trén í garðinum okkar. Hún horfði síðan á trén brytjuð niður til að flytja þau burt," lýsir Guðmundur.

Að því er Guðmundur segir keypti hann nokkuð af öspum fyrir aldarfjórðungi og lét planta í garðinn sinn við lóðamörkin að garði einbýlishúss við Heiðarás. Aspirnar hafi vaxið hratt.

Umræddur nágranni Guðmundar, Gunnar M. Zophaníasson, segir það rétt að hann hafi látið saga



**GUÐMUNDUR ARASON** Segir nágrannann hafa sagað niður bestu aspirnar hans. Stúfarnir sjást við hlið Guðmundar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**ASPARÓÐIN SEM VAR** Nágrannarnir hafa skipst á að saga niður aspir sem hvor um sig telur vera á sinni lóð.

niður aspirnar sem Guðmundur plantaði á sínum tíma. Hins vegar sé það alls ekki rétt að aspirnar hafi verið á lóð Guðmundar.

„Við bentum honum strax í upphafi á að trén voru inni á okkar lóð en hann neitaði að hlusta á það þótt það hafi verið staðfest í tvígang af mælingamanni frá borginni. Síðan vorum við ekki að amast við þessum trjám, ekki síst vegna þess að Guðmundur er mikill sóldýrkandi og finnst langbest að sóla sig allsnakinn," segir Gunnar.

Guðmundur kveðst afar vonsvikinn að nágranninn hafi ekki rætt við þau hjón áður en hann lét til skarar skríða gegn öspunum, ekki síst vegna þess að fyrir tveimur árum hafi hann sýnt þá tillitssemi að fella tvær aspir til að tryggja granna sínum betra útsýni yfir bæinn.

„Það eru bara allir alveg bit á þessu. Aspirnar voru bara ekkert fyrir á nokkurn hátt. Þær skyggðu ekki á neitt," segir Guðmundur.

Gunnar segir á hinn bóginn að aspirnar sem felldar voru á þriðjudag hafi einmitt skyggt á sólina í garði hans: „Það var komið myrkur í garðinn og tengdasynir mínir tóku sig til og söguðu einfaldlega tvö tré sem stóðu við hlið þeirra tveggja sem Guðmundur sagaði niður áður."

Á miðvikudag kallaði Guðmundur til lögreglu sem mætti á vettvang. Teknar voru ljósmyndir af trjástubbunum og útbúin lögregluskýrsla. Gunnar segist ekki óttast lögreglurannsóknina: „Þessi tré eru á minni eignarlóð og á henni er mér frjálst að gróðursetja og ríta upp eins og mér sýnist og það er ekki í hans verkahring."

Guðmundur segist ósammála fullyrðingum Gunnars um lóðamörkin og hyggst fá borgarverkfræðing til að mæla lóðirnar.

**gar@frettabladid.is**

Viðbrögð Rússa:

# Reka brátt fjóra Breta úr landi

**MOSKVA, AP** Rússnesk stjórnvöld skýrðu frá því að þau myndu reka fjóra breska stjórnarerindreka úr landi. Einnig munu Rússar hætta, að minnsta kosti um stundarsakir, allri samvinnu við Breta um varnir gegn hryðjuverkum.

Bresk stjórnvöld höfðu fyrr í vikunni skýrt frá því að fjórir rússneskir stjórnarerindrekar yrðu reknir frá Bretlandi og takmarkanir settar á vegabréfsáritanir rússneskra embættismanna. Það gera Bretar vegna þess að Rússar vilja ekki framselja Andrei Lugovoi, sem grunaður er um morðið á Alexander Litvinenko í vetur, til Bretlands. **- gb**

Geiri í Goldfinger sýknaður:

# Klefi með tjaldi ekki lokað rými

**DÓMSMÁL** **Ásgeir Þór Davíðsson, eigandi skemmtistaðarins Goldfinger, var sýknaður í Héraðsdómi Reykjaness í gær af ákæru um að hann hefði staðið fyrir nektardanssýningu í lokuðu rými á staðnum. Slíkt er bannað samkvæmt lögreglusamþykkt Kópavogsbæjar. Dansmey sem var ákærð var einnig sýknuð.**



**ÁSGEIR DAVÍÐSSON**

**Í dómnum segir að ekki sé skilgreint hvað teljist vera lokað rými í þessu sambandi, en dansinn fór fram í rými með fasta veggi á þrjár hliðar og tjald fyrir hinni fjórðu. Auðvelt hafi verið fyrir lögreglu að hafa eftirlit með því að draga tjaldið frá, og því sé ekki um lögbrot að ræða.** **- sþs**


**BÍLL DAGSINS**

**NISSAN PATROL LUXURY**

Nýskr. 02.06 - Sjálfskiptur - Ekinn 38 þús. km.




**Ingvar Helgason** **NOTAÐIR BÍLAR**

Sævarhöfða 2 Sími 525 8020 Opið: Mán. 10:00 - 18:00, þri.-fös. 9:00 - 18:00.


Þurrkatíðin hefur haft áhrif á gróður og grunnvatn:

# Nokkrar skúrir breyta litlu

**NÁTTÚRA** Miklir þurrkar hafa verið í sumar og skúrir í nokkra daga vega lítið upp á móti þeim. Uppgufun er mikil því að grunnvatnsstaðan hefur lækkað vegna þurrkanna. „Við sjáum að allur gróður hefur liðið mjög fyrir þetta," segir Bjarni Guðmundsson á Hvanneyri. „Kristnitökuhraun er grátt allt saman því allt vatn er farið og Jafnvel mýrartún hér í Borgarfirði þjást af vatnsskorti."

Hann telur þó enga ástæðu til svartsýni enn sem komið er. „Heyuppskera er víða þokkaleg og búfjárbændur ætta því ekki að hafa þungar áhyggjur. Það er meiri spurning um kornakrana og hverju þeir skila."

Borgfirðingar hafa ekki þurft að kljást við vatnsskort í sumar. „Mikið hefur verið gert í að bæta vatnslagnir hérna, annars væru hér hrein vandræði," sagði Bjarni.



**NORÐURÁ** Ekki hefur mælst minna vatnsmagn í Norðurá að sumri til síðan mælingar hófust. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Vatnsból hjá Landsvirkjun eru aðallega jökulár og því eru ekki miklar áhyggjur af vatnsskorti þar á bæ. Jöklar hafa þopað vegna hlýinda og mikið vatn í jökulánum. Edvard Guðnason hjá Landsvirkjun segir að líklega sé um meðalár að ræða núna hvað vatnsmagn varðar. „Útlitið í miðlunarlónunum er þokkalegt miðað við árstíma," segir Edvard Guðnason hjá Landsvirkjun. „Það stefnir í að þau fyllist í haust." **- pal**

KRÓNAN
fyrst og fremst...

...í sumar



## GENGIÐ 19.07.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 59,2 | 59,48 |
| Sterlingspund | 121,33 | 121,91 |
| Evra | 81,75 | 82,21 |
| Dönsk króna | 10,985 | 11,049 |
| Norsk króna | 10,344 | 10,404 |
| Sænsk króna | 8,907 | 8,959 |
| Japanskt jen | 0,4851 | 0,4879 |
| SDR | 90,78 | 91,32 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

110,6658

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Viðræður í gangi um kaup M&M á hlut Björgólfs Guðmundssonar í Eddu útgáfu:

# Niðurstaða ekki í augsýn

**VIÐSKIPTI** Viðræður hafa verið í gangi undanfarið um sölu á hlut Björgólfs Guðmundssonar í Eddu útgáfu til Máls og menningar (M&M). Árni Einarsson, forstjóri Eddu útgáfu, staðfestir að viðræður séu í gangi, en segir fyrirtækið starfa á allan hátt eðlilega þó rætt sé um kaup og sölu á hlutum.

Björgólfur er meirihlutaeigandi í Eddu útgáfu. Ásgeir Friðgeirsson, upplýsingafulltrúi Björgólfs, staðfestir að þreifingar séu í gangi en segir niðurstöðu ekki í augsýn. Sjálfseignarfélagið M&M, sem á hlut í Eddu, hafi áhuga á að eignast meira, en óljóst sé hvort áhugi sé á félaginu öllu, eða eingöngu bókaútgáfu eða bókaklúbbum.



BJÖRGÓLFUR GUÐMUNDSSON

Skiptar skoðanir virðast vera meðal rithöfunda sem verið hafa hjá Eddu um áhrif þessara þreifinga. Sumir segja mögulegar breytingar ekki hafa áhrif á sig, en aðrir segja óvissu óþægilega.

Árni segist vel skilja að óvissan sé óþægileg fyrir einhverja af rithöfundunum. „Þeir eru lykilfólkið í þessu og eru þeir fyrstu sem talað er við eftir að eigendur hafa komist að niðurstöðu.“

Rekstur Eddu hefur gengið brösuglega undanfarin ár, en Árni, sem tók við starfi forstjóra fyrir um ári síðan, segir að nú sé búið að kveða niður drauga fortíðarinnar. Rekstrargrundvöllurinn sé orðinn ágætur, enda hafi eigendur lagt talsvert fé í fyrirtækið. - bj

Dalvegur opnaður aftur í gær:

# Vildum bara minnka tafir

**UMFERÐ** Dalvegurinn milli Digranesvegar og Dalsmára var opnaður aftur um fjögurleytið í gær. Lögreglan taldi ófullnægjandi frágang vegna vegaframkvæmda skapa ökumönnum hættu og lokaði því veginum á miðvikudagskvöld.

Karl Stefán Hannesson, framkvæmdastjóri Jarðvéla ehf. sem sjá um vegaframkvæmdirnar, segist sammála því að vegurinn hafi verið hættulegur. „Við vorum bara að þráast við að hafa veginn opinn í báðar áttir til að skapa sem minnstar tafir,“ segir hann. „Lögreglan tók svo af skarið og lokaði honum.“ - sþs



**RÓLEX** Hvolpurinn Rólex er þriggja mánaða og var tekinn úr garði í Þorlákshöfn um helgina. Hann er blanda af Labrador og Border Collie.

Hvolpur í Þorlákshöfn:

# Numinn á brott

**DÝRAHALD** Þriggja mánaða gamall hvolpur var tekinn úr garði í Þorlákshöfn snemma á sunnudagsmorgun. Anna Marín Ragnarsdóttir, eigandi hundsins, segir garðinn vera alveg lokaðan svo útilokað sé að hann hafi strokið þaðan. „Svo var systir hans hér í pössun hjá okkur og þau halda alltaf saman. Ef hann hefði strokið hefði hún elt hann,“ segir Anna.

Anna hafði strax samband við lögreglu en hvolpurinn hefur ekki fundist. Fjölskyldan er tilbúin að veita þeim sem kemur með hvutta fundarlaun. Hún biður alla sem geta veitt einhverjar upplýsingar um málið að snúa sér til lögreglunnar á Selfossi. - þeb

## LEIÐRÉTTING

Í frétt um bústað Vigdísar Finnbogadóttur, fyrrverandi forseta, sagði að hún hefði þegið bústaðinn að gjöf frá Sonju Zorillu. Hið rétta er að hún keypti hann. Fréttablaðið biðst velvirðingar á mistökunum.

## ÁRÉTTING

Í frétt um sviptingu landlæknis á leyfi Magnúsar Skúlasonar, yfirlæknis réttargeðdeildarinnar að Sogni, til að ávísa eftirritunarskyldum lyfjum, var haft eftir Matthíasi Halldórssyni landlækni að algeng orsök slíkrar leyfissviptingar væri einkaneysla á lyfjum. Ekki kom nægilega skýrt fram í fréttinni að svo hefði ekki verið í þessu tilviki og vill landlæknir árétta að Magnús hafi aldrei verið sakaður um einkaneyslu.




# Matvaran á sama verði en eldsneytið þriðjungi dýrara

**Vísitala neysluverðs hefur hækkað um 23 prósent frá júlí 2002. Dagvara hefur lækkað um tæpt prósent á sama tíma. Laun hafa hækkað um 40 prósent og húsnæði um 77 prósent. Innflutt mat- og drykkjarvara hefur lækkað um tæp tíu prósent á tímabilinu en bensín hækkað um 36 prósent.**

**NEYTENDAMÁL** Dagvara hefur lækkað um tæpt prósent frá því í júlí árið 2002 en aðrar innlendar vörur hafa hækkað um tíu af hundraði.

Innfluttar mat- og drykkjarvörur hafa lækkað um tíu prósent á þessu tímabili. Á sama tímabili hefur húsnæðisverð hækkað um tæp 77 prósent og laun hækkað um tæp 40 prósent. Þetta kemur fram í tölum Hagstofu Íslands um vísitölu neysluverðs eftir eðli og uppruna frá 1997 í júlí 2002 og 2007.

Meirihluti dagvöru í innkaupakörfu þjóðarinnar er matur og drykkur. Þar eru búvörur tæpur helmingur.

Frá júlí 2002 hefur búvara án grænmetis hækkað um 7,1 prósent en aðrar innlendar mat- og drykkjarvörur hafa lækkað um 0,4 prósent og grænmeti um tæpt prósent.

Bensín hefur hækkað um 36 prósent frá árinu 2002 en 64 prósent frá 1997 og opinber þjónusta hefur hækkað á tímabilinu um rúm 27 prósent á meðan önnur þjónusta hefur hækkað töluvert minna eða um 19,9 prósent.

Ef horft er aftur til ársins 1997 kemur í ljós að dagvara hefur hækkað um 24 prósent og aðrar innlendar vörur um 35 prósent. Húsnæði hefur hækkað um 168 prósent og laun um 216 prósent á þessu tíu ára tímabili.

svavar@frettabladid.is








Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**VARÚÐ FERÐALANGAR!**

Ferðalög landans standa nú sem hæst. Núna fyrir hádegi og eitthvað fram á daginn eru horfur á allhvössum vindi á norðanverðu Snæfellsnesi og því rétt að vara hjólhýsafólk við því að vera ferðinni um norðanvert nesið meðan vindurinn gengur yfir. Síðdegis í dag verður vindurinn yfirstaðinn. Um helgina eru svo horfur á hægviðri. Helgin verður ekki mjög sólrík og hætt við dropum hér og hvar.

**REYKJAVÍK Í DAG**

Suðaustan 5-8 m/s. Skúrir. Hiti 12-15 stig.

## VEÐURSPÁ




um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 21°C hálfskýjað | London | 18°C rigning | Friedrichshafen | 30°C skúrir |
| Billund | 21°C léttskýjað | París | 21°C skúrir | Basel | 29°C skúrir |
| Osló | 20°C hálfskýjað | Eindhoven | 24°C skúrir | Alicante | 30°C heiðskírt |
| Stokkhólmur | 21°C hálfskýjað | Frankfurt | 26°C skúrir | Algarve | 28°C léttskýjað |
| Gautaborg | 20°C heiðskírt | Berlín | 25°C skúrir | Las Palmas | 27°C hálfskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# Grillum saman




Úrbeinaður svínahnakki
í BBQ kryddlegi

TILBOÐ 998 kr/kg
Verð áður 1.548,-




Rifsberjalegið
lambafille með fitu

TILBOÐ 2.998 kr/kg
Verð áður 3.445,-




Kjúklingalæri og leggir
í texaskryddlegi

TILBOÐ 363 kr/kg
Merkt verð 605-



HERSHEY'S®
BAR IN A JAR
íssósa




**Delfí smurostur**
- allir fíla Delfí




**Vilko vöfflumix**
- tilvalið í ferðalagið, einfalt og fljótlegt.




**Wewalka deig**
- pizzadeig, kanilsnúðadeig og grillbrauðsdeig.
Beint frá Danmörku.

Gildir til 22. júlí eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

**KJÖRKASSINN**



*Myndir þú nota GPS-tækni til að fylgjast með barninu þínu?*

| | |
|---|---|
| Já | 45% |
| Nei | 55% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hefur þú lesið einhverja af bókunum um Harry Potter?*

Segðu skoðun þína á visir.is

vísir

Notkun GPS-tækni í farsímum getur haft jákvæðar og neikvæðar hliðar:

# Ótal möguleikar GPS-forrita

**TÆKNI** Möguleika nýrra GPS-farsíma má nota á jákvæðan og neikvæðan hátt að mati Guðbergs K. Jónssonar, verkefnastjóra hjá Samfélagi, fjölskyldu og tækni.

„Með opnum aðgangi getum við ímyndað okkur að innbrotsþjófar noti tæknina til að tryggja að enginn sé heima," segir Guðberg. „Sem öryggistæki getum við notað þetta til að finna týnd börn."

Eins og fram hefur komið býður íslenska hugbúnaðarfyrirtækið Trackwell upp á hugbúnað fyrir GPS-farsíma sem gerir foreldrum kleift að fylgjast með ferðum barna sinna eða aðstandendum að rekja slóð Alzheimers-sjúklinga.

„Þetta er ekki eina leiðin sem hægt er að nota til að kortleggja ferðir okkar," segir Guðberg. „Það má færa rök fyrir því að þetta sé fínt öryggistæki."

Guðberg segir skuggahliðar tækninnar rata í fréttirnar, frekar en jákvæðu hliðarnar.

„Langflestir nýta nýmiðla á réttan hátt. Foreldrar eru kannski að taka illa upplýstar ákvarðanir út frá fréttum um barnaníðinga á netinu eða einelti unglinga á bloggi," segir hann.

Guðberg segir nauðsynlegan hluta af uppeldishlutverkinu að ná samkomulagi við börn um hvaða reglur gildi fyrir nýja tækni. - sgj

## EIN GERÐ FÁANLEG



Nokia N95 síminn fæst í verslunum Símans á 82.900 krónur og hjá Vodafone á 86.900 krónur. Hann er eini síminn með innbyggðum GPS-móttakara sem er fáanlegur hérlendis. Hægt er að hlaða niður kortum, stórum jafnt sem litlum. Staðsetningarforrit frá Trackwell eru ekki fáanleg í íslenskum símum enn sem komið er.

Kona og barn í lífshættu:

# Fjögurra ára barn ók á vegg

**LÖGREGLUMÁL Fjögurra ára drengur settist upp í sjálfskiptan bíl móður sinnar, keyrði hann af stað úr innkeyrslunni, út á götu og á gangandi vegfarendur í Vestmannaeyjum á mánudag.**

**Drengurinn ók bílnum um 200 metra og á gangandi konu með barnavagn. Konan varð fyrir bílnum, en mesta mildi þykir að barnið í barnavagninum hafi sloppið við meiðsl. Konan var send til rannsóknar á sjúkrahús.**

**Bíllinn stöðvaðist loks þegar hann lenti á hlöðnum steinvegg sem afmarkaði einkalóð. Drengurinn slapp við meiðsl.** - sgj


ÍSLENSKA SIA.IS SGB 38165 07/06




Nýttu þér dýrmæta þekkingu og reynslu íslenskra garðyrkjubænda.

VELDU ÍSLENSKAR TRJÁPLÖNTUR, SÉRMERKTAR ÞÉR.

íslenskar garðplöntur


# Of seint að reyna að hylja slóð rógburðar

**Of seint er fyrir þá fjölmörgu sem hótuðu meintum drápara Lúkasar lífláti eða líkamsmeiðingum að hylja slóð sína. Lögmaður Helga lét taka afrit af síðum þar sem um hann var fjallað og verða þau hornsteinn rannsóknarinnar.**

**LÖGREGLUMÁL** „Það er búið að taka afrit af þessu öllu og því tilgangslaust fyrir fólk að reyna að hylja slóð sína núna," segir Erlendur Þór Gunnarsson, lögmaður Helga Rafns Gunnarssonar, sem hefur verið sakaður um að hafa drepið hund á Akureyri.

Erlendur segir að upplýsingarnar séu allar til og einungis tímaspursmál hvenær búið verði að rekja IP-tölurnar. Enn séu þó nokkrir læstar síður sem hann hafi ekki aðgang að. Hann á ekki von á öðru en að hýsingaraðilar og eigendur síðnanna veiti lögreglu aðgang að þeim.

„Við erum svolítið háðir lögreglunni í þessu máli. Hún þarf að óska eftir IP-tölunum hjá hýsingaraðilunum á síðunum sem eftir standa," segir Erlendur.

Spjallþræðir og blogg sem rægðu Helga Rafn voru ótalmörg á sínum tíma. Ábyrgir vefstjórar þurrkuðu óhróður og hótanir út, eins og auðið varð. Eftir að til hundsins sást í Hlíðarfjalli hafa enn fleiri netverjar haft ástæðu til að þurrka út fortíðina.

Eftir standa þó nokkrar síður og margir tenglar sem vísa í færslur sem nú eru horfnar. „Morðinginn heitir Helgi Rafn og hér er mynd af manninum," segir til dæmis á vefnum rottweiler.is. Undir skrifar Árdís Ösp Pétursdóttir, skráður eigandi lénsins.

Árdís Ösp vísar á spjallvefinn live2cruize.com, sem er læstur vefur bílaáhugamanna. Þar hafi Helgi verið nafngreindur. Eins má finna vísun í þann vef á barnalandi.is og á fleiri stöðum. Helgi mun hafa verið nafngreindur þar af ákveðnum netverja, sem ekki svaraði tölvupósti í gær.

Árdís hefur ekki brugðist við beiðni Fréttablaðsins um viðtal, né vilja eigendur lénsins live2cruize.is, þau Vilhelmína Eva Vilhjálmsdóttir og Steven Páll Rogers, tjá sig um neitt sem varðar vef þeirra og hlýða þar tilmælum lögfræðings þeirra.

klemens@frettabladid.is



**LÚKAS** Hundurinn hefur ekki sést síðan á sunnudaginn. Lagður er fyrir hann matur í Hlíðarfjalli, en hætt var við skipulagða leit eftir ráðgjöf sérfræðings.



**HELGI RAFN BRYNJARSSON** Á einni nóttu missti Helgi æruna á netinu. Mergð netverja taldi sjálfsagt að hóta honum líkamsmeiðingum og lífláti, vegna kjaftasögu. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

## REKINN VEGNA MÚGÆSINGS NETVERJA

Helga Rafni var vikið úr starfi ljósmyndara hjá pose.is, þegar mestu lætin dundu yfir. Að sögn Hallgríms Ingvarssonar, aðstandanda vefsins, var þetta gert í ljósi harkalegra viðbragða við kjaftasögunni.

„Mynd af Helga fór eins og eldur í sinu um netið og við fengum mörg tölvubréf þar sem ónafngreint fólk var jafnvel að kenna okkur um þetta. Við getum ekki borið ábyrgð á gjörðum ljósmyndaranna okkar, svo hann var settur í tímabundið leyfi meðan lögreglurannsókn stæði yfir."

Hallgrímur ætlar að skoða það hvort Helgi verði endurráðinn. „Við ætlum að ræða við hann og sjá hvað hann segir. Ef þetta er allt á misskilningi byggt þá gæti verið að við bjóðum honum vinnu aftur," segir hann.


Hentugt við grillið

einnota borðbúnaður á tilboðsverði

Tilboðið gildir út júlí 2007 eða meðan birgðir endast.

Á tilboði í júlí 2007

Plasthnífapör, pappadiskar og plastglös



Snæbjörn Árnason, sölumaður hjá RV

446 kr.

Pappadiskar 18cm, 100stk (10ík)

356 kr.

Pappadiskar djúpir 19cm, 50stk (20ík)

296 kr.

Pappadiskar 23cm, 50stk (20ík)

Rekstrarvörur - vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík

Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665

sala@rv.is • www.rv.is

25 ára Rekstrarvörur 1982–2007

TUNGLIÐ RV6238A


Ráðherra mun veita Iceland Express liðsinni sitt, verði eftir því óskað:

# Félagið fái aðstöðu í samgöngumiðstöðinni

**SAMGÖNGUR** „Við teljum að það sé hægt að koma Iceland Express að í samgöngumiðstöðinni þegar hún kemur eða með öðrum leiðum þangað til," segir aðstoðarmaður samgönguráðherra, Róbert Marshall.



**RÓBERT MARSHALL**

„Við höfum fundað með forstjóra Iceland Express og hann hefur kynnt okkur hugmyndir sínar. Samkeppni í innanlandsflugi er af hinu góða og því hljóta allir að leggjast á eitt við að leita að lausn á þessu máli. Verði óskað eftir liðsinni samgönguráðuneytisins við að leysa málið þá stendur ekki á henni," segir hann.

Forsvarsmenn Iceland Express fóru þess á leit við borgaryfirvöld í lok júnímánaðar að félagið fengi úthlutað lóð fyrir nýja flugstöð. Aðstoðarmaður borgarstjóra lýsti því yfir í Fréttablaðinu í gær að umsókninni yrði hafnað.

Matthías Imsland, forstjóri Iceland Express, segir að þrátt fyrir þetta sé hann bjartsýnn á að skynsamleg lending náist í málinu, enda séu allir góðir menn jákvæðir gagnvart samkeppni í innanlandsflugi.

Róbert Marshall tekur í sama streng. „Samgönguráðherra er að sjálfsögðu fylgjandi því að samkeppni verði í innanlandsflugi."



**REYKJAVÍKURFLUGVÖLLUR** Nokkrar deilur hafa staðið um hvort og hvernig aðstöðu Iceland Express fái við Reykjavíkurflugvöll. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Forstjóri Flugstoða, sem fara með rekstur Reykjavíkurflugvallar, hefur jafnframt lýst þessu yfir. - kóþ


HVERJIR DEYJA Í KVÖLD?
HARRY POTTER LEIKUR Í EYMUNDSSON KLUKKAN 23:01 Í KVÖLD
Nýja bókin kemur í kvöld klukkan 23:01!
Við höldum Harry Potter hátíð í Eymundsson Austurstræti 18, Smáralind og Hafnarstræti Akureyri í kvöld. Við léttum ykkur biðina með uppákomum og seyðandi töfradrykk.
Mundu að setja inn nafn og símanúmer svo við getum haft samband.
Harry Potter leikurinn.
Giskaðu á hvaða tvær söguhetjur deyja í bókinni, skrifaðu nöfn þeirra á legsteinana og afhentu síðuna við innganginn í kvöld. Þannig gætir þú átt möguleika á að vinna glæsilega viðhafnarútgáfu af fyrstu sex Harry Potter bókunum.
Nafn: ....................................................................................
Sími: ....................................................................................
HARRY POTTER
and the Deathly Hallows
J.K. ROWLING
Sjáumst í Eymundsson Austurstræti 18,
Smáralind og Hafnarstræti Akureyri!
Eymundsson
Bóksali frá 1872
JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

## VEISTU SVARIÐ?



1. *Hver hefur unnið áfangasigur gegn fótaóeirð?*
2. *Hver er álíka spennandi og mygluostur samkvæmt New York Times?*
3. *Hvaðan er knattspyrnuliðið HB sem FH vann 4-1?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 34

Nýr loftferðasamningur milli Íslands og Kanada var undirritaður á dögunum:

# Aukið frjálsræði í áætlunarflugi

**SAMGÖNGUR** Ísland og Kanada hafa áritað loftferðasamning sem veitir íslenskum flugfélögum víðtæk réttindi til flugs milli landanna.

Benedikt Jónsson sendiherra og Nadel Patel, aðalsamningamaður Kanada, árituðu samninginn 11. júlí síðastliðinn í Ottawa. Þetta er fyrsti loftferðasamningurinn milli ríkjanna og kemur í stað samkomulags vegna flugs Icelandair frá 2001. Samningurinn tekur þegar gildi.

Með samningnum fá íslensk flugfélög mikil réttindi til áætlunarflugs með farþega og farm til Kanada. Tíðni flugs, flutningsmagn og val á viðkomuáfangastað verður allt gefið frjálst.

Icelandair hefur í kjölfar áritunar samningsins ákveðið að hefja áætlunarflug til Toronto frá og með næsta vori. Jafnframt verða möguleikar á flugi til annarra borga í Kanada skoðaðir.

„Við höfum beðið lengi eftir að fá frjálsan aðgang að þessum markaði og erum tilbúin að fara inn á hann af krafti bæði hvað varðar farþegaflug og fragtflug,“ segir Jón Karl Ólafsson, forstjóri Icelandair.

- sgj



**SAMNINGURINN ÁRITAÐUR** Benedikt Jónsson og Nadel Patel árituðu samninginn í Ottawa.

Tívolí í Kópavogi:

## Engin ólæti í tívolíinu nýlega

**LÖGREGLUMÁL „Það var eitthvað um slagsmál og læti barna fyrstu dagana. Þá jukum við eftirlitið og þetta hefur gengið vel síðan,“ segir Gylfi Sigurðsson, varðstjóri í Kópavogsstöð lögreglunnar.**

**Eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu hafa slagsmál ungmenna átt sér stað nokkrum sinnum í tívolíinu síðan það var opnað laugardaginn 7. júlí. Fyrstu dagana fékk lögreglan þrjár tilkynningar um slagsmál og ólæti ungmenna.**

**Í kjölfarið brást lögreglan við og jók eftirlit við tívolíið og varð sýnilegri á svæðinu.**

-aví



**UNDIRRITUN Í ESJUHLÍÐUM** Magnús Jóhannesson, Vigdís Finnbogadóttir og Magnús Kristinsson við undirritun samstarfssamnings í gær.

Skógræktin og Toyota:

## Endurnýja samstarfið

**UMHVERFISMÁL** Skógræktarfélag Íslands og Toyota á Íslandi skrifuðu í gær undir samning um eflingu og endurnýjun á samstarfi sínu. Var samningurinn undirritaður í Esjuhlíðum að viðstaddri Vigdísi Finnbogadóttur, fyrrverandi forseta og heiðursfélaga Skógræktarfélagsins.

Samkvæmt nýja samningnum eykur Toyota stuðning sinn við skógrækt á Íslandi, bæði með árlegu fimm milljón króna fjárframlagi og afnotum af bifreiðum til skógræktarvinnu. Brynjólfur Jónsson, framkvæmdastjóri Skógræktarfélagsins, sagði það mikið fagnaðarefni fyrir félagið að endurnýja þetta samstarf.

- þeb

# Vilja að Íslendingar taki þátt í friðarumleitunum

**Ísraelskir þingmenn lýsa áhuga á að Ísland beiti sér í friðarumleitunum milli Ísraela og Palestínumanna. Utanríkisráðherra segir Íslendinga „geta gegnt hlutverki“. Alþjóðasamfélagið verði að láta sig málið varða.**

**VESTURBAKKINN, FRÉTTABLAÐIÐ** „Auðvitað getum við gegnt hlutverki,“ segir Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra um hugsanlega aðkomu Íslands að friðarumleitunum milli Palestínumanna og Ísraela, í samtali við Fréttablaðið um viðræður sínar við ísraelska og palestínska ráðamenn. Möguleikana á slíku hlutverki þurfi bara að meta, að sögn ráðherrans.

Ingibjörg Sólrún heimsótti Ramallah á Vesturbakkanum í gær og átti þar fundi með Mahmoud Abbas, forseta Palestínumanna, og Salam Fayyad, forsætisráðherra palestínsku neyðarstjórnarinnar sem Abbas skipaði eftir að svonefnd þjóðstjórn Fatah-hreyfingarinnar og Hamas-samtakanna leystist upp við vopnaða valdatöku Hamas á Gazasvæðinu í júní.

Auk þess átti hún fundi með Hanan Ashrawi, þekktum þingmanni á Palestínuþingi sem um árabil hefur verið meðal fulltrúa Palestínumanna í friðarviðræðum, og Mustafa Barghouti, sem er þekktur bæði sem læknir og palestínskur stjórnmálamaður.

Í viðræðum sem Ingibjörg Sólrún átti við þingmenn á Ísraelsþingi, Knesset, í fyrradag – þar á meðal við Yossi Beilin, þekktan friðarsinna – kom fram skýr áhugi á því að Íslendingar beittu sér í þágu friðar fyrir botni Miðjarðarhafs. Þingmennirnir bentu á að það væri ekki tilviljun að síðustu samningar náðust annars vegar í Genf og hins vegar Ósló, en bæði Sviss og Noregur standi fyrir utan „allar valdablokkir“.

Spurð hvort hliðstæður áhugi hefði komið fram í samtölum hennar við leiðtoga Palestínumanna segir Ingibjörg að þeir hafi almennt lýst því hve brýnt þeim þætti að alþjóðasamfélagið legði sig fram um að stuðla að lausnum á þeim vandamálum sem Palestínumann ættu við að glíma. „Mér fannst á Palestínumönnum að heyra að þeim væri sama hvaðan gott kæmi,“ segir hún. Þeir lögðu heilmikið traust á Norðmenn, sem hafi reynst þeim vel á undanförnum árum. „Aðalatriðið fannst mér vera hjá þeim að alþjóðasamfélagið léti sig þetta varða og þar skipti ekki máli hvort það væri Evrópusambandið, Bandaríkin, Norðurlöndin eða Ísland.“



**MÁLIN RÆDD** Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra og Mahmoud Abbas, forseti Palestínumanna áttu fund á Vesturbakkanum í gær. MYND/AUÐUNN ARNÓRSSON

Hanan Ashrawi sagði í samtali við Fréttablaðið að „öll lönd sem sýni áhuga á að beita sér geti haft áhrif“. Ísland gæti, sem virkur meðlimur Sameinuðu þjóðanna með ímynd friðar-, lýðræðis- og mannréttindahyggju, að minnsta kosti beitt fortölum á hinu alþjóðlega sviði. „Við vitum að við getum ekki gert okkur ýktar væntingar um hlutverk Íslands. En við vitum líka að við þurfum á öllum vinum að halda sem völ er á,“ segir Ashrawi, og bætir við: „Og friðarferlið kemst ekki á nema með samstilltu átaki til að færa því aftur lögmæti og hjálpa Palestínumönnum að fást við vandamálin og losna undan hernáminu og byggja upp eigið ríki.“

audunn@frettabladid.is




ÍSLAND - DANMÖRK

Kópavogsvöllur, Fös. 20. júlí - kl. 19.15

ALLIR Á VÖLLINN!

UEFA WOMEN'S UNDER19 CHAMPIONSHIP Iceland 2007

KIA MOTORS The Power to Surprise™

KIA umboðið á Íslandi er í eigu HEKLU.

KIA • Laugavegi 172 • Reykjavík • sími 590 5700 • www.kia.is

MEGANE
VERTU Á ÖRUGGASTA BÍLNUM

Öruggur sumarglaðningur

# Megane Expression Comfort sjálfskiptur

Verð áður kr. 2.340.000

**Verð nú kr. 2.190.000**

**Bílasamningur kr. 29.990 á mánuði m.v. enga útborgun.**
**Bílasamningur kr. 21.797 á mánuði m.v. 30% innborgun*.**

*Bílasamningur: 30% útborgun og mánaðarlegar greiðslur í 84 mánuði, sem eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta. Gengiskarfa 50% JPY / 50% CHF.




EURO NCAP MEGANE ★★★★★

Megane Expression Comfort;
1.6 l bensínvél, 115 hö, sjálfskiptur, eldsneytisnotkun í blönduðum akstri frá 7,7l/100km.
ABS með EBD bremsujöfnun, regnskynjari, beltastrekkjarar með dempurum í öllum sætum, þar af tvöfaldir í framsætum, leðurklætt stýri, aksturstölva, útihitamælir, loftkæling, RDS fjarstýrð hljómtæki með 6 hátölurum, CD og Mp3 spilara, armpúði milli sæta, rúmgóð geymsluhólf milli sæta í hurðum og í gólfi, þokuljós og samlitun.

Bíll á mynd: Renault Megane Expression Comfort með álfelgum. www.renault.is

**B&L** – Grjóthálsi 1 – 110 Reykjavík – 575 1200 – www.bl.is

Með bílinn handa þér



**PÍLAGRÍMAGANGA TRÚÐANNA** Hundruð trúða héldu í sína árlegu pílagrímagöngu í Mexíkóborg í gær. Þessi heldur á mynd af mærinni frá Guadalupe. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Heilbrigðisráðuneytið leggur fram fé til að greiða bakvakt sjúkraflutningamanns:

# Læknir með í för ef þörf þykir

**HEILBRIGÐISMÁL** Heilbrigðisráðuneytið hefur lagt fram fé til að greiða bakvakt annars sjúkraflutningamanns á upptökusvæði Heilsugæslustöðvarinnar í Borgarnesi. Ingþór Friðriksson, yfirlæknir heilsugæslustöðvarinnar, segir að í umræðu um sjúkraflutninga í dreifbýli gæti nokkurs misskilnings. Vernharð Guðnason, formaður Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, hefur gagnrýnt harðlega að einn sjúkraflutningamaður sé sendur í útköll og sjái um flutninga sjúklinga um langan veg. Hefur hann sérstaklega tiltekið upptökusvæði í Borgarfirði og á Snæfellsnesi.



**AÐSTOÐ Á SLYSSTAÐ** Læknir í Borgarnesi telur misskilnings gæta í umfjöllun um sjúkraflutninga í strjálbýli. MYND/GUÐMUNDUR ÞÓRIR

Ingþór segir að til undantekninga heyri að sjúklingar fari einir með sjúkrabílstjóra og aðeins þá eftir mat læknis. Hann segir að í Borgarnesi séu að jafnaði einn læknir og einn sjúkraflutningamaður á vakt. Læknir sé staðsettur á vöktum í Borgarnesi svo og sjúkraflutningamaður. Tveir fullbúnir sjúkrabílar eru einnig á Heilsugæslustöðinni Borgarnesi.

„Þá er tækjabíll á vegum slökkviliðsins mannaður af slökkviliðsmönnum sem flestir hafa réttindi sjúkraflutningamanna,“ segir Ingþór. „Í sjúkraflutninga fer læknir með sjúkraflutningamanni nema læknir telji þess ekki þörf. Þá fer læknir með sjúklingi á sjúkrahús sé talin þörf á því.“ - shá

Íraksþing fullskipað á ný:

# Súnníar mættu til þings í gær

**ÍRAK, AP Stærsti þingflokkur súnní-múslíma í Írak mætti á ný til þings í gær eftir að hafa hunsað þinghaldið í fimm vikur.**

**Þingfundinum stjórnaði Mahmoud al-Mashhadani, sem var þingforseti þar til sjíameirihlutinn á þinginu samþykkti að víkja honum úr starfi. Þetta gerðist 11. júní síðastliðinn, og varð til þess að Íraska samstöðufylkingin, stærsti flokkur súnnía á þinginu, ákvað að mæta ekki til þings.**

**Varaforseti þingsins, Khaled al-Attiya, hefur stjórnað þingfundum síðan, en hann er sjía-múslími** - gb

Árekstur fyrir Dýrafirði:

# Tveir bátar skullu saman

**LÖGREGLUMÁL Tveir bátar lentu í árekstri fyrir mynni Dýrafjarðar klukkan sjö á þriðjudagskvöld. Einn var í hvorum bátnum og sluppu báðir ómeiddir.**

**Annar báturinn maraði í kafi en það tókst að draga hann í land. Hinn sigldi í land, lítið laskaður. Ekki er vitað hvað olli árekstrinum, en málið er í rannsókn hjá lögreglunni á Vestfjörðum.** - sgj

**ELDSVOÐI**

## Sinubruni í torfþaki húss

Slökkvilið var kallað út að húsi við Laugabakka í Mosfellssveit klukkan fjögur aðfaranótt miðvikudags. Sinueldur logaði í torfþaki hússins. Greiðlega tókst að slökkva eldinn og litlar sem engar skemmdir urðu. Lögreglan er með málið til rannsóknar.

Árni Þór Sigurðsson, borgarfulltrúi í Reykjavík, vísar orðum kollega síns á bug:

# Segir ómaklega vegið að R-lista

**UMFERÐ** Árni Þór Sigurðsson, borgarfulltrúi Vinstri grænna, vísar því á bug að skýrsla Sjóvár Forvarnahúss um umferðarslys í borginni sé áfellisdómur yfir R-listanum. Gísli Marteinn Baldursson, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokks, lét þau orð falla í grein Fréttablaðsins í gær. Í skýrslunni kemur fram að umferðaróhöppum í Reykjavík fjölgaði um þriðjung á síðasta ári miðað við árið á undan.



**ÁRNI ÞÓR SIGURÐSSON**

„Mér finnst þetta ómakleg ummæli hjá honum því við höfum öll verið sammála um að bæta umferðaröryggi í borginni,“ segir Árni. „Fyrir um tíu árum var unnin umferðaröryggisáætlun sem var prýðilega góð samstaða um, og öllum markmiðum hennar um fækkun alvarlegra slysa og banaslysa var náð. Það er ekki hægt að vera á móti því að auka umferðaröryggi.“

Um orð Gísla Marteins varðandi tregðu R-listans til að breyta gatnamótum Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar, þar sem flest slys verða á landinu, í mislæg gatnamót segir Árni að farið hafi verið í endurbætur á gatnamótunum fyrir brot af þeim fjármunum sem mislæg gatnamót kosta. „Mislæg gatnamót á þessum stað auka umferðarhraðann og færa flöskuhálsinn bara eitthvert annað.“ - sþs



**BÍLL VIÐ BÍL** Samkvæmt skýrslu Sjóvár Forvarnarhúss urðu flest umferðaróhöpp á Miklubraut í fyrra. Gatnamót Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar voru þau tjónamestu á öllu landinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Átti að drepa Berezovsky:

# Flýði Bretland í síðasta mánuði

LONDON, AP Boris Berezovsky, rússneski auðkýfingurinn sem rússnesk stjórnvöld vilja fá framseldan vegna meintra fjársvika og gruns um að hann hafi ætlað að steypa Pútín Rússlandsforseta af stóli, flýði Bretland í vikutíma í síðasta mánuði eftir að breska leyniþjónustan Scotland Yard komst á snoðir um að það ætti að drepa hann.

Berezovsky fékk pólitískt hæli í Bretlandi árið 2003. Hann hefur meðal annars sagt að Pútín hafi látið drepa fyrrverandi KGB-manninn Alexander Litvinenko í London í fyrra.

Breska lögreglan hefur staðfest að hafa handtekið mann í London sem er grunaður um að hafa ætlað að drepa Berezovsky - ifv




Forseti Sri Lanka fagnar sigri á tamílum:

# Efndi til sigurhátíðar

**SRI LANKA, AP** Mahinda Rajapakse, forseti Sri Lanka, hrósaði gær hersveitum sínum í hástert fyrir sigur á uppreisnarhópum tamíla á austurhluta eyjunnar. Hann orðaði það svo að herinn hefði unnið sigur á „djöfullegum hryðjuverkaöflum“, en sagðist samt ætla að leysa úr vanda tamíla á eyjunni.

Stjórnarherinn náði í síðustu viku á sitt vald svæði á austurhluta eyjunnar, svæði sem tamílar hafa haft á sínu valdi í meira en áratug. Þrátt fyrir að tamílar ráði enn yfir nokkuð stórum svæðum á norðurhluta eyjunnar þykir árangur stjórnarhersins í austurhlutanum mikill sigur fyrir Rajapakse forseta, sem hefur gagnrýnt harðlega friðarsamkomulagið frá 2002.

Hvorki stjórnarherinn né tamílarnir hafa formlega sagt upp samkomulaginu, sem Norðmenn höfðu milligöngu um á sínum tíma, en engu að síður hefur það í reynd ekki verið virt í nærri tvö ár. Harðir bardagar hafa brotist út reglulega milli stjórnarhersins og tamíla, sem vilja stofna sjálfstætt ríki á hluta eyjunnar.



**SIGURREIFIR RÁÐAMENN** Rajapakse forseti, sem er hægra megin á myndinni, talar við W.J.M. Lokubandara þingforseta á meðan forsetafrúin fylgist með hersýningunni. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Rajapakse fagnaði sigrinum með því að efna til mikillar hátíðar í gærmorgun, sem helst minnti á þjóðhátíð og var sjónvarpað beint. Tamílar bera sig hins vegar hraustlega og segjast engan veginn hafa gefið austursvæðið upp á bátinn. - gb



**ALLT Á HVOLFI** Verkamenn og lögregla stumra yfir skotbómulyftara sem fór á hvolf við Valsheimilið um tvöleytið í gær. Lyftarinn var að hífa upp steypuklumpa og ætlunin var að færa þá til. Eitt dekkið fór út fyrir kantinn og féll þá lyftarinn ofan í grunninn. Ökumaðurinn slapp ómeiddur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Samkeppni um skipulag:

# Mikill áhugi á Vatnsmýrinni

**SKIPULAGSMÁL** Hugmyndasamkeppni um skipulag Vatnsmýrarinnar stendur yfir og er niðurstaðna úr fyrri hluta að vænta á næstu dögum.

Mjög góð þátttaka var í þessu fyrra þrepi. Verða 15 til 25 af þeim tillögum sem bárust valdar áfram í seinna þrep.

Seinna þrep hugmyndasamkeppninnar hefst í dag og verður endanleg niðurstaða kynnt í nóvember. Þá mun Reykjavíkurborg ganga til viðræðna við höfunda verðlaunatillagna og einhverjir þeirra munu hljóta samning um skipulagningu á hluta af Vatnsmýrarsvæðinu. - þeb

Fyrrverandi forseti Frakklands yfirheyrður vegna gamals spillingarmáls:

# Chirac hugsanlega ákærður

**PARÍS, AP** Fyrrverandi forseti Frakklands, Jaques Chirac, var í gær yfirheyrður í fjóra tíma vegna rannsóknar á spillingarmáli flokks hans, RPR, sem nær aftur til tímans þegar hann var borgarstjóri Parísar árin 1977 til 1995. Er þetta alvarlegasta dómsmálið af nokkrum sem nú steðja að Chirac þegar hann nýtur ekki lengur friðhelgi sem forseti.

Chirac hefur sérstaka stöðu vitnis sem samkvæmt frönskum lögum er mitt á milli þess að vera almennt vitni og grunaður maður. Hann er ekki formlega undir grun en getur átt yfir höfði sér ákærur þegar líður á rannsóknina. Þetta er í fyrsta skipti sem franskur forseti hefur slíka réttarstöðu.



**JACQUES CHIRAC** Gamlar syndir skjóta upp kollinum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Málið snýst um að platstörf voru búin til hjá Parísarborg fyrir starfsmenn RPR til að koma þeim á launaskrá borgarinnar. Þannig hafi jafnvirði margra milljóna króna í laun og þóknanir runnið til flokksins.

Í grein sem Chirac fékk birta í franska dagblaðinu Le Monde á þriðjudaginn segir hann lengi vel engar reglur hafa gilt um fjármögnun flokka og að lög hafi fyrst verið sett til að reyna að laga það á árunum 1988 til 1995. „Á fáum árum þurftum við að færa okkur úr kerfi venju og fyrirkomulags yfir í skýrt skilgreint lagaumhverfi.“ Chirac sagðist frá árinu 1984 hafa beitt sér fyrir auknu gegnsæi í fjármögnun RPR. - sdg

Óheppinn maður:

# Var handtekinn af misgáningi

**BANDARÍKIN Maður frá Georgíu í Bandaríkjunum eyddi næstum sólarhring í fangelsi í vikunni þegar lögregla handtók hann í misgripum. Maðurinn sem þeir ætluðu að handtaka heitir sama nafni og á sama afmælisdag.**

**Maðurinn keyrði aftan á bíl og þegar lögreglumaður tók skýrslu fékk hann að vita í talstöð að maðurinn væri eftirlýstur og handtaka ætti hann á staðnum. Maðurinn sagði lögreglu ítrekað að hann væri ekki hinn seki, en án árangurs.**

**Maðurinn heitir Michael Jordan, en er þó ekki tengdur nafna sínum körfuboltahetjunni.** - sgj



**BORGARNES** Byggðarráð Borgarbyggðar vill stofna nýsköpunarsjóð Vesturlands.

Áskorun til stjórnvalda:

# Móti raunhæfa byggðastefnu

**BYGGÐAMÁL** Byggðarráð Borgarbyggðar skorar á ríkisstjórn Íslands að móta nú þegar byggðastefnu sem styrkir búsetu á landsbyggðinni.

Byggðarráðið segir ljóst að byggðaþróun sé samspil breyttrar tækni og menningar en síður afleiðing af einstaka ákvörðunum stjórnvalda. Mikilvægt sé að mótuð verði stefna um uppbyggingu opinberrar þjónustu sem styðji við eðlilega og raunhæfa byggðaþróun. - pal


Fyrir heilsuna



vilborga@centrum.is

magimix

Safapressa

Með Magimix safapressunni má töfra fram girnilega og heilsusamlega drykki með lágmarks fyrirhöfn.

**Verð frá kr.: 23.500**

GJAFABRÉF

EIRVÍK

-hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík
Baldursnes 6, Akureyri
Sími 588 0200 - **www.eirvik.is**

**Aðrir söluaðilar: Kokka**, Laugavegi, **Egg, Smáratorgi Villeroy & Boch**, Kringlunni, **Líf og list**, Smáralind **Maður lifandi**, Borgartúni og Hæðarsmára



SIMPLY CLEVER

Fjölskylduskemmtun árið um kring í boði Skoda

FÁÐU ÁRSMIÐA FYRIR FJÖLSKYLDUNA Í FJÖLSKYLDU- OG HÚSDÝRAGARÐINN

HVITA HÚSIÐ/SÍA - 7480



**Skoda**Octavia

**Skoda** Octavia er þekktur fyrir að vera áreiðanlegur og eyðslugrannur. Nú bjóðum við með í kaupum á nýjum Skoda Octavia kort fyrir alla fjölskylduna í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn í heilt ár.

**Skoda** Octavia með 1,9 lítra **TDI**® dísilvél sannar að afl og hagkvæmni geta farið saman. Vélin skilar 105 hestöflum en eyðslan er einungis 4,9 lítrar í blönduðum akstri á hverja 100 km.

**Skoda Octavia – skemmtilegur fjölskyldumeðlimur**

FJÖLSKYLDU- OG HÚSDÝRAGARÐURINN

**HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is**
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranesi · Ísafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi



**TÍSKUSÝNING** Fyrirsæta sýnir framandi klæðnað á tískusýningu í Kína. Kínverskir tískuhönnuðir njóta sífellt meiri virðingar í tískuheiminum.

Enn ríkir ósætti um leiguverð á nemendagörðum Bifrastar:

# Skoðað í samvinnu við íbúa

**FÉLAGSMÁL** Ekki hefur verið leyst úr deilum vegna hækkunar á leiguverði á nemendagörðum Háskólans á Bifröst. Hluti nemenda er ósáttur vegna hækkana sem bitna mest á fjölskyldufólki.

Á mánudag héldu forsvarsmenn skólans og íbúar fund vegna málsins. Ágúst Einarsson rektor sagði að á fundinum hefði verið farið yfir málið og spurningum verið svarað. „Málið verður áfram skoðað í samvinnu við íbúasamtök. Þetta eru ákvarðanir sem haft er samráð um,“ segir Ágúst.

Að sögn eins nemanda fengust þó lítil svör á fundinum en hann segir stjórn skólans hafi skýlt sér á bak við það að húsnæðið væri dýrt. „Þetta er ekkert dýrara en annað húsnæði. Samt er leigan mun hærri en í sams konar íbúðum í Reykjavík og á Akureyri,“ segir nemandinn sem Fréttablaðið ræddi við. Hann segir einnig að margir nemendur íhugi að leita húsnæðis annars staðar ef ekki fást svör fyrir fyrsta ágúst. Sumir eru jafnvel að skoða nám í öðrum skólum. „Það er ekki hægt að standa undir þessu lengur. Maður getur ekki lagt meira á sig,“ segir neminn, sem sjálfur er í tveimur aukavinnum samhliða námi. - þeb



**HÁSKÓLINN Á BIFRÖST** Deilur hafa staðið um breytingu á leiguverði á nemendagörðum skólans.

Starfsmenn í dýragarði:

## Seldu kjöt úr dýragarðinum

**ÞÝSKALAND Starfsmenn í dýragarðinum í Erfurt í Þýskalandi hafa verið sakaðir um að skjóta dýr í garðinum og selja kjötið af þeim án leyfis. Þetta kom fram í fréttum ITV.**

**Ekki er vitað hvers konar dýrum starfsmennirnir slátruðu. „Við höfum áhyggjur af því að þetta sé einungis toppurinn á ísjakanum,“ sagði yfirmaður dýraverndunarsamtaka í Þýskalandi.**

**Talskona borgarstjórans greindi frá þessu á miðvikudag og sagði málið vera í höndum saksóknara.** - sgj

Öryggi útlendinga:

## Eldvarnir á sjö tungumálum

**ÖRYGGISMÁL** Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands (EBÍ) hefur gefið út bæklinga um grunnatriði eldvarna á sjö tungumálum, auk íslensku. Efnið er ætlað innflytjendum og útlendingum sem búa og starfa hér á landi.

Bæklingarnir eru tveir og í þeim er fjallað um reykskynjara, flótta úr brennandi íbúð, slökkvitæki og fleiri grunnatriði eldvarna á heimilum. Þá er fjallað um neyðarnúmerið 112 og hjálparsíma Rauða krossins.

Alþjóðahúsið þýddi efnið á ensku, pólsku, rússnesku, litháísku, spænsku, taílensku og serbnesku. EBÍ vill með útgáfu bæklinganna tryggja að slökkvilið geti veitt nýjum íbúum sveitarfélaga upplýsingar sem stuðla að auknu öryggi þeirra. - shá

Nýir ruslastampar taka tvöfalt meira rusl en þeir sem fyrir voru:

# Minna rusli hent á göturnar

**UMHVERFISMÁL** „Ég varð voðalega glaður þegar nýju stamparnir komu. Þeir gefa borginni töluvert fallegri svip og taka meira rusl,“ segir Guðni Hannesson eftirlitsmaður sem hefur eftirlit með hreinsun borgarinnar.

Yfir hundrað nýjum ruslastömpum hefur verið komið fyrir í miðborginni, niður Laugaveg, Skólavörðustíg og í Kvosinni, í stað þeirra gömlu grænu sem flestir kannast við hangandi á ljósastaurum.

Nýju stamparnir eru boltaðir niður á steypta hellu og eru gríðarlega sterkir. „Það var sífellt verið að berja botninn neðan úr þeim gömlu þannig að ruslið fór allt aftur í götuna. Það er hins vegar illgerlegt að skemma þessa nýju,“ segir Guðbjartur Sigfússon, deildarstjóri gatnadeildar Framkvæmdasviðs Reykjavíkurborgar.



**GAMALL STAMPUR**



**NÝR STAMPUR**

Nýju stamparnir taka nærri tvöfalt meira magn af rusli en þeir gömlu. Starfsmönnum borgarinnar þótti því líklegt að þá þyrfti að tæma sjaldnar. Svo er ekki. „Það þarf að tæma þessa nýju stampa jafnoft og þá gömlu. Á góðviðrisdögum þarf jafnvel að tæma tvisvar á dag,“ segir Guðni.

„Við sjáum að það er minna rusl á götunum á virkum dögum en ég get ekki séð að ruslið í bænum hafi minnkað um helgar,“ segir hann. - aví

Innanríkisráðherra Bretlands:

## Reykti kannabis á yngri árum

**LONDON, AP** Nýr innanríkisráðherra Bretlands, Jacqui Smith, sagðist hafa reykt kannabis á yngri árum í viðtali við Sky-fréttastofuna í gær. Yfirlýsing Smiths vakti mikla athygli en daginn áður hafði Gordon Brown forsætisráðherra tilkynnt að Smith myndi leiða endurskoðun á ákvörðun stjórnvalda fyrir þremur árum um að lækka refsingu fyrir vörslu fíkniefna.

Nokkur dæmi eru um að breskir stjórnmálamenn hafi viðurkennt neyslu kannabis á yngri árum án þess að það hafi haft áhrif á stöðu þeirra. David Cameron, leiðtogi Íhaldsflokksins, hefur þó ávallt neitað að svara því á þeirri forsendu að stjórnmálamenn eigi rétt á sinni fortíð áður en stjórnmálaferillinn hófst. - sdg


# Kátt í Kjósinni



**Hjartanlega velkomin á opinn dag í Kjósinni 21. júlí frá kl. 13.00.**

- Sveitamarkaður í Félagsgarði; handverk, matvæli, lifandi tónlist o.fl.
- Frítt á golfvöllinn í Hvammsvík. Kajakkynning. Hestar teymdir undir börnum.
- Erindi um keltneska menningu í Hvalfirði kl. 15:00 í Eyrarkoti.
- Frítt í veiði í Meðalfellsvatni í boði Kaffi Kjósar.
- Mjólkurvinnsla, nautaeldi og lífræn grænmetisrækt kynnt.
- Börnin hitta kýr, ær, hesta, hænur, hunda og ketti...

**... og þannig má áfram telja. Útivist, skemmtun og fróðleikur fyrir alla fjölskylduna.**

**Allar nánari upplýsingar á www.kjos.is**

KAUPÞING

# Þú ferð ríkari héðan!

Engin býður meiri gæði á lægra verði – kynntu þér málið.




SUMAROPNUN: Virka daga frá kl. 11-19, fimmtudaga frá kl. 11-21, laugardaga frá kl.11-18 og sunnudaga frá kl. 13-18

## SETTU ÞAÐ SAMAN HTH



202.048,-

Hvít háglans/4000

NÝTT 2007

ORMSSON LÁN: Mánaðarleg jöfn afborgun í 48 mánuði : Kr. 5.858.-

## HTH gæðin kosta minna ef *þú setur það saman …*

**Af hverju að borga meira?**
HTH er leiðandi í framleiðslu innréttinga á Norðurlöndum og býður besta verð sem völ er á fyrir þá sem vilja sjálfir taka þátt í uppsetningu á eigin eldhúsi. Gerðu verðsamanburð og þú munt komast að því að Settu það saman línan frá HTH kostar minna en sambærilegar innréttingar á markaðinum.

**Vönduð framleiðsla og þitt öryggi.**
HTH er viðurkennt og þekkt víða um heim fyrir framúrskarandi framleiðslu. Þú getur treyst því að reynsla og metnaður HTH skilar sér beint í ódýru línuna – ætluð þeim sem vilja mikið fyrir lítið. Vandaður frágangur og smekklegt úrval fylgihluta eru helstu einkenni Settu það saman línunnar frá HTH.

**Einfalt og þægilegt.**
Fagleg útsjónarsemi og markviss hönnun fagmanna HTH er lykillinn að þessum glæsilegu innréttingum. Settu það saman er kerfi sem auðvelt er að raða saman og fella að hvaða plássi sem er – og að þeim kröfum sem gerðar eru til geymslurýmis í eldhúsinu.

**Stíllinn og áferðin skipta sköpum.**
Í Settu það saman kerfinu eru 11 mismunandi litir, áferðir og efni á skúffum og skápahurðum einnig er mikið úrval af höldum. Gegnheilar hillur úr beyki og mahogni bjóða upp á skemmtilega möguleika – einfalt, stílhreint og nútímalegt.

***Líttu inn og sjáðu með eigin augum úrvalið af fallegum innréttingum sem þú getur auðveldlega sett saman.***

## GLÆSILEGAR INNRÉTTINGAR Á VÆGU VERÐI





Frítt teikniforrit á www.gds-hth.dk og þú hannar þitt draumaeldhúsið auðveldlega.

**SMÁRALIND · Sími 530 2907 / 530 2908**

## ÞEGAR VANDA SKAL VALIÐ HLÝTUR SAMSUNG AÐ KOMA UPP Í HUGANN

Innbyggður stafrænn DVB-T sjónvarpsmóttakari
Upplausn: 1366 x 768
Skjáform: 16:9 (breiðtjald)
Svartími: 8 millisekúndur
Contrast: 7000:1
Birta: 500 cd/m2
Sjónsvið: 178°/178°
HDMI x 2, Component,
SCART x 2,
PC (D-sub) og S-video

LCD

Samsung LE26S86BDX
**26" LCD sjónvarpstæki**
**Verð : 99.900,-**

Samsung LE32S86BDX
**32" LCD sjónvarpstæki**
**Verð : 119.900,-**

Samsung LE37S86BDX
**37" LCD sjónvarpstæki**
**Verð : 179.900,-**

Samsung LE40S86BDX
**40" LCD sjónvarpstæki**
**Verð : 199.900,-**





PLASMA

Innbyggður stafrænn DVB-T sjónvarpsmóttakari
Upplausn: 1024 x 768 (42")
1366 x 768 (50")
Skjáform: 16:9 (breiðtjald)
Contrast: 15000:1
HDMI x 3, Component,
SCART x 2,
PC (D-sub) og S-video

Samsung PS42Q96BDX
**42" Plasma sjónvarpstæki**
**Verð : 239.900,-**

Samsung PS50Q96BDX
**50" Plasma sjónvarpstæki**
**Verð : 319.900,-**

ORMSSON LÁN 48 MÁNAÐA — ÁN KREDITKORTS





## AEG ELDHÚSPAKKINN

AEG Competence
Ofn og helluborð
B-4101-4-M (ofn)
6000K-MN (helluborð)

**EINSTAKT TILBOÐSVERÐ: 99.900 kr.**



AEG
FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI

AEG uppþvottavél
50862U-W hvít
Íslenskt stjórnborð
5 kerfi · Mjög hljóðlát

**EINSTAKT TILBOÐSVERÐ: 69.900 kr.**



AEG
FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI

AEG þvottavél
LAVAMAT 64810
Íslenskt stjórnborð
6 kg · 1400 sn/mín

**EINSTAKT TILBOÐSVERÐ: 79.900 kr.**

Nú er rétti tíminn fyrir þig
að gera góð kaup á ÚRVALS merkjum.
Gríptu tækifærið!
Velkomin í óvenjulega verslun!

ORMSSON

www.ormsson.is

ORMSSON — Lokað á laugardögum
ÁRVIRKINN, SELFOSSI · Sími 480 1160

ORMSSON — Lokað á laugardögum
AKUREYRI · Sími 461 5003

SMÁRALIND · Sími 530 2900

# ÁVÖXTUN S

## SKULDABRÉFASJÓÐIR

Nafnávöxtun sl. 12 mán. m.v. 30. júní 2007

### PENINGAMARKAÐSSJÓÐIR

| | |
|---|---|
| Peningamarkaðssjóður [3] | 13,9% |
| Kaupthing Liquidity Fund EUR [1,3] | 4,8% |
| Kaupthing Liquidity Fund USD [1,3] | 6,2% |
| Kaupthing Liquidity Fund GBP [1,3] | 5,7% |

### ÍSLENSK SKULDABRÉF - SKAMMTÍMA

| | |
|---|---|
| Skammtímasjóður [3] | 5,8% |
| Hávaxtasjóður [3] | 3,0% |

### ÍSLENSK SKULDABRÉF - MEÐALLÖNG

| | |
|---|---|
| Ríkisverðbréfasjóður - millilangur | 5,4% |

### ÍSLENSK SKULDABRÉF - LÖNG

| | |
|---|---|
| Ríkisverðbréfasjóður - langur | 3,4% |

## HLUTABRÉFASJÓÐIR

Nafnávöxtun sl. 12 mán. m.v. 30. júní 2007

### ÍSLENSK HLUTABRÉF

| | |
|---|---|
| ÍS-15 [3] | 57,4% |
| Heildarvísitölusjóður [2] | 56,1% |
| Icelandic Equity | 55,0% |
| ICEQ | 54,5% |
| Úrvalsvísitölusjóður | 54,3% |

### BLÖNDUÐ VERÐBRÉF

| | |
|---|---|
| KB Samval [3] | 23,9% |
| Eignastýringarsjóður [3] | 21,2% |

### ALÞJÓÐLEG HLUTABRÉF - GLOBAL

| | |
|---|---|
| Kaupthing Fund - Global Value | 6,6% |
| KMS Global Equity | 1,5% |
| KB Erlend hlutabréf | 0,6% |

### ALÞJÓÐLEG HLUTABRÉF - MARKAÐIR

| | |
|---|---|
| KMS BRIC | 24,5% |
| Kaupthing Fund - Nordic Growth | 13,0% |
| KMS Emerging Market | 12,9% |
| KMS Europe | 9,5% |
| KMS N-America | -2,7% |
| KMS Asia Pacific | -8,3% |

1 Tímabilið 31. des. 2006 - 30. jún. 2007 á ársgrundvelli.
2 Áður Einingabréf 9.
3 Fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Fjárfestingarsjóður telst vera áhættusamari fjárfesting en verðbréfasjóður. Meiri áhætta fjárfestingarsjóðs er fólgin í rýmri fjárfestingarheimildum sem geta m.a. leitt til minni áhættudreifingar en í verðbréfasjóði.

ENNEMM / SIA / NM28839

# SJÓÐA 2007

**LÍFEYRISSPARNAÐUR**

Nafnávöxtun sl. 12 mán. m.v. 30. júní 2007

| | |
|---|---|
| **FRJÁLSI LÍFEYRISSJÓÐURINN** | |
| Frjálsi 1 | 8,4% |
| Frjálsi 2 | 7,4% |
| Frjálsi 3 | 8,2% |
| **VISTA** | |
| Vista 1 | 12,1% |
| Vista 2 | 12,3% |
| Vista 3 | 8,4% |
| Vista 4 | 5,3% |
| Vista 5* | 10,4% |
| Vista, erlend hlutabréf | 1,4% |
| Vista, innlend hlutabréf | 55,5% |
| Vista, innlend skuldabréf | 3,7% |
| **LÍFEYRISAUKI** | |
| Lífeyrisauki 1 | 11,4% |
| Lífeyrisauki 2 | 11,9% |
| Lífeyrisauki 3 | 8,1% |
| Lífeyrisauki 4 | 4,7% |
| Lífeyrisauki 5* | 10,2% |
| Lífeyrisauki, erlend hlutabréf | 1,5% |
| Lífeyrisauki, innlend hlutabréf | 57,2% |
| Lífeyrisauki, innlend skuldabréf | 3,3% |

* Verðtryggðir innlánsreikningar

Með fjölbreyttu úrvali verðbréfa- og lífeyrissjóða mætir Kaupþing þörfum viðskiptavina sinna, einstaklinga jafnt sem stærri fjárfesta, hvort sem þeir fjárfesta til lengri eða skemmri tíma.

Nánari upplýsingar og ráðgjöf veita lífeyris- og verðbréfaráðgjafar Kaupþings í síma 444 7000 eða á radgjof@kaupthing.is.

KAUPÞING

*Hugsum lengra*

## „ORÐRÉTT"

### Annmarkar djöfulsins

**„Jafnvel djöfullinn getur ekki logið jafn miklu og Hamas."**

MAHMOUD ABBAS, FORSETI PALESTÍNU, ER EKKI HRIFINN AF HAMAS.

Fréttablaðið, 19. júlí.

### Þyngra en tár

**„Þetta er náttúrulega þyngra en tárum tekur að horfa upp á."**

MAGNÚS SKÚLASON, YFIRLÆKNIR RÉTTARGEÐDEILDARINNAR AÐ SOGNI, SEGIR MEÐHÖNDLUN Á FÍKLUM ÁBÓTAVANT.

Fréttablaðið, 19. júlí.

# tilveran
*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** ÓMAR RAGNARSSON FJÖLMIÐLAMAÐUR

## Á kafi í gerð margra heimildarmynda



„Ég er nú hérna austur við Hálslón, hef verið þar meira og minna í allt vor," segir Ómar Ragnarsson, fjölmiðlamaður og formaður Íslandshreyfingarinnar, sem vinnur nú að gerð heimildarmyndar um svæðið sem hverfur undir vatn vegna Kárahnjúkavirkjunar. „Við erum að halda áfram að gera myndina. Það hefur gengið mjög vel, mikið basl og svoleiðis. Þetta er eins og með alla útgerð.

Ég hef verið mikið einn, en Friðþjófur Helgason, Völundur Jóhannesson og Sigurður Grímsson hafa eitthvað verið með mér. Ég er byrjaður að gera heimildarmynd um næstu virkjanasvæði sem eru á döfinni. Þannig að það er nóg að gera, í raun alltof mikið að gera hjá mér.

Við erum með mjög gott myndefni, þessi mynd verður ekki lík neinni annarri sem hefur verið sýnd. Það þarf að taka almennilegar myndir af fossunum sem hverfa og öðru lóni sem við þurfum að sigla á.

En það hefur aldrei verið meira að gera í umhverfismálum, það hafa verið stóriðjufréttir daglega í fjölmiðlum og stundum upp í fjórar, fimm á dag."

## ÓBREYTTUR Í ÁRATUGI

Stöðumælirinn var fundinn upp á fyrri hluta fjórða áratugarins af Bandaríkjamanninum Carl Magee. Fyrsti mælirinn var settur upp árið 1935 í Oklahoma-borg og fóru þeir í almenna dreifingu árið eftir. Stöðumælar breyttust lítið sem ekkert fyrstu áratugina. Þannig kannast margir enn í dag við mæla þar sem mynt er stungið í rauf, málmstykki er snúið til að setja tímamælinguna af stað og ör sýnir þann tíma sem eftir er á mælinum. Þannig var fyrsti stöðumælirinn einnig. Það var svo ekki fyrr en fyrir tveimur áratugum eða svo sem stafrænir mælar komu til sögunnar.



## SJÓNARHÓLL

**GPS-TÆKNI HJÁLPAR FORELDRUM AÐ FYLGJAST MEÐ BÖRNUM SÍNUM**



**PÉTUR EINARSSON LEIKARI**

### Hljómar eins og þriðja ríkið

„Er þetta ekki bara þriðja ríkið? Eða enn þá austar, í gömlu Sovétríkjunum?" segir Pétur Einarsson leikari um þá hugmynd að foreldrar noti GPS-tækni til þess að fylgjast með börnum sínum. Barnið er þá með GPS-tæki innbyggt í farsímann sinn og foreldrarnir fá send skilaboð ef barnið mætir ekki í skólann á réttum tíma eða fer utan ákveðins svæðis.

„Við ölum börnin okkar ekki upp svona, það er mín skoðun. Það eru börnin sjálf sem passa upp á þessa hluti. Það vill enginn lifa í lögregluríki, og ég myndi ekki nota þetta á mín börn."

Hann segir örugglega hægt að skilgreina einhver örfá tilfelli þar sem hægt er að réttlæta eftirlit af þessu tagi, en í langflestum tilfellum sé það óréttlætanlegt.

Auglýsingasími
512 50 50
FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið

LÉTT BYLGJAN 967
- RÉTTU LÖGIN...ALLTAF!



**SKÍÐLOGAR Í KERTABÁTNUM** Kertabáturinn sést hér í ljósum logum en eldurinn af kertunum 242 varð meiri en ætlað var. Báturinn er þó enn sjófær þrátt fyrir eldhafið og er ekki ólíklegt að hann verði aftur notaður í kertafleytingu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON

# Kviknaði í kertabátnum

**Kertafleyting Tyrkjaránsfélagsins á Skansinum í Vestmannaeyjum endaði öðruvísi en ætlað var þegar kviknaði í báti með 242 kertum sem dreginn var eftir haffletinum.**

„Þegar kertabáturinn var kominn út á hafflötinn var eldurinn orðinn aðeins meiri en við bjuggumst við, þannig að bátsmennirnir sem voru í tuðrunni sem dró hann þurftu að slökkva á kertunum með því að rugga honum til í sjónum. Athöfnin var bara tilkomumeiri fyrir vikið," segir Þórður Svansson, formaður Tyrkjaránsfélagsins í Vestmannaeyjum, um kertafleytinguna sem haldin var á Skansinum í Eyjum á miðvikudagskvöld.

Kertafleytingin batt enda á dagskrá sem var haldin til að minnast þess að 380 ár eru liðin frá Tyrkjaráninu – þegar 300 sjóræningjar frá Algeirsborg fóru ránshendi um Vestmannaeyjar, rændu mönnum og myrtu 36. „Í kertabátnum voru 242 kerti, en talið er að sjóræningjarnir hafi rænt 242 Vestmannaeyingum og selt þá í þrældóm í Alsír," segir Þórður.

Um 500 manns voru við kertafleytinguna að sögn Þórðar og setti fólkið kertin í bátinn áður en hann var dreginn á flot. „Þetta var mjög hátíðleg og táknræn stund, því talið er að sjóræningjarnir hafi siglt frá Skansinum. Með þessari athöfn vildum við votta því fólki sem lenti í þessum hörmungum virðingu okkar."

Þórður segir kertabátinn enn sjófæran þrátt fyrir að eldurinn hafi verið meiri en ætlað var. „Báturinn skemmdist ekki, sviðnaði aðeins að aftan, það voru enn glæður í honum þegar komið var með hann að landi. Hann verður sennilega sjósettur aftur af sams konar tilefni í framtíðinni."

ingifreyr@frettabladid.is









## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
8.989 **-0,30%**

**Fjöldi viðskipta:** 951
**Velta:** 12.403 milljónir

MESTA HÆKKUN

| | |
|---|---|
| CENTURY AL. | +3,38% |
| FØROYA BANKI | +2,09% |
| ÖSSUR | +1,84% |

**MESTA LÆKKUN**

| | |
|---|---|
| ALFESCA | -2,72% |
| TEYMI | -2,30% |
| FL GROUP | 1,80% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 86,20 +0,00% ... Atorka 9,73 +0,83% ... Bakkavör 72,10 +0,28% ... Eimskipafélagið 40,00 +0,00% ... Exista 40,15 -0,25% ... FL Group 30,10 -1,80% ... Glitnir 30,70 +0,33% ... Icelandair 30,65 -1,29% ... Kaupþing 1.280 -0,08% ... Landsbankinn 41,00 -0,97% ... Mosaic Fashions 17,00 +0,00% ... Straumur-Burðarás 23,05 -0,86% ... Össur 110,50 +1,84% ... Teymi 5,53 -2,30%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Kaupa bandaríska fréttaveitu

Baugur Group og meðfjárfestar hafa keypt bandarísku fréttaveituna NewsEdge af kanadíska upplýsingafyrirtækinu The Thomson Corporation. Fyrirtækið sérhæfir sig í miðlun fjármálafrétta og -upplýsinga til stórfyrirtækja, banka og annarra fjármálastofnana. Kaupverðið er ekki gefið upp.

Starfsemi NewsEdge verður sameinuð frétta- og tæknifyrirtækinu Acquire Media, sem er staðsett í New Jersey-ríki. NewsEdge verður áfram með starfsemi í Massachusetts-ríki og í London en höfuðstöðvar sameinaðs fyrirtækis verða í New Jersey. Því verður stýrt af núverandi stjórnendateymi Acquire Media. Baugur mun verða eigandi fjörutíu prósenta hlutar í sameinuðu félagi. Heildarstarfsmannafjöldi félagsins verður um sextíu manns. Áætluð ársvelta er um 25 milljónir Bandaríkjadala sem samsvarar um einum og hálfum milljarði króna.

Gunnar Sigurðsson, forstjóri Baugs, segir kaupin á NewsEdge og sameininguna við Acquire Media skapa spennandi tækifæri á sviði fjölmiðlunar í Bandaríkjunum. Stewart Clark, framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar hjá Acquire Media, segir vöxt félagsins hafa verið hraðan á undanförnum árum. Með sameiningunni við NewsEdge og samstarfinu við Baug skapist skilyrði fyrir enn örari vexti í framtíðinni. **- hhs**



**GUNNAR SIGURÐSSON** Forstjóri Baugs segir kaupin á NewsEdge og sameininguna við Acquire Media skapa spennandi tækifæri á sviði fjölmiðlunar.

## Icelandic Glacial semur í BNA

Anheuser-Busch verður aðaldreifingaraðili Icelandic Glacial vatns í Bandaríkjunum og eignast 20 prósent í Icelandic Water Holdings, samkvæmt nýjum samningi fyrirtækjanna.



Vatninu er pakkað í verksmiðju Icelandic Glacial í Þorlákshöfn og hefur Icelandic Water Holdings einkarétt á að selja vatn úr Ölfusbrunni. Í tilkynningu Icelandic Glacial er bandaríski gæðavatnsmarkaðurinn sagður velta um 11 milljörðum dollara, en ekki er greint frá skilmálum samningsins.

Anheuser-Busch er eitt fremsta brugghús Bandaríkjanna með 48 prósenta markaðshlutdeild í bjórsölu. Fyrirtækið bruggar mest seldu bjórtegundir heims, Budweiser og Bud Light. **- óká**

## Einkunn Norvik Banka óbreytt

Lánshæfiseinkunn Norvik Banka eftir alþjóðlegt sambankalán upp á 28,5 milljónir evra, yfir 2,3 milljarða króna, er óbreytt hjá alþjóðlega matsfyrirtækinu Moody's, Ba3 fyrir langtímaskuldbindingar og D- fyrir fjárhagslegan styrkleika.

Bankinn tilkynnti um lánið í gær en í því tekur þátt fjöldi banka víða um heim, Kaupþing sem einnig hefur umsjón með því, Bank of Taiwan, FBN Bank í Bretlandi, Raiffeisen Zentralbank í Austurríki og fleiri. Sambankalánið er til eins árs með möguleika á framlengingu til árs í viðbót.

Norvik Banka er lettneskur banki sem lánar aðallega til lítilla og meðalstórra fyrirtækja, sem og einstaklinga. Móðurfélag bankans er Straumborg ehf., fjárfestingarfélag í eigu fjölskyldu Jóns Helga Guðmundssonar. **- óká**

## Útþrá í stjórnendum hér

Fimmtíu og fjögur prósent stjórnenda í stærri íslenskum fyrirtækjum telja líkur á því að viðkomandi fyrirtæki komi að yfirtöku eða samruna á næstu tólf mánuðum, að því er fram kemur í nýbirtri könnun fyrirtækjaráðgjafar Landsbankans.

Fjörutíu og sex prósent telja afar ólíklegt að fyrirtæki sín ráðist í slíkar aðgerðir. Um þrjátíu og tvö prósent svarenda búast hins vegar við því að fyrirtæki sín taki oftar en einu sinni þátt í yfirtöku eða samruna næsta árið.

Danmörk virðist vera algengasti áfangastaðurinn, en fjörutíu prósent svarenda nefndu Danmörku sem líklegan viðskiptavettvang. Tæpur þriðjungur nefndi Bretland sem vænlegan kost og réttur fjórðungur sagðist horfa hýrum augum til Mið- og Austur-Evrópu. **- jsk**




MEST
Bílskúrshurðir



Frír bílskúrshurðaopnari* fylgir öllum Raynor bílskúrshurðum hjá MEST til 1. ágúst

ENNEMM / SÍA / NM28772

**Hafðu samband við söluráðgjafa okkar og fáðu nánari upplýsingar í síma 4 400 150 eða á www.mest.is**

*Raynor Orion 800i bílskúrshurðaopnari

Opnunartími: Mán. - fös. kl. 8-18

Norðlingabraut 12, Norðlingaholti, Reykjavík
Bæjarhrauni 8, Hafnarfirði / Hringhellu 2, Hafnarfirði
Hrísmýri 5, Selfossi / Leiruvogi 8, Reyðarfirði
Sími 4 400 100 / Fax 4 400 111 / mest@mest.is / www.mest.is

mest
– allt til bygginga

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Í góðan skáldskap er hægt að sækja upplýsandi skilning á raunveruleikanum.

## Lýðræði óvina Vesturlanda

**JÓN KALDAL SKRIFAR**

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra átti í gær fund með Mahmoud Abbas, forseta Palestínu. Skipaði hún þar með Íslandi í röð þeirra vestrænu ríkja sem hafa fylkt liði um forystumann Fatah-hreyfingarinnar í baráttunni við Hamas-samtökin, sem unnu afgerandi sigur í löglegum og lýðræðislegum kosningum í Palestínu á síðasta ári.

Í raun fengu harðlínu-íslamistarnir í Hamas þó aldrei völdin í sínar hendur að loknum kosningum. Eftir sigur Hamas yfir hinni meira veraldlegu Fatah-hreyfingu var skrúfað fyrir styrki frá alþjóðasamfélaginu til heimastjórnarsvæðis Palestínumanna og ísraelska stjórnin frysti greiðslur á skatttekjum sem hún innheimtir fyrir heimastjórnina.

Palestínska þjóðin skyldi gjalda fyrir að hafa losað sig við hina spilltu, aðgerðalitlu og þreyttu stjórn Fatah og kosið til valda Hamas, hreyfingu sem er á skrá yfir hryðjuverkasamtök hjá Evrópusambandinu og Bandaríkjunum.

Í síðasta mánuði varð hlé á eins árs blóðugri valdabaráttu hreyfinganna þegar Hamas sölsaði undir sig Gaza og lét Fatah eftir Vesturbakkann. Fyrir vikið er heimastjórnarsvæði Palestínumanna nú klofið í herðar niður.

Eins og svo oft áður eru Palestínumenn sjálfum sér verstir. Engin ástæða er þó til að vanmeta þátt Ísraels og bandamanna á Vesturlöndum í að kynda undir ófriðarkötlunum.

Það hefur verið sagt að góður skáldskapur geti varpað bjartari ljósi á raunveruleikann en nokkurt heimildar- eða sagnfræðiverk. Dæmi um slíkan afbragðsskáldskap er að finna í verkum tyrkneska rithöfundarins Orhans Pamuk, sem fékk Nóbelsverðlaunin í fyrra.

Í skáldsögunni Snjór, sem Pamuk sendi frá sér árið 2002, skrifar hann um valdarán herforingja í Kars, litlu afskekktu fjallaþorpi í Tyrklandi. Herforingjarnir ræna völdum skömmu áður en halda á kosningar þar sem útlit er fyrir að trúarlegur flokkur íslamista muni sigra. Sögumaður bókarinnar er rithöfundur sem lendir í átökunum miðjum og kynnist fulltrúum beggja fylkinga. Meðal þeirra er útlaginn Blár sem hefur lítið álit á vestrænum gildum. Gefum honum orðið:

„Munu Vesturlönd, sem álíta sína miklu uppfinningu, lýðræðið, mikilvægara en orð Guðs, lýsa yfir andstöðu við þetta valdarán sem hefur bundið enda á lýðræði í Kars? Eða megum við gera ráð fyrir að lýðræði, frelsi og mannréttindi skipti engu máli, að allt og sumt sem Vesturlönd vilji, sé að afgangurinn af heiminum hermi eftir þeim eins og hverjir aðrir apar? Geta Vesturlönd þolað lýðræði óvina sinna, sem líkjast þeim ekki á nokkurn hátt?“

Skáldskapur Pamuks á erindi til allra sem hafa áhuga á því sem er að gerast á heimastjórnarsvæði Palestínumanna og víðar í hinum íslamska heimi þar sem átök milli veraldlegra og trúarlegra viðhorfa fara stigvaxandi.

Of ákafur stuðningur við þá sem Vesturlönd líta á með velþóknun sem skoðanabræður getur hæglega orðið vatn á myllu andstæðra sjónarmiða.

Nú þegar eru komnar fram ákveðnar vísbendingar um að sú geti orðið raunin með afgerandi stuðning Ísraels og Vesturlanda við Abbas og tilraunum þeirra til að sniðganga Hamas.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871






## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Stungið á vindbelg

Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra fer mikinn á heimasíðu sinni í nýrri færslu sem ber heitið Stungið á vindbelg. Þar veltir Össur fyrir sér umræðunni um hótelrekstur á Þingvöllum. Össur hefur haft efasemdir um uppbyggingu Hótels Valhallar, segir gamla húsið mikinn eldsmat og að endurgerð þess þýði í raun endurnýjun hússins sem muni hafa gríðarlegan kostnað í för með sér. Í pistlinum veltir Össur sér þó einna mest upp úr viðbrögðum Bjarna Harðarsonar þingmanns í Íslandi í dag í vikunni þar sem framsóknarmaðurinn sagðist hlynntur frekari starfsemi hótelsins eins og núverandi sem fyrrverandi nefndarmenn í Þingvallanefnd. Bæði Össur og Bjarni sitja í nefndinni.



### Dugleysi Bjarna

Í pistlinum sakar Össur Bjarna, eða „skutulsvein Guðna jarls af Brúnastöðum“ eins og hann kallar þingmanninn, um að hafa ekki kynnt sér gögn nefndarinnar sem hafi lagt það til að dregið verði úr hótelrekstrinum, öfugt við það sem Bjarni segir. Össur bætir svo um betur og segir yfirlýsingar Bjarna benda til þess að hann lifi í anda flokkshefða sem líti á Þingvallanefnd sem flokksbitling og telji sig því ekki þurfa að vinna fyrir laununum sem hann fær fyrir nefndarsetuna.



### Rangar staðhæfingar

Og Össur heldur áfram: „Það birtist í því að Bjarni Harðarsson hefur ekki ennþá nennt að lesa formlega stefnumótun Þingvallanefndar til næstu 20 ára. Einsog allir alþingismenn vita þó er hún grundvallarplagg Þingvallanefndar. Hefði þingmaðurinn haft fyrir að lesa hana hefði hann ekki eftirá þurft að skammast sín fyrir að svotil allar staðhæfingar hans í sjónvarpinu voru rangar.”

kristjan@frettabladid.is

## Ber Bónus ábyrgðina?



**JÓHANNES GUNNARSSON**

**Í DAG** | Matvælaverð

Sá sem þetta skrifar var í hádegisviðtali á Stöð 2 sl. laugardag. Þar var fjallað um hátt matvöruverð hér á landi í framhaldi af skýrslu Hagstofunnar frá því í síðustu viku um verðlag í Evrópulöndum. Þar kom fram að matvöruverð er að meðaltali 61% hærra hér en í löndum Evrópu (minna má á að matvöruverð í Danmörku er 40% yfir þessu meðaltali en þar er virðisaukaskattur á matvörur 25% en 7% hér). Munur upp á 61% er mjög sambærilegur og verið hefur undanfarin ár þrátt fyrir aðgerðir stjórnvalda 1. mars sl. til að lækka matvöruverð. Í þættinum var einnig fjallað um verðhækkanir í lágvöruverðsverslunum í kjölfar verðkönnunar ASÍ sem birtist í síðustu viku. Miðað við könnun ASÍ er ástæða til að ætla að ávinningur af aðgerðum stjórnvalda til að lækka matvöruverð hafi ekki skilað þeim árangri sem ætlast var til. Könnun Hagstofunnar styður þetta einnig. Þegar svona háttar er eðlilegt að þeir sem hafa hagsmuna að gæta, velti vöngum yfir aðstæðum á íslenskum matvörumarkaði og hvernig standi á því að tilraun stjórnvalda til að lækka matvælaverð hafi ekki skilað meiri árangri.

**Hver ber ábyrgð á háu matvöruverði?**

Vegna þessa skrifaði Finnur Árnason, forstjóri Haga, grein sem birtist í Fréttablaðinu þriðjudaginn 17. júlí sl. Í greininni segir Finnur að ég hafi haldið því fram að Bónus haldi uppi verði á matvörumarkaði hér á landi. Ekki veit ég hvers vegna Finnur heldur þessu fram, þetta er einfaldlega rangt, enda sagði ég þetta ekki. Í áðurnefndu viðtali nefndi ég aðallega þrennt.

Í fyrsta lagi nefndi ég sterka stöðu Bónuss á matvörumarkaði vegna mikillar markaðshlutdeildar. Þar lagði ég áherslu á að samkeppnisyfirvöld þyrftu að hraða skoðun sinni á matvörumarkaðnum, enda sker Ísland sig úr varðandi ójafnvægi milli mismunandi matvörukeðja borið saman við nágrannalönd okkar. Ég hélt því fram að Bónus væri verðleiðandi á þessum markaði og þegar verð hækki eða lækki í Bónusbúðunum elti aðrar keðjur. Við þessi orð stend ég enda eru þau staðreynd. Ef allt er eðlilegt ætti slík athugun samkeppnisyfirvalda einnig að vera fagnaðarefni fyrir matvöruverslunina í landinu.

Í öðru lagi nefndi ég mikinn verðmun á brauði og kornvörum hér borið saman við önnur Evrópulönd. Ég benti á að stór hluti þess brauðs sem seldur er hér á landi er selt í matvöruverslunum. Þessar vörur koma frá eina verksmiðjubakaríinu sem starfandi er hér á landi. Á þessu sviði er um markaðsbrest að ræða sem samkeppnisyfirvöld verða að skoða nánar.

Í þriðja lagi nefndi ég svo verndartolla á innfluttar landbúnaðarvörur, en í skjóli þeirra er hægt að selja innlendar landbúnaðarvörur á miklu hærra verði en ella. Ég krafðist þess að þessir tollar yrðu felldir niður mjög hratt. Neytendasamtökin hafa lengi barist gegn ofurtollum á landbúnaðarvörum og harmað að Ísland skuli vera í hópi þeirra ríkja innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar sem vilja ganga lengst í að vernda landbúnað sinn með tollum. Þetta er andstætt sjónarmiðum neytenda og raunar erum við Finnur sammála um þetta atriði og höfum alltaf verið.

**Hvers vegna þessi viðkvæmni?**

Mér finnst full mikil viðkvæmni í skrifum Finns, því eins og áður sagði, hélt ég því eingöngu fram að Bónus væri verðleiðandi á markaðnum. Það væri hins vegar samkeppnisyfirvalda að fylgjast með hvort fyrirtæki, og þá ekki síst markaðsráðandi fyrirtæki, fari að settum leikreglum eins og samkeppnislög kveða á um. Neytendasamtökin eru frjáls félagasamtök og hafa ekki aðgang að gögnum fyrirtækja eins og samkeppnisyfirvöld hafa.

Það er óumdeilt að með stofnun Bónuss lækkaði verð á mat- og hreinlætisvörum og neytendur hafa sýnt að þeir kunna að meta það. Einnig hefur Bónus frá upphafi boðið upp á lægsta vöruverðið og sama verð um allt land sem hefur verið sérstaklega mikilvægt fyrir neytendur á landsbyggðinni. Í ljósi sterkrar stöðu Bónuss á markaðnum er ábyrgð fyrirtækisins mikil og vegna stærðar fyrirtækisins er það verðleiðandi á markaðnum. Forráðamenn Bónuss gera sér án efa grein fyrir ábyrgð sinni eins og sá sem þetta skrifar.

*Höfundur er formaður Neytendasamtakanna.*

## Hjörleifur og barrtrén

**UMRÆÐAN**

Þingvellir

Hjörleifur Guttormsson, fyrrverandi iðnaðarráðherra, hefur tekið til andsvara fyrir þá sem standa ábyrgir fyrir að fella barrtrén á Þingvöllum. Vel fer á því.

Skoðanir Hjörleifs Guttormssonar hafa löngum verið umdeildar. Á hinn veginn er almælt að hann hafi jafnan sótt þær og varið með góðu tungutaki og rökvísi. En nú kýs hann að fara hjáleið í málsvörninni.

Ráðherrann fyrrverandi segir að ákvörðun um að fella barrtrén á Þingvöllum nú sé byggð á samþykkt Þingvallanefndar frá 27. maí 1988. Báðir eigum við að hafa staðfest gerninginn með undirskrift okkar þann dag. Hvernig víkur þeirri söguskýringu við?

Rétt er að við sátum saman í Þingvallanefnd sem kjörin var eftir alþingiskosningarnar 1983 og lauk störfum í maí 1988. Sú nefnd hóf vinnu við stefnumörkun um skipulag á Þingvöllum. Í nefndinni var gott samkomulag um afgreiðslu mála þrátt fyrir skoðanamun um sumt; þar á meðal um barrtrén.

Eins og fram kemur í þeim texta sem ráðherrann fyrrverandi tilgreinir úr stefnumörkuninni var þar kveðið á um varðveislu furulundarins. Þar á móti var ekki gert ráð fyrir frekari gróðursetningu barrviðar eða annarra aðfluttra plantna. Jafnframt var gert ráð fyrir nauðsynlegri grisjun trjágróðurs þar sem rætur gætu spillt fornleifum. Einu gilti í því efni um tegundir og uppruna þeirra. Ekki var svo mikið sem stakt orð um að höggva tré fyrir þá sök eina að þau væru af erlendum uppruna.

Vel má vera að vilji einhverra hafi þá þegar staðið til að fella barrtrén í stórum stíl. Það var hins vegar ekki ákveðið á þeim tíma. Og sú Þingvallanefnd sem kom næst á eftir tók engar slíkar ákvarðanir. Þeir draumar hafa þar af leiðandi ræst í kjölfar síðari ákvarðana.

Ekki ætla ég Hjörleifi Guttormssyni að hafa skipt um skoðun þó að hann hafi í Þingvallanefnd fyrir hart nær tveimur áratugum fallist á texta sem breið samstaða var um og með engu móti er unnt að túlka sem forsendu fyrir þeirri eyðingu barrtrjáa sem nú á sér stað. En að víkja við efni hans og túlka þá samþykkt nú eins og einhverjir kunna að hafa óskað að hún yrði er einfaldlega ekki gild röksemdafærsla.

Þjóðgarðsvörður segir í viðtali við Fréttablaðið 13. júlí að Sameinuðu þjóðirnar hafi tilgreint að barrtrén skyldu fjarlægð. Í viðtali við Fréttablaðið 17. júlí segir hann hins vegar að engin slík krafa hafi verið gerð. Í fljótu bragði verður ekki séð að báðar fullyrðingarnar geti verið sannar.

Engu er líkara en málsvarar þeirrar barrviðareyðingar sem nú er unnin á Þingvöllum þurfi að verja þá gerð með öðru en vísun í réttar staðreyndir um málsatvik. Það er ólíkt Hjörleifi Guttormssyni.

*Þorsteinn Pálsson, ritstjóri Fréttablaðsins.*

allt að 37% afsláttur

# SJÓNVÖRP

allt að 50% afsláttur

## HÁFAR OG GUFUGLEYPAR

allt að 29% afsláttur

# ÞVOTTAVÉLAR

## ÍSSKÁPAR

15% afsláttur

allt að 70% afsláttur

# HLJÓMTÆKI

15% afsláttur

## SMÁTÆKI

allt að 46% afsláttur

# OFNAR HELLUBORÐ

# ÚTSALAN ER HAFIN!

# ÚTSALAN ER HAFIN!

RAFTÆKJAVERZLUN ÍSLANDS HF

- ANNO 1929 -

Skútuvogur 1 • Sími 568 8660 • ri@ri.is www.ri.is

Opið: Virka daga kl. 9-18 • Laugardaga 11-16

LG Life's Good

# Sjávarútvegsnefnd Alþingis brást

**UMRÆÐAN**
Sjávarútvegur


SIGURJÓN ÞÓRÐARSON

Mikilvægt hlutverk Alþingis er að veita framkvæmdavaldinu aðhald. Sjávarútvegsnefnd Alþingis brást algerlega þessu mikilvæga hlutverki sínu nú í umfjöllum um fiskveiðiráðgjöf Hafró fyrir næsta fiskveiðiár þegar meirihlutinn neitaði að hlýða á rök virtra fræðimanna, s.s. Jóns Kristjánssonar fiskifræðings sem hefur bent á alvarlegar veilur í ráðgjöf Hafró.

Það kom ekki á óvart að fulltrúar Sjálfstæðisflokksins skyldu hafna því að kynna sér fræðileg gögn sem gefa ótvírætt til kynna að núverandi ráðgjöf sé byggð á sandi, svo harðsoðinn kvótaflokkur er Sjálfstæðisflokkurinn. Það kom mér hins vegar á óvart að varaformaður nefndarinnar, Karl Matthíasson, skyldi neita að hlýða á rök sem gefa til kynna að ekki þurfi að ganga eins nærri sjávarútveginum og byggðum landsins og ella verður.

Karl Matthíasson boðaði kjósendum fyrir kosningar að hann ætlaði að breyta óréttlátu kerfi sem hann sagði að hefði rústað sjávarbyggðunum. Strax eftir kosningar neitar sami maður að hlýða á vísindaleg rök þeirra sem gefa til kynna að vel sé borð fyrir báru til að auka afla og frelsi í greininni. Þessi viðbrögð Samfylkingarinnar eru illskiljanleg, sérstaklega ef haft er í huga að flokkurinn hefur síðustu misserin boðað nýja tegund umræðustjórnmála.

Nýleg gögn í skýrslu Alþjóðahafrannsóknaráðsins um þorskmerkingar frá 1997 til ársins 2004 gefa sterklega til kynna að stofnlíkön Hafró standi ekki á föstum grunni.

Þeir sem hafa séð um „uppbyggingarstarf“ á íslenska þorskstofninum á umliðnum árum skjóta sér iðulega undan því að svara málefnalegri gagnrýni á líffræðilegar forsendur, s.s. hvernig getur verið um ofveiði að ræða ef fiskinn skortir augljóslega æti og vex ekki?

Í stað þess að svara er rætt um gríðarlega alvarlega stöðu þorskstofnsins sem að mati áðurgreindra sérfræðinga og „óháðs“ endurskoðanda ráðgjafarinnar, Guðrúnar Marteinsdóttur, er jafnvel orðin það slæm að stofninn þolir engan veginn venjulega veiði íslenskra sjómanna og þess vegna geti verið að ekki sé mögulegt að veiða aðrar tegundir, s.s. ýsu, en stofn hennar á að standa mun betur að mati Hafró.

Það er rétt að staldra við þessar fullyrðingar um gríðarlega alvarlega stöðu þorskstofnsins þegar veitt hefur verið að jafnaði helmingi minna um árabil en gert var áður en meint uppbyggingarstarf hófst. Er þorskstofninum í raun viðbjargandi að mati sérfræðinganna? Ef þessar fullyrðingar eru réttar hlýtur að vera komið að því að stjórnvöld þurfi að leita svara við þeirri spurningu hvort það sé rétt að púkka upp á þorskstofninn ef hann er orðinn þvílíkur eymingi að „staða hans“ komi í veg fyrir nýtingu á öðrum nytjastofnum. Áður en komið er að því tel ég rétt að stjórnvöld hlýði á gagnrýni á núverandi fiskveiðiráðgjöf og að gagnrýninni verði svarað með öðru en útúrsnúningum og þögn.

*Höfundur er líffræðingur og fyrrverandi alþingismaður.*

# Af hverju minnkar þorskstofninn?

**UMRÆÐAN**
Sjávarútvegur


GUÐJÓN INGÓLFSSON

Þessa dagana er sífellt verið að spyrja þessarar spurningar.

Hver og einn sem hefur hagsmuna að gæta kemur með skýringu sem fellur að einkahagsmunum hans. Hjá Hafrannsóknastofnun er þess vandlega gætt að leggja ekki fram skýringar sem gætu strítt gegn hagsmunum stórútgerðarinnar, enda hagsmunir hjá stofnuninni í húfi, hún er m.a. búin að fá frá stórútgerðinni að gjöf hafrannsóknaskip af nýjustu og fullkomnustu gerð.

Við upphaf tuttugustu aldarinnar hófst togaraútgerð á Íslandi. Fyrstu togararnir voru frumstæðir og skiluðu litlum árangri. Enda gekk útgerð þeirra brösuglega.

Stöðug þróun var innan þessa útgerðarflokks alla tuttugustu öldina. Á áttunda áratugnum urðu nokkur þáttaskil með tilkomu skuttogara. Skuttogararnir sem þá bættust í flotann voru með mikið vélarafl, sé miðað við síðutogarana sem þeir leystu af hólmi. Einnig varð á þessum tíma þróun í veiðarfærum. Stáltoghlerar komu í stað tré-toghlera og nýjar tegundir botnvarpa komu í stað eldri og ófullkomnari gerða. Þetta varð þess valdandi að togararnir gátu nú farið að stunda veiðar sínar á svæðum sem áður voru óaðgengileg fyrir togveiðum.

Toghlerar úr stáli, sem hvor um sig vigtuðu tvö til þrjú tonn og bobbingalengjur sem einnig vigtuðu fjölda tonna byrjuðu að vera dregin yfir viðkvæm svæði, hraunkarga og kórala. Á þessum tíma hófst niðurbrot náttúrulegs umhverfis á hafsbotninum við Ísland með fullum þunga. Ef togararnir urðu fyrir endurteknu veiðarfæratjóni á tilteknum svæðum vegna hraunkarga eða kórala á hafsbotni var jafnvel gripið til þess óyndisúrræðis að taka veiðarfærin inn og setja í þeirra stað út þungar keðjutrossur og draga þær fram og til baka til að brjóta niður og jafna yfirborð botnsins.

Frá þeim tíma sem tilgreindur er hér að ofan hefur þróun í skipum og veiðarfærum haldið áfram. Vélarafl skipanna hefur þrefaldast. Algeng vélarstærð í togurum í dag er sex þúsund hestöfl.

Þegar togari af nýjustu gerð hefur dregið veiðarfæri sín eftir hafsbotninum stendur lítið eftir. Allar ójöfnur, tindar, strýtur, kóralar og hraungjótur hafa jafnast út, einungis stærstu klappir standa eftir. Þessi tuga tonna veiðarfæri, sem togarar nútímans draga á eftir sér, drepa allt staðbundið líf sem þau rúlla eða skrapast yfir, hvort heldur það sé á yfirborði botnsins eða undir því.

Ekki er nokkrum vafa undirorpið að þau ógnvænlegu spjöll sem togveiðar valda á hafsbotninum og lífríki hans takmarka mjög líkur á að hrygning nytjastofna takist með eðlilegum hætti. Sömu ástæður takmarka einnig mjög möguleika fiskseiða að komast á legg. Eyðileggingin á lífríki hafsbotnsins skerðir fæðuframboðið í sjónum. Þetta kemur illa niður á lífslíkum fiskseiða og smáfiska. Smáfiskar og fiskseiði verða auðveld bráð stærri fiska, þar sem hin öruggu skjól, sem kóralar og hraungjótur veita ungviðinu, hafa verið eyðilögð.

Þótt togveiðarnar hafi þegar valdið ógnvænlegum óafturkræfum spjöllum á náttúru og lífríki hafsbotnsins, er samt ekki um seinan að draga úr þeim eða stöðva. Verði togveiðum hætt gætu kóralar byrjað að vaxa á nýjan leik og mikilvægar lífverur sem í og á hafsbotni lifa munu einnig ná þar fótfestu að nýju.

*Höfundur er verkfræðingur og fyrrverandi vélstjóri til sjós.*

# Hættum hvalveiðum

**UMRÆÐAN**
Hvalveiðar


LÚÐVÍK GIZURARSON

Við eigum að bjóða Evrópusambandinu og Bandaríkjamönnum upp á samkomulag um að við hættum hvalveiðum, en fáum á móti fríðindi fyrir innflutning okkar á fiski til þessara landa. Myndum selja þeim bara unninn fisk í neytendaumbúðum tollfrjálsan og jafnvel veiddan með vistvænum hætti. Fengjum hærra verð fyrir minna magn af fiski. Það þarf í dag með minni afla.

Svo tekið sé dæmi þá seljum við mikið til sumra þessara landa af óunnum gámafiski. Ýmsar sögur fara af heiðarleika þessara viðskipta sbr. t.d. nýlega grín- og teiknimynd í Morgunblaðinu, þar sem þorskur var settur í gáma en kallaður steinbítur, ýsa o.s.frv. Þarna er þrálátur orðrómur einungis staðfestur. Ekki eru svona vinnubrögð til þess fallin að halda í heiðri lögmætum veiðitakmörkunum á þorski, sem sett eru honum til verndar. Menn eru tilbúnir að veiða seinasta þorskinn og kalla hann ýsu og selja sem gámafisk. Það er gróðinn og peningurinn sem ræður. Skítt með seinasta þorskinn.

Nú á að úthluta kvóta fyrir næsta fiskveiðiár. Setja má í kvótann skilyrði um að öllum fiski sé landað hér heima og hann unninn líka hér að fullu. Lög um fiskveiðar heimila slíkt skilyrði. Þá kemur meiri vinna í landi við vinnslu á fiski.

Fólki hefur verið sagt upp en nú fengi það allt vinnu aftur. Vinna yrði allan fisk og fá fyrir hann hærra verð en óunninn. Auka okkar útflutningstekjur af fiski þrátt fyrir minni fisk.

Svo ætti að standa í öllum úthlutunum á kvóta, að brottkast varði afturköllun á leyfi til kvóta, sannist það. Við löndun ætti að velja sjómann af handahófi úr áhöfn og láta hann skrifa undir eið hjá lögreglu um að skip hans hafi ekki stundað brottkast í veiðitúrnum. Aukum aftur þorskveiði löglega.

*Höfundur er hæstaréttarlögmaður.*

# Brauðmolabisness bæjarstjórans

**UMRÆÐAN**
Hitaveita Suðurnesja


GUÐBRANDUR EINARSSON

Árna Sigfússyni, bæjarstjóra Reykjanesbæjar, hefur nú tekist það ætlunarverk sitt að koma stórum hluta Hitaveitu Suðurnesja í hendur einkaaðila og samstarfsaðila. Þessir aðilar, sem nú eignast þriðjungshlut í HS, eiga einnig ráðandi hlut í Fasteign hf. sem á og rekur allar fasteignir sveitarfélagsins og er áskrifandi að lánveitingum vegna allra byggingarframkvæmda, sem ráðist er í á vegum bæjarins. Svo eindreginn var Árni í þessu máli að þegar upp kom sú staða að önnur sveitarfélög sem hlut áttu í HS, voru ekki sammála honum, var þeim hótað með því að Reykjanesbær myndi beita handafli til þess að fá sínu framgengt. Reykjanesbær myndi nýta alla möguleika til kaupa á hlutafé í HS þar til 2/3 hlut yrði náð. Þá yrði samþykktum Hitaveitunnar breytt svo hægt yrði að selja einkaaðilum, eins og honum þóknaðist. Þessi hótun fór ekkert dult enda mátti lesa hana í fjölmiðlum í viðtölum við Árna.

**Brauðmolabiness**

Fyrirtæki sem hefur burði og er tilbúið til að eyða fimmtán til tuttugu þúsund milljónum í eina fjárfestingu, munar að sjálfsögðu ekkert um að láta nokkra brauðmola falla hér og hvar, svo að smælingjarnir geti glaðst. Ennþá betra er, ef hægt er að setja slíkt í samninga, þannig að hægt sé að réttlæta samningsgerðina og láta pöpulinn hrópa húrra.

En í raun er það þannig í þessu tilviki að Reykjanesbær greiðir þessa dúsu sjálfur, því samþykkt var að selja forkaupsréttarhlutinn til Geysis Green Energy á genginu 6,72 í stað 7,1 sem var það gengi sem önnur sveitarfélög seldu á. Þar varð Reykjanesbær af u.þ.b 150 milljónum króna.

Þegar bæjarstjóri kynnti til sögunnar Geysi Green Energy fyrir nokkrum mánuðum, vakti það almenna ánægju hér í sveitarfélaginu. Fyrirtækið ætlaði að staðsetja sig hér á svæðinu og hefja samstarf við aðila á ýmsum sviðum s.s Hitaveitu Suðurnesja. Tilgangurinn með komu þess hingað, var hins vegar allt annar, eins og nú er komið í ljós. Það hefur nú fengist staðfest rétt einn ganginn, að setja verður fyrirvara við gjörðir bæjarstjórans og meirihluta bæjarstjórnar Reykjanesbæjar.

Það býr alltaf eitthvað undir þegar þessir aðilar eiga í hlut.

**Útrás orkufyrirtækja – á kostnað hverra?**

Haft hefur verið eftir forráðamönnum Geysis Green Energy, að Hitaveita Suðurnesja verði góður grunnur í þeirri útrás sem fyrirhuguð er af hálfu þessara aðila. Tilgangurinn með henni er að sjálfsögðu að ávaxta þá fjármuni sem í hana verða settir.

En hlutirnir fara oft á annan veg en ætlað er og hvað gerist ef þessi útrás heppnast ekki? Verður Hitaveitan notuð sem veðsetningargrunnur fyrir útrás þessara aðila? Ætla fjárfestarnir sjálfir að taka skellinn ef miður fer eða verður Hitaveitan einnig notuð sem grunnur ef erlendar fjárfestingar þeirra bera ekki þann ávöxt sem að var stefnt. Hverjir verða þá látnir borga?

*Höfundur er oddviti A-listans í Reykjanesbæ.*

# Olíuhreinsun er sjálfstæðismál

**UMRÆÐAN**
Olíuhreinsun


BIRGIR DÝRFJÖRÐ

Vaxandi áhyggjur af varanlegum olíuskorti í heiminum birtast m.a. í því að vestrænar þjóðir keppast við að gera langtíma samninga um aðgang að olíu. Bretar hafa gert samning við Norðmenn og Þjóðverjar leita eftir samningi við Rússa. Nútíma lífshættir á Íslandi eru algjörlega háðir orku frá olíu. Verði olíuskortur falla lífskjör Íslendinga niður á miðaldastig með árabátum og snæri.

Iðnaðarráðherra hefur viðrað þá skoðun að rétt geti verið að taka upp viðræður við Norðmenn til að tryggja langtímaaðgang að olíu.

**Ófrjáls þjóð**

Hvort sem viðræður um olíukaup verða við Norðmenn eða aðra, þá eru þegar komnar biðraðir og þar ganga þeir fyrir, sem best geta borgað.

Þegar fram líða stundir mun þrengja mjög að sjálfsákvörðunarrétti þjóða, sem eru öðrum háðar með olíu.

Eigi olíuvana þjóð einhver þau gæði, sem olíusalar girnast, þá neyðist hún til að láta þau gæði af hendi.

Þó Norðmenn hafi margsannað Íslendingum góða vináttu þá skynja þeir vel að nær er skinnið en skyrtan. Hvað gætu olíuvana Íslendingar sagt í samningum við Norðmenn ef þeir vildu ræða norsk-íslenska síldarstofninn eða viðurkenningu á yfirráðum Norðmanna í Barentshafi eða loðnukvóta jafnframt því að samið yrði um að tryggja Íslendingum olíu?

**Þjóðernishroki**

Ég þekki engan, sem ekki játar, að íslenskt nútímasamfélag yrði ósjálfbjarga með hörmungum og hungri ef enginn aðgangur væri að olíu. Samt eru margir, sem finnst þeir eiga rétt til að lifa í þeirri velferð, sem olían skapar, og líta svo niður á þær þjóðir, sem „óhreinkast“ af að vinna handa þeim olíuna.

Þessi kennd er vel þekkt birtingarmynd þjóðernisstefnu. Hún lifir á hroka og fyrirlitningu á öðrum þjóðum. Hún boðar að aðrar þjóðir eigi að verka skít heima hjá sér svo „VIÐ“ getum fengið olíu og verið hrein og fín og ómenguð. Svo bíta þessir þjóðernissinnar höfuðið af skömminni með því að tala niður til þeirra þjóða, sem halda okkur gangandi með olíu, og kalla þær umhverfissóða og víti til varnaðar.

**Sjálfstæðismál**

Í þeirri miskunnarlausu baráttu, sem spáð er, um aðgengi að olíu verður staða þeirra þjóða, sem hafa eitthvað með olíuvinnslu að gera, ólíkt betri en þeirra, sem standa í biðröðum hjá olíufurstum. Ef Íslendingar komast í hóp þeirra þjóða, sem vinna olíu, þá geta þeir tryggt sér aðgengi að henni til framtíðar. Þeir eiga því að líta á olíuhreinsistöð á Íslandi, sem styrka stoð við sjálfstæði þjóðarinnar. Þá skiptir engu hvort olíuhreinsun verður á Vestfjörðum, Melrakkasléttu eða suðurfjörðum Austurlands.

*Höfundur situr í flokksstjórn Samfylkingarinnar.*









Ekkert mál
-að verða mál

TravelJohn
TravelJohn pokarnir eru fínn ferðafélagi þegar manni verður mál.
Fást á eftirtöldum stöðum:
Lyfja, Lyf og heilsa, Fjarðarkaup, Gísli Jónsson, Húsasmiðjan,
www.donna.is www.traveljohn.com

Hvað er að frétta?

Fréttir af fólki_
www.visir.is
vísir



Systkinin Anna og Kristján eiga og reka Ósushi í Iðu-húsinu. Þau voru svo væn að eftirláta lesendum blaðsins uppskrift að misosúpu, sem er að finna á næstu síðu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Sushi á færibandi

***Sushi veitingastaðurinn Ósushi í Iðu við Lækjargötu 2a á sér engan líka.***

„Þetta er eini sushi-staðurinn á Íslandi þar sem boðið er upp hrossalundir," segir Anna Þorsteinsdóttir, sem rekur veitingastaðinn Ósushi í Iðuhúsinu við Lækjargötu, ásamt bróður sínum Kristjáni Þorsteinssyni, en hann hafði lengi átt sér þann draum að opna sushi-stað á Íslandi.

Þau systkinin létu sér þó ekki nægja að opna hefðbundinn sushi-stað, heldur keyptu færiband sem viðskiptavinirnir geta nú tínt réttina af eins og tíðkast erlendis og er áhersla lögð á þessa nýjung í slagorði staðarins, „Veldu þann sem þér þykir bestur." Réttirnir eru síðan litamerktir, þar sem greitt er eftir lit.

Anna segir marga kosti fólgna í þessu fyrirkomulagi, meðal annars þurfi viðskiptavinirnir þá ekki að bíða eftir matnum. Veislan sé tilbúin þegar þeir mæta. „Fólk kemur hingað og klárar kannski matinn á tíu mínútum eða korteri og á þá jafnvel hálftíma eftir af matarhléinu, sem hægt er að njóta áhyggjulaust.

Fyrir þessar sakir er staðurinn fjölsóttur í hádeginu og þá gjarnan af útivinnandi fólki, sem hefur ef til vill lítinn tíma aflögu til að setjast inn á veitingastað og bíða eftir matnum. Hér er allt fullt af jakkafatatýpum á veturna, sem blandast skemmtilega við listafólkið," segir Anna og hlær.

Hún telur vinsældir Ósushi þó líka ráðast af þeim fjölbreyttu réttum sem í boði eru. En auk hrossalunda er hægt að fá þar hval, lax, rauðsprettu og lúðu á ákveðnum dögum og túnfisk, ál, kolkrabba og smokkfisk og segir Anna mikið lagt upp úr ferskleika matarsins. Þar að auki standi viðskiptavinum súpa og salat til boða.

Þá er hægt að velja um matarbakka, 50 bita bakka sem eru alltaf á tilboði, eða minni bakka sem hægt að taka með sér og snæða annað hvort í vinnunni eða úti í góða veðrinu.

*roald@frettabladid.is*

ÚTSALA
20-80% afsláttur
af öllum vörum

UNIKA
Fákafeni 9 Sími: 568 6700
mán-fös. 10-18 og laug. 11-16
www.unika.is

Auglýsingasími
512 50 50
- Mest lesið

Húsgagna Lagersala

Stórfengleg lagersala á húsgögnum og rúmum.
Allt upp í 90 % afsláttur.
Allt á að seljast.

Erum í Dugguvogi 2 (innan við Slippfélagið).
S: 557 9510

Sófar, svefnsófar, rúm, rúmgaflar sófaborð, borðstofuborð, eldhúsborð, eldhúsinnréttingar, stólar, garðhúsgögn og fleira.



**Fiskur** er svo góður á sumrin. Veitingastaðurinn Hafið bláa rétt við Eyrarbakka býður upp á dásamlega sjávarrétti og ævintýralegt útsýni.








Fyrir utan að vera bragðgóður er krapísinn fullur af vítamínum.

# Kraftur og ferskleiki

***Árný Helgadóttir kraftgöngukona notar eingöngu ferska ávexti í krapísinn sinn.***

Árný Helgadóttir kraftgöngukona býr til krapís, stútfullan af ferskum ávöxtum, sem hún byggir á uppskrift tengdasonarins og gæðakokksins Daníels Inga Jóhannssonar. Árný segir að fyrir vikið sé krapísinn bragðbetri og kjarnmeiri en hefðbundinn krapís sem fæst í matvöruverslunum hérlendis.

„Þetta er annars vegar blóðappelsínukrapís og hins vegar bláberjakrapís, sem ég nota mikið af nýtíndum íslenskum bláberjum í," segir Árný. „Það er rosalegur munur á bláberjakrapís keyptum úti í búð og krapísnum okkar, sem er búinn til úr bláberjum, sem hafa verið tínd í næsta nágrenni við Reykjavík.

Í raun mætti líkja þessu við muninn á íslenskum og innfluttum tómötum. Um leið og krapísinn er kominn upp í munninn, fær maður á tilfinninguna að hann sé hollur. Sem hann svo sannarlega er, enda fullur af vítamínum og laus við rotvarnar- og litarefnin í hefðbundnum krapís. Þetta kemur bara ómengað upp úr jörðinni."

Árný segir að fyrir vikið sé krapísinn sannkölluð orkusprengja og hollur, þrátt fyrir smá sykur og síróp. „Það er svolítið sykurskot í þessu, sem er í lagi ef maður borðar þetta nú ekki á hverjum degi. En svo getur maður heldur ekki borðað eitthvað sem er vont bara af því að það er hollt. Maður verður líka að huga að andlegu heilsunni."



Árny er landsþekkt kraftgöngukona og rekur fyrirtækið Kraftgöngu, sem hægt er að fræðast betur um á www.kraftganga.is. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**BLÓÐAPPELSÍNUKRAPÍS**

**700 gr blóðappelsínur**
**150 gr sykur**
**100 gr glúkósi (eða þykkt sýróp)**
**1 stk. sítróna**

**Safi kreistur úr appelsínum og sítrónu. Sykri og glúkósa hrært saman við. Látið standa í hálfa klukkustund. Sett í ísvél og fryst.**

**BLÁBERJAKRAPÍS**

**500 gr íslensk aðalbláber**
**125 gr sykur**
**100 gr glúkósi**
**1 stk. sítróna**

**Bláber sett í skál. Sítrónusafi kreistur yfir þau. Sykri og glúkósa blandað saman við og allt látið marinerast saman í tvær klukkustundir. Maukað með töfrasprota og sigtað. Sett í ísvél og fryst.**

**FERSKIR ÁVEXTIR MEÐ MYNTU**

**x melóna**
**x bláber**
**x jarðarber**
**x hindber**
**x appelsínur**
**x mynta**
**x flórsykur**
**x sítrónusafi**

**Melóna skorin smátt, jarðarber skorin í fernt, appelsínur skrældar og skornar í báta. Mynta söxuð í ræmur. Öllum ávöxtum blandað saman ásamt myntu. Kryddað með flórsykri og sítrónusafa eftir smekk.**

Meðfylgjandi eru uppskriftir að sorbetunum tveimur og segir Árný að tiltölulega auðvelt sé að búa þessa ljúffengu eftirrétti til.






## Miso-súpa

***Uppskrift að miso-súpu sushistaðarins Ósushi.***

**INNIHALD:**

**4 l vatn**
**150 gr miso paste**
**1 msk. bonito**
**tofu**
**vorlaukur**
**söl**

**Setjið miso paste út í fjóra lítra af vatni og sjóðið í potti þar til suðan kemur upp. Slökkvið þá undir og færið pott af hellu. Setjið 1 msk. bonito því næst út í, ásamt tofu og vorlauk, en magnið er háð smekk hvers og eins. Sömu sögu er að segja um söl sem er bætt síðast út í blönduna.**



Miso-súpa eins og hún er framreidd á Ósushi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Hér er frekara sýnishorn af réttunum á staðnum.

Útivistarfatnaður og skór eru á útsölu þessa dagana eins og allt annað. Tilvalið tækifæri til að kaupa gönguskó og annað fyrir fjallaferðir framtíðarinnar.



# Gjallarhorn er nauðsynlegt í allri list

*Hilmir Jensson skiptir tíma sínum á milli leiklistarnáms og teiknimyndagerðar. Hann tekur sér einnig tíma til að búa til list með gjallarhorninu sínu.*



Hilmir vinnur nú að teiknaðri skáldsögu sem fjallar um áhrif þess á samfélagið að tunglið snúi skuggahlið sinni að jörðu. Atburðurinn hefur í raun engin áhrif en getur samt sem áður sett samfélagið í uppnám. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Góð kaup þurfa ekki alltaf að snúast um að fá sem mest fyrir peninginn. Þau geta líka snúist um að kaupa eitthvað sem í einföldu tilgangsleysi sínu kallar fram hlátur og veitir jafnvel óvæntan innblástur.

Bestu kaup Hilmis Jenssonar leiklistarnema og teiknimyndateiknara eru einmitt af þessum toga. „Ég keypti mér gjallarhorn í Berlín fyrir ekki löngu á 1.500 kall,“ segir Hilmir. „Þetta eru bestu kaup mín vegna þess að það er nauðsynlegt að eiga gjallarhorn til að gera list.“

Hilmir viðurkennir að hann viti ekki með vissu af hverju gjallarhornið er nauðsynlegt. „Það gerir ekkert annað en að hægt er að tala þannig að það heyrist mjög hátt,“ segir Hilmir og hlær.

Verstu kaup Hilmis snúast ekki um háar fjárhæðir, ekki frekar en bestu kaupin. Þau snúast um nokkra hundraðkalla og tvo klukkutíma. „Ég sé mikið eftir bíómiðanum á Catwoman en hún er án efa versta mynd sem ég ef séð,“ segir Hilmir, sem getur reyndar sjálfum sér um kennt að hafa dottið í hug að mynd með mjálmandi Halle Berry gæti verið góð.

Hilmir er önnum kafinn þessa dagana en hann vinnur nú bæði að teiknimyndasögu sem koma mun út í haust og leikritinu Heteróhetjur. „Leikritið fjallar um ástarsamband Ashleys Cole og Williams Gallas og er í raun klassísk saga um forboðna ást. Þeir eru ástfangnir og fá ekki að vera ástfangnir,“ segir Hilmir. „Þetta er afskaplega mannlegt verk en auðvitað með gamansömu ívafi. Þetta tekur á svolítið skemmtilegu málefni því 2.500 karlmenn hafa atvinnu af knattspyrnu á Englandi en enginn þeirra er opinberlega samkynhneigður.“

tryggvi@frettabladid.is

SJÓKAYAK NÁMSKEID LEIGA VERSLUN OG LENGRI FERDIR
FRÁ REYKJAVÍK OG STYKKISHÓLMI
SÉRMENNTAD FAGFÓLK Í KENNSLLU OG LEIDSÖGN Á SJÓKAYAK
S:6903877

Meiri afsláttur
Síðustu dagar útsölunnar
50-70% afsláttur
IANA
Laugavegi 53 • s. 552 3737
Opið í dag 10-18



Útsala
50 % afsláttur
af öllum útsöluvörum
opið föstudag 10-18.30, laugardag 10-17
maïa
kvenföthúsbúnaðurtónlistbækurbarnafötfylgihlutirundirföt
laugavegur 86-94, sími 5526066

# SiRKUS

20. JÚLÍ 2007 ■ Böddi og skápurinn ■ Dans á rósum flytur þjóðhátíðarlagið ■ Helga Dýrfinna heillaði með regnbogasöng ...



Margrét Lára komin á fast!



David Beckham:
## HÁRIN & ÁRIN



## FULLKOMINN DAGUR

Hreimur giftist æskuástinni


PIPAR • SÍA • 71167

FRAMTÍÐARHEIMILIÐ ER KOMIÐ Í PRODOMO

*Prodomo er ný verslun sem býður nýjustu hönnun í ljósum og rafbúnaði og háþróaðan stjórnbúnað fyrir lýsingu, tónlist, mynd og hita.*

*Hlíðasmári 1 / 200 Kópavogur*
*Sími 520 4545 / www.prodomo.is*
*prodomo@prodomo.is*

PRODOMO

# fréttir

# Andrea á leið út í fatahönnunarnám



**JÚNÍFORM Andrea Magnúsdóttir og Birta Björnsdóttir stofnuðu saman fatalínu Júníforms. Andrea, sem er til vinstri á myndinni, sagði skilið við Júníform fyrir um einu og hálfu ári. Hún er á leið í nám í fatahönnun í Danmörku.**

Ég er komin til Danmerkur og er að fara að læra fatahönnun," segir Andrea Magnúsdóttir, hönnuður með meiru. Andrea stofnaði fatahönnunarfyrirtækið Júníform, með Birtu Björnsdóttur, fyrir nokkrum árum og það er óhætt að segja að fatalína þeirra hafi slegið í gegn. Fötin hafa rokið út eins og heitar lummur og hafa jafnt íslenskar sem erlendar stjörnur keypt fötin frá þeim.

Andrea sneri kvæði sínu hins vegar í kross og sagði skilið við Júníform fyrir um einu og hálfu ári, þegar hún eignaðist sitt annað barnið. Og nú er hún komin til Danmerkur með fjölskylduna. „Mér fannst það jú frekar erfitt að hætta í Júníform en nú eru nýir og spennandi tímar framundan," segir Andrea. Skólinn sem hún er á leið í heitir Margareth og er um sjötíu ára gamall fatahönnunarskóli, og stendur við sjálft Strikið.

Andrea flyst til Danmerkur með manni sínum Ólafi Ólasyni og börnum þeirra tveimur, Magnúsi Andra og Ísabellu Maríu. „Fjölskyldan ætlar bara að vera saman og njóta þess að hafa gaman á meðan krakkarnir eru litlir," segir Andrea og bætir við. „Það verður gott að komast úr látunum heima."

## Heyrst hefur



### Hrottarnir til í slaginn

Hemmi feiti, útvarpsmaðurinn knái á X-inu, þykir bæði liðtækur handbolta- og knattspyrnumaður. Hemmi kastar bolta með b-liði FH á veturna en á sumrin dregur hann fram takkaskóna og leikur sér ásamt fríðum hópi manna á gervigrasinu í Kaplakrika. Meðal þeirra sem spila fótbolta með Hemma má nefna Hlyn Sigurðsson úr Fasteignasjónvarpinu, Ragnar Pétursson, fyrrverandi ritstjóra tímaritsins Bleikt og blátt, og Úlf Grönvold, listamann og leikmyndasmið. Knattspyrnuhópurinn ætlar að gera sér glaðan dag á sunnudaginn kemur, feta í fótspor FC Nörd og spila við Hrottana, knattspyrnufélag fanga á Litla-Hrauni. Hrottarnir þykja ansi lunknir knattspyrnumenn en þeir völtuðu meðal annars yfir nördana þegar þeir gerðu sér ferð þangað.



### Stelpur úti um allan bæ

Vegfarendur í miðbæ Reykjavíkur hafa rekið í rogastans síðustu daga en upptökur á þáttunum Stelpunum hafa farið þar fram og víðar um borgina. Gamanþátturinn Stelpurnar, er einn sá skemmtilegasti sem sýndur hefur verið síðustu ár, heldur áfram göngu sinni á Stöð 2 í haust. Silja Hauksdóttir leikstýrir nýju þáttaröðinni en fyrsta verk hennar í bransanum var kvikmyndin Dís, sem þótti nokkuð vel heppnað byrjendaverk.

MARGRÉT LÁRA VIÐARSDÓTTIR ER KOMIN Á FAST MEÐ NEMA Í SJÚKRAÞJÁLFUN:

# MARKADROTTNINGIN GENGIN ÚT



Markadrottningin Margrét Lára Viðarsdóttir er gengin út. Hinn heppni heitir Einar Örn Guðmundsson, handboltakappi sem uppalinn er í Val en spilar nú með Aftureldingu. Margrét Lára verður 21 árs á miðvikudaginn kemur. Einar Örn er hins vegar tveimur árum eldri.

Einar Örn stundar af kappi nám í sjúkraþjálfun og gerir það með glans. Flaug í gegnum klásusinn sem og fyrsta árið, sem margir telja það erfiðasta. Sjúkraþjálfunin ætti líklega að koma sér vel fyrir Margréti Láru sem þarf stundum á aðhlynningu að halda eftir atganginn á vellinum þar sem hún þarf að kljást við harðskeytta andstæðinga sem hlífa henni ekki við spörkum eða öðrum fólskubrögðum.

Á sumrin hvílir Einar Örn sig frá náminu og starfar hjá heildsölu Ásbjörns Ólafssonar, sem hefur meðal annars umboð fyrir Prins Póló súkkulaðikexið.

Hvorki Margrét Lára né Einar Örn vildu tjá sig um samband þeirra. Heimildir Sirkuss herma þó að þau hafi verið að stinga nefjum saman síðustu þrjá mánuði eða svo.

Og Margrét Lára virðist ekki hafa krækt sér í neinn aukvisa. Að minnsta kosti voru allir viðmælendur Sirkuss á einu máli um að Einar Örn væri hinn vænsti drengur.



**TURTILDÚFURNAR Margrét Lára og Einar Örn hafa verið að stinga nefjum saman síðustu mánuði en vilja þó ekki tjá sig um sambandið.**

„Einar er rólegur og duglegur drengur. Hann er toppnáungi í alla staði, hvort sem er í vinnu eða skóla. Allt sem hann tekur sér fyrir hendur gerir hann mjög vel," segir Óskar Bjarni Óskarsson, þjálfari handboltaliðs Vals. Í sama streng tekur Pálmar Pétursson, markvörður Vals og gamall vinur Einars Arnar. „Einar er hjartahlýr mömmustrákur," segir Pálmar sem kynntist Einari í gegnum handboltann. „Einar er toppnáungi og fær öll mín bestu meðmæli. Ég held að vísu að þau séu bæði toppmanneskjur," segir Pálmar um turtildúfurnar tvær.



**ÓSKAR BJARNI Þjálfari Vals segir Einar Örn vera hinn vænsta dreng. Sömu sögu segja aðrir félagar Einars.**






## Eggert byggir á æskustöðvunum

**Eggert Skúlason, almannatengill með meiru og fyrrverandi fréttamaður á Stöð 2, er nú að leggja lokahönd á sumarhús sitt á æskustöðvunum við Sunnubraut í Vík í Mýrdal. Eggert, sem hefur skjólstæðinga á borð við knattspyrnukappann Eið Smára Guðjohnsen og viðskiptamógúlinn Magnús Þorsteinsson á sínum höndum, hefur verið að vinna í húsinu undanfarna mánuði ásamt konu sinni, Önnu Huld Óskarsdóttur. Sumarhúsið, sem stendur við Sunnubraut 10 og er 105 fermetra timburhús, er nú alveg að verða tilbúið og stutt í að þau hjón geti flutt inn og farið að njóta lífsins á æskuslóðunum.**



**EGGERT SKÚLASON Eggert er annálaður veiðimaður og mun ábyggilega dvelja í sumarhúsinu góða á milli þess sem hann skýst í veiðiferðir á Austurlandi.**




*Vinnur þú*

# *lúxusferð*

## *á rauða dregilinn*

*í London 15. ágúst?*

Heppinn félagi í Bíóklúbbi MasterCard vinnur fimm daga lúxusferð fyrir 2 til London og fær að fylgja stjörnunum eftir rauða dreglinum og sjá stórmyndina The Bourne Ultimatum með stjörnunum 15. ágúst.

Einnig vinna 150 félagar í klúbbnum tvo miða á sérstaka MasterCard forsýningu á myndinni á Íslandi 16. ágúst, 6 dögum fyrir frumsýningu.

Skráðu þig í Bíóklúbb MasterCard á www.mastercard.is/bio og notaðu MasterCard kortið!

Drögum úr öllum færslum félaga í Bíóklúbbnum föstudaginn 3. ágúst 2007.

**www.mastercard.is/bio**

MasterCard

# SKÍFU LISTINN

## VINSÆLASTA TÓNLISTIN

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1 | Ýmsir | – | Í brekkunni: Eyjalögin 2cd |
| 2 | Kk og Maggi Eiríks | ↑ | Langferðalög |
| 3 | Ýmsir | ↓ | 100 Íslensk 80's lög |
| 4 | Ljótu Hálfvitarnir | – | Ljótu Hálfvitarnir |
| 5 | Mika | ↑ | Life in Cartoon Motion |
| 6 | Hvanndalsbræður | ↓ | Skást of |
| 7 | Ýmsir | ↓ | Number 1 3CD |
| 8 | Gus Gus | ↑ | Forever |
| 9 | Tríó B.Thor og A.Gyl | N | Vorvísur |
| 10 | Garðar Thor Cortes | ↓ | Cortes 2007 |
| 11 | Interpol | N | Our Love To Admire-Special Ed. |
| 12 | Jógvan | ↓ | Jógvan |
| 13 | Lada Sport | ↑ | Time And Time Again |
| 14 | Lay Low | ↑ | Please Don't Hate Me |
| 15 | Laddi | – | Hver er sinnar kæfu smiður |
| 16 | Björk | ↓ | Volta |
| 17 | Amiina | A | Kurr |
| 18 | Skoppa og Skrítla | A | Á söngferðalagi |
| 19 | Klaufar | N | Hamingjan er björt |
| 20 | Kings Of Leon | N | BecauseOf The Times |

Listinn gildir vikuna 19. júní - 26. júlí 2007

A Aftur á lista N Nýtt á lista ↓ Lækka frá síðustu viku ↑ Hækkar frá síðustu viku – Stendur í stað

### Langferðalög

KK og Maggi Eiríks eru heldur betur að slá í gegn með nýja geisladisknum Langferðalög, tilvalinn diskur til að hafa með í ferðalagið.





### Hver er sinnar kæfu smiður

Það er með ólikindum hvað diskurinn hans Ladda er búinn að seljast frá áramótum og á án efa eftir að vera einn mest seldi diskur ársins þegar árið verður gert upp. smiður.

## Nældu þér í eintak

S·K·Í·F·A·N




BJARNVEIG, DR. GUNNI OG BÖRN Dagbjartur Óli og Elísabet Lára eru uppnefnd Lufsi og Skufsan en Bjarnveig Lufsan. Lalla-nafngift Dr. Gunna hefur þó ekki fest við hann. MYND/RÓSA

DR. GUNNI OG BJARNVEIG MAGNÚSDÓTTIR ERU VEL GIFT:

# Lufsan grafin í giftingarhringinn

Ég man nú ekki hvenær Gunnar byrjaði á þessu, það var einhvern tímann mjög snemma í sambandinu," segir Bjarnveig Magnúsdóttir, sem margir þekkja betur sem Lufsuna – eiginkonu Dr. Gunna.

Dr. Gunni, sem heitir í raun Gunnar Lárus Hjálmarsson, hefur í lengri tíma kallað konuna sína Lufsuna, bæði á heimasíðu sinni sem og í Bakþönkum Fréttablaðsins. Og nafngiftin hefur farið fyrir brjóstið á mörgum. En ekki Bjarnveigu. „Nafnið er komið úr texta frá Rottweilerhundunum og þar var orðið notað í neikvæðri merkingu. Það eru margir sem hneykslast á þessu en mér finnst þetta alls ekki niðurlægjandi því ég veit að nafnið hefur fallega merkingu í huga Gunnars," segir Bjarnveig og bætir við: „Þetta nafn, Lufsan, er meira að segja grafið í giftingarhringinn hans Gunnars. Lufsan stendur inni í hans hring en Lalli stendur inni í mínum hring."

Dr. Gunni hefur þó ekki látið þar við sitja því hann uppnefnir börn þeirra Bjarnveigar einnig. Strákurinn, sem er eldri, heitir Dagbjartur Óli og er kallaður Lufsi litli en stúlkan heitir Elísabet Lára og er kölluð Skufsan eða Elgurinn. „Við vitum öll í fjölskyldunni að þetta er afskaplega vel meint og fólkið í kringum okkur er orðið vant þessu. Ég nota meira að segja Lufsunafnið stundum sjálf, ef ég er að senda SMS eða tölvupóst," segir Bjarnveig, sem kallar eiginmann sinn þó iðulega Gunnar. „Lalla-nafnið hefur ekki náð að festast jafnvel við Gunnar."








SUNGIÐ TIL SIGURS? Helga Dýrfinna stóð sig frábærlega í söngnum í gær en spurning er hvort hann nægi henni til sigurs í hæfileikakeppninni.

# Heillaði dómnefndina með regnbogasöng

„Þetta hefur bara gengið alveg ótrúlega vel," segir Helga Dýrfinna Magnúsdóttir, stoltur fulltrúi Íslands í fegurðarsamkeppninni Miss Tourism 2007, sem fram fer í Kína. Helga Dýrfinna, sem var í forsíðuviðtali við Sirkus fyrir tveimur vikum, er ein af 110 þátttakendum sem keppa um titilinn eftirsótta. Auk aðaltitilsins er keppt um aðra smærri titla, það er hæfileikakeppni, ungfrú bikiní, diskódrottningin og besti þjóðbúningurinn. Helga Dýrfinna steig á svið í fyrradag og söng Somewhere over the Rainbow og var nokkuð sátt við árangurinn. „Söngurinn gekk ótrúlega vel en ég fæ ekki að vita niðurstöðuna strax," segir Helga Dýrfinna sem heillaði dómnefndina upp úr skónum með söng sínum. Fyrr í vikunni var einnig keppt um fallegasta brosið en þann titil hreppti fulltrúi heimamanna.

Miss Tourism-keppnin, sem er fimmta stærsta fegurðarsamkeppni heims, stendur fram til loka mánaðarins þegar sjálf Miss Tourism verður krýnd. Íslendingar geta lagt Helgu Dýrfinnu lið og kosið hana á vefsvæði keppninnar, www.misstqi.com.


emmessís
Hjólaðu í hann!
Ananas
Grænn
Sykurlausir Lurkar
Pinnar
Karamellu
Popp
Vanilla
Grænn
Tívolí
Toppar
Lurkar
Tommi og Jenni
Daim
Egils Appelsín
NÝTT
Rauður
Mix
Hnetu
Tyggjótrúður
Vanillu-stöng
SJEIK
Súkkulaði
Djæf
Vanilla
Mars
Snickers
Maltesers
GRÍMAN



LÍTIL JAKKAFATATÝPA „Ég dýrka þessi hvítu jakkaföt enda get ég ekki átt neitt sem er eins og aðrir eiga. Það er ekkert mottó heldur gerist það bara þannig. Þessi föt eru það fínasta sem ég á en ég keypti þau í GK." MYND/DANÍEL



ENGIN MERKJAFRÍK „Ég hef aldrei verið merkjamaður en datt hins vegar inn á Orange-línuna hjá Hugo Boss. Leðurjakkinn er úr All Saints en skyrtan og gallabuxurnar eru frá Hugo Boss."



ÍSLENSK HÖNNUN „Þessi föt eru eftir Selmu Ragnarsdóttur en hún saumaði þau á mig fyrir um 5-6 árum. Ég lét hana svo breyta þeim þegar ég hélt opnunarpartiið hjá Jóa og félögum. Þá skaut hún göt í fötin, keyrði yfir þau á nagladekkjum og setti í þau gadda. Ég get ekki notað þau við mörg tilefni, þau eru það ýkt."



ROSALEGUR KÚREKI „Hettupeysan er Hugo Boss og gallabuxurnar Diesel. Ég vil helst að gallabuxurnar mínar séu allt annað en venjulegar og svo hefur alltaf verið rosalegur kúreki í mér. Ég held ég eigi átta eða níu pör af skóm í kúrekafíling."

BÖÐVAR ÞÓR EGGERTSSON HÁRGREIÐSLUMAÐUR, BETUR ÞEKKTUR SEM BÖDDI, VEKUR ALLS STAÐAR ATHYGLI FYRIR SÉRSTAKAN OG ÁBERANDI STÍL.

# FÍLAR ÖÐRUVÍSI OG ÝKT FÖT

fötin mín

Ég reyni að versla sem mest hér á landi en mér finnst herratískan í Kaupmannahöfn alveg upp á tíu. Þar eru svo margar búðir í þeim stíl sem ég fíla," segir Böðvar Þór Eggertsson hárgreiðslumeistari, betur þekktur sem Böddi hjá Jóa og félögum. Böddi hefur lifað og hrærst í heimi tískunnar um árabil og vekur ávallt athygli fyrir sérstakan og áberandi stíl. Sjálfur segist hann ekki elta tískuna í blindni þótt hann fylgist mikið með henni. „Ég hef alltaf haft þennan áhuga og konan mín gerir óspart grín að mér en ég veit að hún fílar þetta. Þegar við erum að taka okkur til fyrir djammið er eins og við séum tvær konur að fara saman. Ég hef gaman af því að pæla í hennar fötum og hún getur alltaf spurt mig hvort þetta eða hitt sé flott. Ég hef alltaf haft sérstakan fatasmekk en áhuginn fylgir hárgreiðslunni þótt það sé mikið af fólki í faginu sem mætti alveg skoða sinn stíl," segir Böddi og brosir. „Ég einblíni ekkert endilega á það sem er í tísku en fæ hugmyndir í tískublöðunum. Ef maður fílar sig ekki í fötunum eða fílar ekki klippinguna eru 99% líkur á að það sé ekki flott. Það er alltaf gott að fá komment frá afgreiðslufólkinu en ef þér líður ekki vel í fötunum sem þú ert að máta áttu ekki að kaupa þau."

Böddi segir Íslendinga framarlega þegar kemur að tísku. Karlmenn á hans aldri mættu samt taka meiri áhættu en ungir strákar þori frekar að klæða sig eins og þá langar. „Sjálfum finnst mér ég alveg ómögulegur ef ég er of eðlilega klæddur og ég er fljótur að fá leiða á fötunum. Stíllinn minn er ýktur, ég er skartgripasjúkur og pæli líka mikið í gleraugum," segir Böddi og bætir við að hann taki syrpur í fatakaupum. „Ef ég sé eitthvað sem mig langar í kaupi ég það alveg pottþétt því það er ekkert víst að mig langi í það á morgun."

indiana@frettabladid.is


Íslensk list gerir hús að heimili
. . .





LISTMUNASALA fold

Opið laugardaga, í Kringlunni 10–18, Rauðarárstíg 11–14

Rauðarárstígur 14, sími 551 0400 · Kringlan, sími 568 0400 · www.myndlist.is

Gallerí Fold · Rauðarárstíg og Kringlunni

BYLGJAN 989

# NINGS Sumarleikur

Sumar tilboð

ATHI TILBOÐIÐ ER EINGÖNGU AFGREITT FYRIR 2 EÐA FLEIRI • EF ÞÚ HRINGIR OG SÆKIR FYLGIR 2L. COKE MEÐ TILBOÐINU

krónur 1295 á mann

krónur 2590 fyrir tvo



Eggjanúðlur með grænmeti,
Svínakjöt og grænmeti í drekasósu
Kjúklingur og grænmeti í ostrusósu
Djúpsteiktar rækjur með súrsætri sósu,

Við drögum tvisvar í viku í allt sumar í morgunþætti Ívars Guðmundssonar á Bylgjunni.
**Á föstudögum:** Borgarferð fyrir 2 til Evrópu með Icelandair, 10 manna matarveislu frá Nings og sumaráskrift að Séð og Heyrt.
**Á miðvikudögum:** 6 mánaða kort í World Class Laugum, sumaráskrift að Séð og Heyrt, bensín úttekt frá Olís og sumarglaðning frá Vífilfelli.

**Og í lok sumars drögum við út flottan Volkswagen Golf með sportpakka til afnota í heilt ár.**

*Drögum í lok sumars...*
**Volkswagen Golf til afnota í eitt ár frá Heklu**

Coca-Cola
*Drögum vikulega í allt sumar...*
Sumarglaðning frá Vífilfelli

WWW.ICELANDAIR.IS
*Drögum vikulega í allt sumar...*
Evrópuferð fyrir 2 með Icelandair

NINGS
*Drögum vikulega í allt sumar...*
Matarveisla frá Nings fyrir 10 manns

LAUGAR
*Drögum vikulega í allt sumar...*
6 mánaða kort í World Class Laugum

SÉÐ OG HEYRT
*Drögum vikulega í allt sumar...*
Sumaráskrift að Séð og heyrt

olís
*Drögum vikulega í allt sumar...*
Bensín úttekt frá Olís

Klikkaðir Aukavinningar
Biomega reiðhjól
biomega



Hrönn Sigurðardóttir
Bikarmeistari í vaxtarækt 2006 og Íslandsmeistari í vaxtarækt 2007 velur heilsurétti Nings

Magnús Bess
Margfaldur Íslandsmeistari í vaxtarækt velur heilsurétti Nings

Þú færð þátttökuseðil þegar þú kaupir mat á Nings, fyllir hann út og þú ert með í leiknum.



# NINGS

SUÐURLANDSBRAUT 6, HLÍÐASMÁRA 12, VIÐ GULLINBRÚ SÍMI: 588 9899 OG KAUPVANGSSTRÆTI AKUREYRI SÍMI: 440 6600

# STÖNDUM STERK SAMAN ÞRÁTT FYRIR ERFIÐLEIKA



FULLKOMINN DAGUR Hreimur Örn og Þorbjörg Sif voru gefin saman þann 30. júní í fallegri athöfn í Hlíðarendakirkju í Fljótshlíðinni.

**HREIMUR ÖRN HEIMISSON** tónlistarmaður gekk að eiga æskuást sína í síðasta mánuði. Hreimur segir brúðkaupsdaginn einfaldlega fullkominn en um alvöru sveitabrúðkaup var að ræða. Brúðkaupsbíllinn var traktor með heyvagn í eftirdragi.

Við erum ekki hættir en erum þessa stundina að vinna að sitt hvoru starfinu," segir tónlistarmaðurinn Hreimur Örn Heimisson en hljómsveitin Land og synir hefur tekið sér langa pásu. Hreimur mun ásamt Vigni Snæ Vigfússyni troða upp á Þjóðhátíð en þar hefur hann spilað nánast um hverja verslunarmannahelgi síðustu tíu árin fyrir utan árið í fyrra. „Við í hljómsveitinni viljum ekki starfa í þessu bandi nema gera það af heilum hug og myndum aldrei koma saman til þess eins að næla okkur í nokkra aura," segir Hreimur og bætir við að hann sé spenntur fyrir Þjóðhátíð. „Stemningin sem þar myndast er öðruvísi en allt annað og Eyjamenn eru yndislegt fólk sem taka manni ávallt opnum örmum. Stefnan var samt fjölskylduútilega en vegna fjölda áskorana ákvað ég að fara til Eyja. Ég samdi nokkur Þjóðhátíðarlög og pressan var mikil frá innfæddum um að ég tæki t.d. Lífið er yndislegt en það lag virðist öðlast nýtt líf um hverja verslunarmannahelgi," segir hann og bætir við að eiginkona hans, Þorbjörg Sif Þorsteinsdóttir og dóttir þeirra, Embla Margrét, ætli ekki með honum til Eyja. Þær muni halda sínu striki og fara í fjölskylduútilegu.

## Alvöru sveitabrúðkaup

Aðspurður um hvort líf popparans reyni á styrk fjölskyldunnar segir hann svo vera. „Við Vignir erum búnir að spila mjög mikið en reynum að gera þetta í sátt og samlyndi við konurnar okkar. Vignir er líka fjölskyldumaður svo við erum saman í þessari baráttu og reynum að skila okkar heima fyrir enda eru konurnar líka útivinnandi. Ég er bara svo mikill sveimhugi og það lendir oft á konunni að slá á puttana á mér og passa að við eigum okkar tíma saman. Eftir að Embla fæddist hef ég samt lagast mikið og er mun samviskusamari. Það er ekki auðvelt líf að vera gift tónlistarmanni og ég held að allir makar tónlistarfólks geti tekið undir það, sama hvort um sinfóníu- eða sveitaballahljómsveit er að ræða. Tíminn sem fer í tónlistina er mikill og bið einkennir bransann svo það þarf mikla þolinmæði. Konan mín er mjög þolinmóð og það er eitthvað sem hún mun alltaf eiga á mig. Ég reyni samt að skila mínu til baka en er fyrir löngu búinn að læra að það er ekki nóg að kaupa hluti. Tími fyrir fjölskylduna er mikilvægari en peningar og flott föt," segir Hreimur en þau Þorbjörg Sif gengu í það heilaga þann 30. júní. „Við giftum okkur í Hlíðarendakirkju í Fljótshlíðinni í virkilega fallegri athöfn," segir Hreimur sem átti afmæli eftir miðnætti í veislunni og fékk því afmælissönginn sunginn af veislugestum. Sjálfur lét Hreimur vera að syngja í athöfninni en hjónakornin fengu í stað þess hluta af karlakór Rangæinga „Öðlingana" og tvær frænkur Hreims, þær Hönnu Soffíu og Berglindi Sverrisdætur, til að sjá um tónlistina. Bónorðið fékk Þorbjörg fyrir um fimm árum þegar þau voru stödd í Noregi þar sem fjölskylda Hreims býr. „Okkur lá ekkert á og við vildum láta reyna vel á sambúðina áður en við létum pússa okkur saman. Svo kýldum við á þetta þegar við vorum orðin viss í okkar sök," segir Hreimur sem kemur úr Vestur-Landeyjum en Þorbjörg er frá Hvolsvelli.



FALLEG FJÖLSKYLDA Hreimur ásamt Þorbjörgu Sif eiginkonu sinni og Emblu Margréti dóttur þeirra.

„Við erum því bæði úr sveit og þetta var sannkallað sveitabrúðkaup. Brúðkaupsbíllinn var til dæmis traktor með heyvagn í eftirdragi," segir hann hlæjandi.

## Gott að eiga góða konu

Hreimur segir foreldrahlutverkið virkilega skemmtilegt þótt það geti vissulega tekið á. „Þetta getur verið erfitt en verðlaunin sem maður fær á hverjum degi eru svo sannarlega þess virði. Þótt hún grenji í átta klukkutíma þarf maður ekki nema eitt knús og bros og allt verður í lagi." Aðspurður hvort poppbransanum fylgi mikið djamm og djúserí segir hann ekki svo vera í sínu tilfelli. „Ekki nema maður vilji það sjálfur og við Vignir erum sjaldnast að spila langt fram á nótt. Við spilum frekar til svona eitt og þá förum við heim. Ég er búinn að vera lengi í þessum bransa og byrjaði í

**viðtal**

Landi & Sonum aðeins 18 ára. Sem betur fer kynntist ég aldrei þessu djammlífi af einhverri alvöru, ég var heppinn með hljómsveitarmeðlimi sem leiðbeindu mér í rétta átt. Þeir Birgir Nielsen, Njáll Þórðarson, Gunnar Þór Eggertsson og Jón Guðfinnsson ólu mig hálfpartinn upp. Maður var algjör kjúklingur og heppinn að vera með þessum góðu mönnum sem höfðu reynslu í bransanum." Hreimur segir að Þorbjörg hafi einnig haft áhrif á að hann héldi sér á beinu brautinni. Þau hafi byrjað saman ung og það hafi hjálpað honum að eiga að góða konu. „Samband okkar gekk þó ekki streitulaust fyrir sig og við mættum miklum erfiðleikum í kringum 2001-2002. Þá hafði hljómsveitin gert samning við Warner í Bandaríkjunum og þótt Þorbjörg reyndi að sýna ævintýrinu skilning þurfti hún að sitja heima og bíða í óvissu um hvað myndi gerast á meðan ég var að garfast í þessu ævintýri sem síðan hvarf með 11. september. Á þessu tímabili reyndi mjög á samband okkar en við náðum að veðra af okkur þessi áföll og stöndum í dag sterk saman þrátt fyrir erfiðaleikana." Þegar brúðkaupsdaginn ber aftur á góma segist Hreimur ekki hafa getað beðið um neitt betra eða meira. „Það hafði verið skýjað allan daginn en rétt fyrir athöfnina létti til svo sólin skein. Þorbjörg klæddist giftingarkjól mömmu sinnar og var svo falleg að presturinn gleymdi hvar hann var staddur. Dagurinn var einfaldlega fullkominn."

*indiana@frettabladid.is*

„ÞETTA GETUR VERIÐ ERFITT EN VERÐLAUNIN SEM MAÐUR FÆR Á HVERJUM DEGI ERU SVO SANNARLEGA ÞESS VIRÐI. ÞÓTT HÚN GRENJI Í ÁTTA KLUKKUTÍMA ÞARF MAÐUR EKKI NEMA EITT KNÚS OG BROS OG ALLT VERÐUR Í LAGI."




SafeFormula
sjampó og hárnæring
fyrir allar hárgerðir



– gæði fyrir fjölskylduna



SLEIKT Úff, hvað var málið með þessa greiðslu. Það mætti halda að hann væri að fela eitthvað.

# BECKHAM
## HINN HÁRFAGRI

Það eru án efa fáir karlmenn sem eyða jafn miklum tíma fyrir framan spegilinn og herra David Beckham. Hann er örugglega með sérvalið lið klippara og stílista sem eru á bankastjóralaunum við að passa upp á lokka Beckhams.



SNOÐAÐA TÝPAN Þetta fer Beckham alls ekki.



KLASSÍSK Þessi klipping hefur staðist tímans tönn.



LAFÐI LOKKAPRÚÐA Beckham með síða hárið var algjör snilld.



SVART OG HVÍTT Nýjasta lúkkið. Svart skegg og silfurlitað hár.



STRÍPUR Enginn nema Beckham gæti verið með svona fullkomnar strípur.



VÓ, BLONDÍ Beckham aflitaði hárið á sér til að vera í stíl við konuna.






Þú missir ekki bara bílprófið ef þú ekur of hratt, heldur gæti bíllinn þinn verið gerður upptækur og þú greitt sekt sem jafngildir mánaðarlaunum margra.

**Hraðakstur borgar sig ekki - Í ALVÖRUNNI!**

UMFERÐARSTOFA

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA



ÞÓRUNN ARNA „Planið hefur alltaf verið að verða leikkona en ég tók bara plan B á undan plani A," segir Þórunn Arna. MYND/PJETUR

# Úr söngnum í leiklistina

Ég útskrifaðist með B.Mus gráðu í söng fyrir einu ári frá Listaháskólanum og skrapp í framhaldi af því niður um eina hæð og hóf nám í leiklist við sama skóla," segir Þórunn Arna Kristjánsdóttir söngkona sem var að klára fyrsta árið í leiklistardeild Listaháskóla Íslands. „Planið hefur alltaf verið að verða leikkona en ég tók bara plan B á undan plani A," segir hún brosandi og bætir við að hún hafi leikið síðan hún var lítið stelpa á Ísafirði. „Það að leika hélt í mér lífinu í söngnáminu. Fyrir mér er leiklistin mun skemmtilegra form og liggur betur fyrir mér en að standa ein og syngja. Söngurinn og leiklistin passa líka mjög vel saman og maður græðir á öllu námi svo ég sé alls ekki eftir að hafa lært sönginn. Ég stefni ekki á að verða söngkona en söngurinn á eftir að fylgja mér alla tíð og nýtist mér þegar þess þarf svo mér finnst ég hafa grætt mjög mikið."

Þórunn Arna er þessa dagana að æfa nýtt leikrit, Heteróhetjur: Með fullri virðingu fyrir Ashley Cole en aðstandendur sýningarinnar eru allir nemar við leiklistadeildina. „Við munum frumsýna þann 7. ágúst á leiklistahátíðinni Art Fart. „Hingað til hef ég sungið í flestum uppfærslum sem ég hef tekið þátt í en í þessari sýningu er söngurinn settur í frost. Verkið er grátbroslegt fyrir allan peninginn og er áhorfandanum boðið í rússíbanareið um litróf tilfinninga tveggja samkynhneigðra knattspyrnumanna. Eru ekki annars til samkynhneigðir knattspyrnumennn?"

*indiana@frettabladid.is*

HLJÓMSVEITIN DANS Á RÓSUM FLYTUR ÞJÓÐHÁTÍÐARLAGIÐ Í ÁR.

# Heiður að flytja þjóðhátíðarlagið

Við höfum spilað á þjóðhátíð nokkuð mörg ár í röð og þegar við höfum ekki verið að spila höfum við alltaf mætt og skemmt okkur. Maður lætur sig ekki vanta á þjóðhátíð," segir Þórarinn Ólason, söngvari hljómsveitarinnar Dans á rósum en sveitin flytur þjóðhátíðarlagið í ár sem heitir Stund með þér. Þeir félagar, sem hafa starfað saman í sextán ár og eru flestir úr Vestmannaeyjum, fengu Heimi Eyvindarson úr hljómsveitinni Á móti sól til að semja textann við lagið en hann samdi einnig textann við þjóðhátíðarlagið árið 2000. Aðspurður segir Heimir allt öðruvísi að semja texta við þetta eina lag en öll önnur.

„Maður reynir að fanga ákveðna stemningu og við í Á móti sól erum náttúrulega þjóðhátíðarfreaks. Það kemur aldrei neitt annað til greina en að spila á þjóðhátíð, frekar myndum við sleppa að spila þessa helgi," segir Heimir.

Þórarinn segir að það sé svakalegur heiður að fá að flytja þjóðhátíðarlagið og að sveitin sé að vissu leyti að uppskera eftir margra ára spilamennsku. „Við fengum góðar viðtökur frá heimamönnum þegar við spiluðum á goslokahátíð og það verður spennandi að heyra hvernig landsmenn taka okkur," segir Þórarinn sem bíður spenntur eftir verslunarmannahelginni.



HLJÓMSVEITIN DANS Á RÓSUM Sveitina skipa: Söngvarinn Þórarinn Ólason, gítarleikarinn Eyvindur Ingi Steinarsson, Viktor Ragnarsson sem spilar á bassa og trommuleikarinn Sigfús Ómar Höskuldsson.

Aðspurður viðurkennir hann að sveitin, Dans á rósum, fái töluvert meiri athygli í ár þar sem sveitin flytur aðallag hátíðarinnar. „Þetta er rosalega skemmtilegt og við höfum þurft að kynna okkur. Um helgina verðum við á Akureyri og þann 21. júlí ætlum við að hita upp fyrir þjóðhátíð á Players í Kópavogi. Það er alltaf gaman þegar vel gengur," segir Þórarinn og bætir við að það sé aldrei að vita við hverju megi búast frá sveitinni um verslunarmannahelgina. „Við höfum verið að slá hvert metið af fætur öðru og spiluðum til að verða níu á mánudagsmorgun á síðustu þjóðhátíð. Þegar við loksins hættum var pallurinn enn þá kjaftfullur og yndislegt veður eins og er alltaf í Vestmanneyjum. Maður á líklega ekkert að vera með neinar yfirlýsingar en það er aldrei að vita nema við sláum nýtt met."

*indiana@frettabladid.is*




# PVC Gluggar • Sólhýsi Hurðir • Svalalokanir



*Frábær lausn í bæði gamalt og nýtt:*
*Einbýlið, fjölbýlið, sumarhúsið eða hvar þar sem fegurð og gæði njóta sín.*



TOPLINE gluggar og hurðir



DANLINE gluggar











***Hafðu samband og við ráðleggjum þér***

**GLUGGA- OG GLERHÖLLIN**

Ægisbraut 30 • 300 Akranes • Sími: 431 2028 • Fax: 431 3828
Netfang: glerhöllin@glerhöllin.is • Heimasíða: www.glerhöllin.is

***Einangrunargler - Öryggisgler – Speglar***








**Sigríður Klingenberg spáir í Sirkus**
www.klingenberg.is

# Skorar þegar hann getur

Bjarni er ás og þar af leiðandi leiðtogi og ákaflega ábyrgur drengur," segir spákonan Sigríður Klingenberg um knattspyrnumanninn Bjarna Guðjónsson. „Bjarni vill gera hlutina sjálfur og þótt það hafi farið mikið fyrir honum þegar hann var ungur þurfti ekki mikið að passa upp á hann. Hann var bara úti að leika enda hefur hann mikla leikgleði. Bjarni er heiðarlegur og vinsæll og honum er bara í blóð borið að skora mark þegar hann getur. Bjarni er að fara yfir á töluna 2 sem er góð tala fyrir hann. Ég get ekki betur séð en hann eigi eftir að eiga eitt barn enn, það er allavega bankandi á gluggann hjá honum með mikla ríkjandi orku í kringum sig, sem sagt enn einn fótboltakappinn í þessa ætt. Bjarni er að fara yfir á gott ár, árið 2008 er árið sem hann á að taka áhættu og allt mun ganga vel."



**BJARNI GUÐJÓNSSON**
**Samkvæmt Sigríði Klingenberg mun Bjarni eignast þriðja barnið fljótlega.**

# SPURNINGAKEPPNI sirkuss

SPURNINGAKEPPNI SIRKUSS HELDUR ÁFRAM. HELGI SELJAN SIGRAÐI ÓLAFÍU HRÖNN Í SÍÐASTA ÞÆTTI SEM SKORAÐI Á TÓNLISTARKONUNA RAGNHILDI GÍSLADÓTTUR. EKKI NÁÐIST Í RÖGGU GÍSLA EN LEIKKONAN VIGDÍS GUNNARSDÓTTIR TÓK ÁSKORUNINNI.

**1. Hvað heitir nýjasta plata Toto?**
**2. Hver skrifaði bókina Dauðans óvissi tími?**
**3. Hvað heitir nýjasta Harry Potter-myndin?**
**4. Við hvaða fjörð er Grenivík?**
**5. Hjá hvaða liði ekur ökuþórinn Lewis Hamilton í Formúlu 1?**
**6. Í hvaða borg gerast Simpsons-þættirnir?**



**7. Hver er besta vinkona Oprah?**
**8. Með hvaða knattspyrnuliði spilar varnarmaðurinn Jamie Carragher?**
**9. Hvað heitir þáttaröðin um nornirnar Piper, Phoebe og Paige?**
**10. Hver er eiginkona körfuboltamannsins Tony Parker?**



## Helgi Seljan 5 RÉTT SVÖR

1. Toto.
2. Þráinn Bertelsson.
3. Harry Potter og Fönixreglan.
4. Eyjafjörð.
5. Williams.
6. Springfield.
7. Jennifer Aniston.
8. Liverpool.
9. Veit ekki.
10. Man ekki.



## Vigdís Gunnars 5 RÉTT SVÖR

1. Veit það ekki.
2. Man ekki.
3. Uppreisnin er hafin.
4. Eyjafjörð.
5. Mclaren.
6. Springfield.
7. Rachel Ray.
8. Liverpool.
9. Charmed.
10. Litla dökkhærða í Desperate Housewives

**Svör: 1.** Falling In Between. **2.** Þráinn Bertelsson. **3.** Harry Potter og Fönixreglan. **4.** Eyjafjörð. **5.** McLaren. **6.** Springfield. **7.** Gayle. **8.** Liverpool. **9.** Charmed. **10.** Eva Longoria.

Helgi og Vigdís fá bæði 5 stig. Helgi er ósigraður svo hann heldur áfram í næstu umferð. Vigdís skorar á leikkonuna Elvu Ósk Ólafsdóttur. Fylgist með í næstu viku.




**ALLT Í DRASLI**
**Margrét Sigfúsdóttir og Eva Ásrún Albertsdóttir munu stýra þættinum Allt í drasli í haust.**

# Eva Ásrún á kafi í drasli

„Nú er bara allt í drasli hjá mér, ég veð úr einu í annað," segir Eva Ásrún Albertsdóttir, söngkona með meiru, sem mun stýra sjónvarpsþættinum Allt í drasli ásamt Margréti Sigfúsdóttur sem sýndur verður á Skjá einum í vetur. „Tökur eru þegar hafnar og ganga bara alveg ótrúlega vel. Við erum uppi í Engihjalla núna og það er nóg að gera," sagði Eva Ásrún í samtali við Sirkus.

Eva Ásrún hefur tekið við hlutverki Heiðars Jónssonar snyrti sem stýrði þættinum með miklum myndarbrag á síðasta ári. Eva segir það vissulega erfitt að feta í fótspor Heiðars. „Það er erfitt en ég hugsa það ekki þannig. Það kemur alltaf eitthvað nýtt með nýrri manneskju og þátturinn verður bara aðeins öðruvísi fyrir vikið," segir söngkonan.

Eva Ásrún, sem er ein frægasta bakraddarsöngkona landsins og söng um árabil með Snörunum, er enginn nýgræðingur í sjónvarpinu. Um tíma leysti hún af í Kastljósinu auk þess sem hún hefur kynnt hina ýmsu vinsældalista. „Svo hef ég kynnst sjónvarpinu vel í gegnum sönginn enda oft sungið þar," segir Eva Ásrún sem hefur í nógu að snúast þessa dagana því auk sjónvarpsþáttarins starfrækir hún eigið fyrirtæki. „Ég er alltaf með mörg járn í eldinum," segir söngkonan síkáta.

# helgin

## Hvað er best á grillið?

„Mér finnst nautas
sýnd grillið. Það ve
henni, hún verður a
Meðlæti myndi ég
og ferskt grænme

Valur Heiðar Sæva



„Sólin skín, mohito
grillast ásamt sólþ
ólívum og þistilhjö
og eðal hvítvín."

Kirstín Erna Blöndal söngkona

„Mér finnast hamborga
þeir eru klassískir og e
lítillar fyrirhafnar."

Erlingur Óttar Thorodds






Hún er eiginlega spenntari en ég.
HANN ER SETTUR
11. ÁGÚST
VERÐ FRÁ
2.368 KR.
sýn2
enski boltinn
512 5100 | SYN.IS | VERSLANIR VODAFONE

# FRAMTÍÐARHEIMILIÐ ER KOMIÐ Í PRODOMO

*Prodomo er ný verslun sem býður nýjustu hönnun í ljósum og rafbúnaði og háþróaðan stjórnbúnað fyrir lýsingu, tónlist, mynd og hita fyrir heimili og fyrirtæki. Komdu til okkar og sjáðu hvernig þú lýsir upp heimilið og stjórnar að þínu skapi.*







***Glæsileg hönnun á ljósum og stjórnbúnaði fyrir lýsingu heimilisins***

*Prodomo býður upp á rafbúnað frá hinu heimsþekkta merki Gira. Prodomo býður gott úrval af loftljósum, veggljósum og lömpum frá þekktum framleiðendum og með snertiskjá getur þú stjórnað lýsingunni í öllum herbergjum heimilisins.*





***Háþróaður stjórnbúnaður fyrir hljómtæki heimilisins***

*Prodomo býður upp á tækjabúnað fyrir hljóð og mynd frá Revox. Mögulegt er að stjórna öllum tækjunum frá einum stað með takkaborði hönnuðu af Gira sem fellt er í vegg. Tækin eru fjölrása og því er hægt að spila mismunandi tónlist í hverju rými fyrir sig samtímis.*



PIPAR • SÍA • 70519

***Allt á einum stað í aðgengilegu stjórnborði***

*Instabus stýrikerfið er fyrir allan rafbúnað heimilisins. Kerfið stýrir m.a. hita, ljósum, gardínum og gluggum og getur tengst við öryggiskerfi og myndavélar.*




GIRA

*Prodomo er stofnað af S.Guðjónssyni ehf. sem m.a. hefur umboð fyrir GIRA og BTicino rafbúnað, Modular og Kreon ljósabúnað og hefur í áratugi boðið upp á hágæða tæknilausnir fyrir fagmenn og einstaklinga.*

PRODOMO

**Hlíðasmári 1 / 200 Kópavogur / Sími 520 4545**
**www.prodomo.is / prodomo@prodomo.is**

# EIGNIR ÓSKAST!

**Erum með ákveðna kaupendur að eftirtöldum eignum:**

- 2ja herbergja í hverfi 101, 105, 107 og 220
- 3ja herbergja í hverfi 105, 107, 109, 200 og 220

Frum

**LÖGMAÐUR OG LÖGGILTUR FASTEIGNASALI MEÐ ÞÉR ALLA LEIÐ!**

LÖGHEIMILI EIGNAMIÐLUN

Félag Fasteignasala



**Heimir Bergmann**
Framkvæmdastjóri
Beinn sími 512 3600
**GSM: 822 3600**
heimir@logheimili.is



**Jónas Örn Jónasson**
Löggiltur fasteignasali
Lögmaður
**GSM: 698 3600**
jonas@logheimili.is

Skipholti 15 • 105 Reykjavík • Sími: 512 3600 • www.logheimili.is

Félag Fasteignasala


## ATVINNA


**VélRás ehf.**
**Bifreiða & Vélaverkstæði**

**Óskum eftir :**

1)Vönum mönnum til viðgerða á vörubílum og vögnum.
2)Mönnum á þjónustubíla – viðgerðabíla
3)Mönnum á smurþjónustubíl
4)Mann í glussa og rafvélaviðgerðir – tölvukunnátta.
5)Aðila til sendistarfa.

Sérhæfð þjónusta við rafkerfi og glussakerfi.
Upplýsingar í s. 555-6670 og 860-1850.



FERSKAR KJÖTVÖRUR

# Starfsmaður óskast

Ferskar Kjötvörur Og Furðufiskar óska eftir starfsmanni til að hafa umsjón með kjötborð okkar í Hagkaup Smáralind
Um er að ræða fullt starf.

Nánari upplýsingar veitir Ragnar í s: 6606300 eða Rúnar s:6994000

Kokkarnir





**Firma BYGGINGARF.GYLFA &GUNNARS HF**

poszukuje operatorow sprzetu ciezkiego z uprawnieniami na koparko-ladowarki,koparki obrotowe do 17 ton i wiecej.Zapewniamy prace na dlugi okres czasu.Nasza firma to jedna z wiekszych i dobrze prosperujacych w islandii.Zapewniamy dobre warunki.

Wszelkie informacje mozna uzyskac pod numerm 6630317/Arek-po polsku/Dziekujemy za kontakt.

*Hjá okkur er virkt starfsmannafélag og góður aðbúnaður. Við leitum eftir fólki á öllum aldri.*

BYGG

Byggingarfélag Gylfa og Gunnars hf.
Borgartún 31. 105. Reykjavík.
www.bygg.is


# Auglýsing um skipulag í Kópavogi.

**Lundur 8 - 80. Breytt deiliskipulag.**

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga, auglýsist hér með tillaga að breyttu deiliskipulagi Lundar 8 til 80. Almennt er vísað í deiliskipulag og skipulagsskilmála fyrir Lund - Deiliskipulag samþykkt í bæjarstjórn 14. september 2004. Í breytingunni felst að komið verður fyrir bílageymslum við raðhús nr. 56 til 80 og byggingarreitir stækkaðir þannig að svalir komist fyrir. Einnig að komið verði fyrir bílageymslum við parhús nr. 24 -52 og byggingarreitir stækkaðir þannig að svalir komist fyrir. Ekki er um fjölgun íbúða eða bílastæða að ræða. Aðkoma breytist.
Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:500 dags. 3 júní 2007.

Tillagan verður til sýnis á Bæjarskipulagi Kópavogs, Fannborg 6, 2. hæð frá kl. 8:00 til 16:00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá 8:00 til 14:00 frá 20. júlí 2007 til 17. ágúst 2007. Einnig má sjá tillögunar á heimasíðu bæjarins, www.kopavogur.is. Athugasemdir eða ábendingar skulu hafa borist skriflega Bæjarskipulagi eigi síðar en kl. 14:00 föstudaginn 31. ágúst 2007. Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkir tillögunni.

**Skipulagsstjóri Kópavogs.**






Harry Potter
Harry Potter
kemur til Íslands
í kvöld!!!
Komdu í Office 1 og
tryggðu þér eintak.
Við opnum verslanir
okkar um allt land
kl. 23:01.
HARRY POTTER and the Deathly Hallows
J. K. ROWLING
HARRY POTTER
AND THE DEATHLY HALLOWS
Óvæntur
Harry Potter
glaðningur fylgir
hverri bók.*
*Gildir 20. - 21. júlí.
Office 1 Superstore
Skeifunni 17 • Smáralind • Akureyri • Ísafirði • Egilsstöðum • Vestmannaeyjum • Selfossi

**FYRIRSÆTAN GISELE BÜNDCHEN ER 27 ÁRA Í DAG.**

*„Ég myndi nú ekki segjast vera leikkona. En jafnframt því myndi ég ekki hika við að grípa tækifærið ef það gæfist. Ég trúi því nefnilega að maður eigi að taka áhættur og lifa lífinu.“*



***Hin fjölhæfa Gisele Bündchen hefur þegar látið að sér kveða á hvíta tjaldinu. Hún sást meðal annars í nokkrar mínútur í The Devil Wears Prada og lék í hinni eftirminnilegu mynd Taxi, bandarískri endurgerð samnefndrar franskrar myndar.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST: 20. JÚLÍ 1990**

## *The Freshman frumsýnd*

Kvikmyndin The Freshman var frumsýnd á þessum degi fyrir sautján árum, en í henni leiddu saman krafta sína eitt helsta kvikmyndagoð sögunnar, Marlon Brando, og Matthew Broderick, sem var ein skærasta unglingastjarna þess tíma, þrátt fyrir að vera kominn hátt á þrítugsaldur.



Myndin segir af Clark Kellogg sem er að hefja kvikmyndanám í New York, þegar hann lendir í því að öllum eigum hans er stolið. Í framhaldi kynnist hann Carmine „Jimmy the Toucan“ Sabatini, sem svipar ískyggilega mikið til guðföður samnefndra mynda og þekkist vafasamt tilboð hans.

Eins og fyrr sagði var Brando fyrir löngu orðinn goðsögn í lifanda lífi þegar hann lék í myndinni og var þekktur fyrir stjörnustæla. Einn daginn neitaði hann til dæmis alfarið að leika í einu atriðinu, eða þar til leikstjórinn Andrew Bergman lofaði að gefa honum Bazooka-tyggjó þegar tökum lyki.

Bergman hafði nefnilega þann ávana að grípa til tyggjósins þegar hann var stressaður og í þessu tilviki var hann farinn á taugum vegna framkomu Brandos, enda voru frami hans og verulegir fjármunir í húfi.

Þegar Brando sá tyggjóið lofaði hann öllu fögru, enda þekktur fyrir að vera mikill sælkeri.

**MERKISATBURÐIR**

**1976** Bandarískir hermenn yfirgefa Taíland að fullu.

**1984** Vanessa Redgrave er beðin um að afsala sér titlinum ungfrú Ameríka eftir að myndir af henni birtast í Penthouse.

**1987** Ronald Reagan skipar Larry Kramer, annan stofnanda Gay Men´s Health Crisis, í opinbera nefnd sem fjallaði um alnæmi.

**1996** ETA sprengir sprengju á flugvelli á Spáni sem verður 35 manns að bana.

**1999** Kínverska ríkisstjórnin úrskurðar Falun Gong sem illan sértrúarsöfnuð.

DÓRA S. BJARNASON PRÓFESSOR VIÐ KHÍ: SEXTUG Í DAG

# Bíð enn eftir að verða stór

Dóra S. Bjarnason, prófessor við Kennaraháskóla Íslands, hefur undanfarin ár unnið ötullega að rannsóknum á sviði félagsvísinda með áherslu á hugmyndir um skóla án aðgreiningar. Í dag á hún sextugsafmæli og sagðist ætla að hafa það náðugt í tilefni þess, þegar blaðamaður hitti hana í vikunni.

„Ég kem til með að fagna afmælinu á Englandi, þar sem ég ætla að sitja í garði vina minna Bjargar Árnadóttur og Andrews mannsins hennar í litlum bæ rétt fyrir utan London, drekka kampavín og borða jarðarber. Svo ætla ég að hafa sól,“ segir Dóra, sem ætlar daginn eftir í heljarinnar brúðkaupsveislu. Þannig segist hún fá tækifæri til að halda tvöfalt upp á. Bæði fyrir sjálfa sig og kynslóðina sem kemur þar á eftir.

Dóra segist þó aldrei halda upp á daginn með formlegum hætti. Hún hafi aðeins einu sinni haldið veislu sjálfri sér til dýrðar, eins og hún orðar það sjálf, og það var þegar hún hlaut doktorsgráðu. „Það var rosalega gaman, en ég ætla nú ekki að endurtaka leikinn með afmælisveislu,“ segir hún. „Mér finnst í sjálfu sér ekkert merkilegt við að færast úr því að vera 59 ára yfir í að verða sextug. Sérstaklega nú til dags, þegar sextugt þykir ekki lengur hár aldur og meira eins og fertugt. Sjálf er ég enn að bíða eftir því að vakna einn daginn stór og virðuleg til fara, í dragt og með hatt á höfðinu.“

Dóra telur að almennt haldi fólk sem eigi afmælisdag í júlí ekki mikið upp á daginn, vegna þess hversu margt af því var sem börn í sveit á sumrin. Sjálf segist hún ekki hafa verið í dæmigerðri sveit heldur í Hvalfirðinum, þar sem fjölskyldan bjó í bragga í Hvalstöðinni á sumrin á meðan faðir hennar vann þar. Hún minnist góðra og sólríkra daga og gott ef það var ekki flaggað einu sinni fyrir hana á afmælisdaginn.

Aðspurð út í eftirminnilegasta afmælisdaginn, segir Dóra þann versta standa alveg upp úr í minningunni en þá varð hún fimmtug. „Ég hélt hreinlega að lífinu væri lokið. Trúði einlægt að ég yrði aldrei aftur ástfangin og var viss um að ekkert spennandi ætti eftir að gerast. Ég varð alveg ofboðslega dramatísk, örugglega í eina fjóra klukkutíma. Svo varð dagurinn ofboðslega skemmtilegur og tímabilið á milli fimmtugs og sextugs hefur verið eitt skemmtilegasta og frjóasta tímabil í lífi mínu.“

Til marks um það segist Dóra hafa ferðast mikið og skrifað í tengslum við vinnuna sína síðastliðin ár. En eins og fyrr sagði starfar hún á sviði félagsvísinda innan Kennaraháskólans, með áherslu á hugmyndir um skóla án aðgreininga. „Ég er þeirrar gæfu aðnjótandi að vinna þannig starf að ég þarf aldrei að líta á klukkuna til að vita hvort deginum sé að verða lokið. Mér finnst alltaf svo gaman í vinnunni,“ segir hún og bætir hlæjandi við að hún reikni allt eins með því að einn góðan veðurdag verði hún borin út af vinnustaðnum.



**Í ÚTLÖNDUM** Dóra ætlar að fagna afmælisdeginum með því að skála í kampavíni og borða jarðarber með vinum sínum í litlum bæ fyrir utan London. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**roald@frettabladid.is**

## AFMÆLISBÖRN



**Brian Pilkington** myndlistarmaður er 57 ára í dag.



**Gestur Gestsson,** framkvæmdastjóri hjá Vodafone, er 39 ára í dag.



**Ásta Sighvats Ólafsdóttir** leikkona er 35 ára í dag.

www.minningargreinar.is



†

*Okkar ástkæri,*

**Aðalsteinn Davíð Jóhannsson**

Háholti 12, Akranesi,

sem lést af slysförum 16. júlí sl. verður jarðsunginn frá Akraneskirkju miðvikudaginn 25. júlí kl. 14. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir. Stofnaður hefur verið reikningur í Landsbankanum á Akranesi til styrktar börnum hans, tæpra 2 ára og 7 mánaða. Reikningsnúmerið er 0186-15-380076, kt. 020775-3009.

**Ingibjörg Ösp Júlíusdóttir**
**Íris Rakel Aðalsteinsdóttir**
**Ragnar Páll Aðalsteinsson**
**Guðlaug Aðalsteinsdóttir** **Jóhann Jensson**
**Bjarni Borgar Jóhannsson** **Valgerður Guðbjörnsdóttir**
**Benedikt Heiðar Jóhannsson**
**Guðrún Sveinbjörnsdóttir**
**Halldór Júlíusson** **Gíslný Bára Þórðardóttir**
**Sigurrós Júlíusdóttir** **Ólafur Borgarsson**
**Sigurlína Júlíusdóttir** **Guðmundur Páll Jónsson**
**Ólöf Ingibergsdóttir**
**Birna Júlíusdóttir** **Bjarni Axelsson**



†

*Elskulegur faðir okkar og tengdafaðir, bróðir, mágur, fyrrverandi eiginmaður og afi,*

**Jón Haukur Hermannsson,**

Dalseli 31, Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítalans þann 13. júlí sl. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju í dag föstudaginn 20. júlí kl. 15.00.

**Sigurrós Arna Hauksdóttir** **Þorsteinn Þorsteinsson**
**Þórarinn Hauksson** **Margrét Valgerður Pálsdóttir**
**Hulda Hauksdóttir** **Svava Hrafnkelsdóttir**
**Guðsteinn Magnússon**
**Ólína Fjóla Hermannsdóttir** **Pétur Torfason**
**Díana Svala Hermannsdóttir** **Þorleifur Kristján Guðmundsson**
**Guðrún Þórarna Þórarinsdóttir**
**og barnabörn.**

†

*Eiginmaður minn*

**Baldvin Halldórsson**

leikari

verður jarðsunginn frá Neskirkju mánudaginn 23. júlí kl. 13. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hins látna er bent á Minningarsjóð MND-félagsins á Íslandi.

**Vigdís Pálsdóttir**



†

*Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug við andlát og útför eiginmanns, föður, tengdaföður, afa, sonar, bróður og tengdasonar,*

**Einars S. Ólafssonar**

framkvæmdastjóra, Háholti 6, Garðabæ.

Sérstakar þakkir til Heimahlynningar LSH.

**Inga Jóna Andrésdóttir**
**Ásta Sigríður Einarsdóttir** **Finnbogi V. Finnbogason**
**Elínborg Einarsdóttir** **Örn Þórðarson**
**Inga Ólöf Sigurjónsdóttir** **Alexander Arndísarson**
**Alexander Dagur Finnbogason**
**Einar Auðunn Finnbogason**
**Ólafur J. Einarsson**
**Sjöfn Ólafsdóttir** **Eyjólfur Sigurðsson**
**Sigríður Williamsdóttir** **Andrés Guðmundsson**
**og aðrir aðstandendur.**



†

*Faðir okkar, tengdafaðir, afi ,langafi og langalangafi,*

**Dagbjartur G. Guðmundsson**

fyrrv. skipstjórnarmaður, Nönnufelli 3, Reykjavík,

lést mánudaginn 16. júlí sl. Útförin fer fram frá Kapellunni í Fossvogi, þriðjudaginn 24. júlí kl 13.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**

**Kristín og Inga Dagbjartsdætur.**



†

*Innilegar þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts eiginkonu, móður og systur,*

**Sigríðar Guðlaugsdóttur,**

frá Guðnastöðum, Austur-Landeyjum, til heimilis að Mjóuhlíð 14, Reykjavík.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk líknardeildar Landakotsspítala fyrir einstaka umönnun, alúð og stuðning.

**Ingólfur Majasson**
**Júlía Guðrún Ingólfsdóttir**
**og systkini hinnar látnu.**

NOTAÐIR BÍLAR

Notaðir bílar. Laufléttt kaup - engin útborgun.
Engir ábyrgðarmenn. Lægra verð - lægri afborgun.*
Aðeins í dag. Komdu strax.

# Laufléttt kaup

## Engin útborgun. Lægra verð.*

## Aðeins 48 bílar - í dag.

## Komdu strax.




Volvo S80 Executive 2,0 ssk. skrd. 01/2006 ek: 23.000 km.
~~Verð 4.150.000 kr.~~ Tilboðsverð 3.890.000 kr. Engin útborgun.
55.313 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. BI207.

Nýttu þér tilboðin
Tökum notaðan uppí notaðan

### Engin útborgun - afborgun undir 15.000 kr. á mán.




Citroën C3 SX 1,4 bsk. skrd. 08/2002 ek: 75.000 km.
~~Verð 790.000 kr.~~ Tilboðsverð 690.000 kr. Engin útborgun.
13.329 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 60 mánuði. PJ906.




MMC Lancer 1,6 bsk. skrd. 03/2001 ek: 89.000 km.
~~Verð 760.000 kr.~~ Tilboðsverð 599.000 kr. Engin útborgun.
14.081 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 48 mánuði. RM649.




MMC Space Star 1,6 bsk. skrd. 05/2002 ek: 92.000 km.
~~Verð 820.000 kr.~~ Tilboðsverð 599.000 kr. Engin útborgun.
14.081 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 48 mánuði. ZS778.




Ford Focus Trend 1,6 bsk. skrd. 05/2002 ek: 88.000 km.
~~Verð 930.000 kr.~~ Tilboðsverð 750.000 kr. Engin útborgun.
14.464 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 60 mánuði. BY095.

### Engin útborgun - afborgun 15.000 - 20.000 kr. á mán.




Ford Mondeo Trend 1,8 bsk. skrd. 04/2002 ek: 112.000 km.
~~Verð 990.000 kr.~~ Tilboðsverð 890.000 kr. Engin útborgun.
17.113 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 60 mánuði. JY772.




Citroën Berlingo MSP 1,6 bsk. skrd. 03/2004 ek: 66.000 km.
~~Verð 1.070.000 kr.~~ Tilboðsverð 890.000 kr. Engin útborgun.
17.113 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 60 mánuði. MM821.




Ford Fusion Trend 1,4 bsk. skrd. 07/2004 ek: 53.000 km.
~~Verð 1.090.000 kr.~~ Tilboðsverð 890.000 kr. Engin útborgun.
17.113 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 60 mánuði. RI883.




Renault Kangoo 1,4 bsk. skrd. 10/2005 ek: 33.000 km.
~~Verð 1.330.000 kr.~~ Tilboðsverð 1.190.000 kr. Engin útborgun.
19.522 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. OU586.

### Engin útborgun - afborgun 20.000 - 25.000 kr. á mán.




Citroën Berlingo MSP 1,6 bsk. skrd. 12/2005 ek: 18.000 km.
~~Verð 1.390.000 kr.~~ Tilboðsverð 1.290.000 kr. Engin útborgun.
21.146 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. VB338.




MMC Colt 1,5 ssk. skrd. 10/2005 ek: 15.000 km.
~~Verð 1.520.000 kr.~~ Tilboðsverð 1.390.000 kr. Engin útborgun.
22.757 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. RP237.




Ford Focus Trend 1,6 bsk. skrd. 10/2005 ek: 23.000 km.
~~Verð 1.830.000 kr.~~ Tilboðsverð 1.690.000 kr. Engin útborgun.
24.186 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. NS803.

### Engin útborgun - afborgun yfir 25.000 kr. á mán.




Ford Focus Trend 1,6 bsk. skrd. 08/2006 ek: 8.000 km.
~~Verð 1.970.000 kr.~~ Tilboðsverð 1.790.000 kr. Engin útborgun.
25.600 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. MP977.




Citroën C5 SX Luxury 2,0 ssk. skrd. 01/2006 ek: 35.000 km.
~~Verð 2.490.000 kr.~~ Tilboðsverð 2.290.000 kr. Engin útborgun.
32.675 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. UB307.




Hyundai Santa Fe 2,6 ssk. skrd. 06/2004 ek: 47.000 km.
~~Verð 2.450.000 kr.~~ Tilboðsverð 2.250.000 kr. Engin útborgun.
36.667 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. NM794.

NATURALIS

Þig vantar bíl. Komdu núna.
Kíktu á netið. Lækkaðu mánaðargreiðslurnar.
Vertu á betri bíl frá Brimborg.

Aflaðu þér frekari upplýsinga
www.notadir.brimborg.is

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.notadir.brimborg.is

*Engir ábyrgðarmenn ef viðkomandi er eldri en 18 ára og er fasteignaeigandi. Nánari upplýsingar um vexti og lánskjör hjá söluráðgjöfum Brimborgar. Lán háð samþykki viðkomandi fjármögnunarfyrirtækis.

Tilboð í TUGATALI!

# Komdu á bonus.is

Matarkarfa að upphæð 20.000KR. dregin út í póstlistanum í hverri viku til 1. sept.!

LÍF RÆNT

Økologisk Æblejuice

Økologisk Appelsinjuice

LÍFRÆNN SAFI 259 KR. 1 LÍTRI

Nýtt!

BLANDAÐ FERSKT HAKK kílóverð nú: 498 KR.

Nýtt!

Lífrænt ravioli /tagliatelle 259 KR. 250g

RAVIOLI

TAGLIATELLE

LÍF RÆNT

Bónus býður betur!

Lífræn rísmjólk 198 KR. 1 lítri

RICE & RICE DRINK +Calcio

RICE & RICE DRINK Natural

Bónus samloka tilboðsverð: 95 KR. Verð áður 139KR.

SKINKA * RÆKJUR * TÚNFISKUR

LÍF RÆNT

SOIA & SOIA DRINK +Calcio

RICE & RICE Gallette di Riso

Lífrænar riskökur 129 KR. 100g

Lífræn sojamjólk 179 KR. 1 lítri

Nýtt!

Sjáðu verðið!

1200g pitsutilboð 598 KR. 2+1 FRESCHETTUR

Limited Edition 3 FOR 2 1 PIZZA GRATIS FOR FREE

FRESCHETTA PIZZA ROMA

3x400g

3x 400g

199 KR. 400g pitsan

SOIA & SOIA Cacao

SOIA & SOIA Vaniglia

Lífrænn desert 159 KR. PAKKNINGIN

RICE & RICE DESSERT Cacao

Vaniglia

Coca-Cola light 2L

2 lítrar 88 KR.

Hrásalat

Kartöflusalat

KF SALAT 95 KR. 350g

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS



BC KLETTASALAT 100g
Klettasalat
198 KR.
100g
Feti
BÓNUSFETI
198 KR.
250g
Bónusfeti framleiddur af Mjólku- Finndu bragðið!
Ferskar íslenskar BBQ kryddaðar kjúklingabringur
BBQ kjúklingabringur -kílóverð nú:
1557 KR.
Merkt verð 2595KR.
40% afsláttur við kassann
Vopnafjarðarsviðin
VERKUÐ MEÐ GAMLA LAGINU!
Sviðin með hreinu kósangasi
Sérverkuð lambasvið kílóverð nú:
449 KR.
Merkt verð 562KR.
Holtaleggir kílóverð nú:
363 KR.
Merkt verð 605KR.
40% afsláttur við kassann
GOÐI
Soðin lambasvið kílóverð nú:
459 KR.
Merkt verð 655KR.
Soðin og klár
30% afsláttur við kassann
Grísa lærisvöðvi -kílóverð nú:
1329 KR.
Merkt verð 1898KR.
Minna en 5% fita
Gæði á grillið
30% afsláttur við kassann
KJARNAFÆÐI
Kinda innralæri -kílóverð nú:
1998 KR.
BEINLAUS STEIK
HERRAGARÐS svínalundir
Túnfiskur í olíu eða vatni
Olía/vatn
59 KR.
185g
FERSKT GRILLSBRAUÐSDEIG -ævintýri á grillið!
FERSKA PITSUDEIGIÐ er annað ævintýri...
Ferskt pitsudeig
189 KR.
Ferskt grilldeig
198 KR.
EKKERT BRUÐL
ÍSLANDS NAUT
Íslands nautakótelettur -kílóverð nú:
1798 KR.
Merkt verð 1998KR.
KRYDDAÐAR NAUTAKÓTELETTUR
Svínalundir -kílóverð nú:
1698 KR.
Merkt verð 1998KR.
-hvað er betra!
BÓNUS




# Vantar þig auka-pening?

Pósthúsið leitar að duglegu og morgunhressu fólki til að bera út blöð milli 6 og 7 á morgnana. Um er að ræða holla og hressandi útiveru, annars vegar á virkum dögum og hins vegar um helgar.

Njóttu þess að taka daginn snemma, hreyfðu þig og fáðu borgað fyrir það.

Allar nánari upplýsingar veitir dreifingardeild Pósthússins í síma 585 8330. Einnig er hægt að sækja um á www.posthusid.is

Pósthúsið er ungt og öflugt dreifingarfyrirtæki á sviði blaða- og vörudreifingar. Hjá Pósthúsinu starfa um sjöhundruð manns að uppbyggingu á fjölbreyttum og skemmtilegum vettvangi.

póst húsið – ódýrari valkostur

Pósthúsið ehf | Suðurhrauni 1 | 210 Garðabæ | Sími: 585 8300 | posthusid.is

## STUÐ MILLI STRÍÐA Ég fylgist með þér...

**ÖRLYGUR HNEFILL ÖRLYGSSON** ER FARINN AÐ ÓTTAST TÆKNINÝJUNGAR



Rithöfundurinn Douglas Adams setti eitt sinn fram skilgreiningu á viðbrögðum fólks við nýrri tækni. Í grófum dráttum var skilgreiningin sú að tækni sem væri til staðar þegar við fæddumst væri okkur eðlileg og partur af því hvernig heimurinn virkar. Allt sem er fundið upp á milli þess sem við er 15 og 35 ára er nýtt og spennandi og sennilegt að maður geti haslað sér völl á því sviði. Það sem er fundið upp eftir að maður verður 35 ára er hins vegar á skjön við eðlilega lífshætti og full ástæða til að óttast það.

Þótt ég eigi langt í að verða 35 ára þá verð ég að viðurkenna að ýmsar tækninýjungar eru farnar að hræða mig. Ég var til dæmis ekki alveg með á nótunum þegar sýndargæludýrin voru kynnt til sögunnar fyrir nokkrum árum, þó svo að þau hafi eflaust verið ágæt. Eins hef ég aldrei getað skilið þá gríðarlegu þróun sem á sér stað í farsímum og væri sennilega með snúningsskífu á farsímanum mínum ef það væri í boði.

Það nýjasta í farsímunum hræðir mig þó meira en myndavélar og litaskjáir hafa gert hingað til. Nú er nefnilega komin fram sú tækni að hægt er að staðsetja fólk og fylgjast með ferðum þess þegar það er með farsímann á sér. Einhverju sinni hefði það þótt minna á vísindaskáldskap en bráðlega verður það sá veruleiki sem við búum við og þykir eflaust ekkert sjálfsagðara.

Margir hafa tekið þessari tækni fagnandi og nefna til dæmis að hún muni auka öryggi barna til muna. Með þessu móti geti foreldrar gætt barna sinna betur en áður. Ég er hins vegar á því að þetta sé ekki eins sniðugt og það hljómar í fyrstu.

Þegar ég var lítill var ég eitt sinn staddur úti í sveit með foreldrum mínum. Ég hljóp í burtu og var að leik á túnunum í sveitinni. Þegar ég kom til baka höfðu foreldrar mínir haft miklar áhyggjur af því að ég hefði farið í á þar skammt frá. Eftir þetta vissi ég að ég þyrfti að gæta mín á ánni. Þegar maður veit að það er stöðugt verið að fylgjast með manni þá gætir maður sín ekki eins vel sjálfur. Ég held að það sé ágætt að læra aðeins af lífinu líka.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



### Kl. 12.00

*Dúóið Para-Dís heldur hádegistónleika á Listasumri á Akureyri. Dúóið skipa Hafdís Vigfúsdóttir flautuleikari og Kristján Karl Bragason píanóleikari. Þau stunda bæði framhaldsnám í tónlist í Frakklandi. Á efnisskrá tónleikanna er frönsk flautu- og píanótónlist frá ýmsum tímabilum. Para-Dís hefur í sumar starfað á vegum Hins Hússins í Reykjavík sem skapandi sumarhópur og komið fram víðs vegar um borgina og leikið fyrir unga sem aldna. Tónleikarnir á föstudag eru fyrstu tónleikar dúósins norðan heiða.*

# *Í ferðalag um kirkjur landsins*

Sópransöngkonan Björg Þórhallsdóttir, bæjarlistamaður Akureyrar, og hörpuleikarinn Elísabet Waage halda af stað í tónleikaferðalag um næstu helgi. Fyrstu tónleikar þeirra fara fram í Hólskirkju í Bolungarvík á föstudagskvöld. Á sunnudag koma Björg og Elísabet fram í messu í Holtskirkju í Önundarfirði, þar sem sr. Stína Gísladóttir þjónar og prédikar. Þriðju tónleikarnir fara fram í Hóladómkirkju á Hólum í Hjaltadal föstudaginn 27. júlí, en lokatónleikar ferðalagsins verða í Akureyrarkirkju sunnudaginn 29. júlí.
Á efnisskrá tónleikanna er trúarleg tónlist frá fjölda landa: íslensk og erlend sönglög og sálmar ásamt aríum eftir Händel, Mozart, Gounod, Rubbra, Merikanto, Mascagni, Þorkel Sigurbjörnsson og Atla Heimi Sveinsson.
Fyrstu tónleikarnir fara fram klukkan 20. Í Holtskirkju koma þær Björg og Elísabet fram kl. 14, á Hólum kl. 20 og í Akureyrarkirkju kl. 17.


**TÓNLEIKAFERÐ** Þær Björg Þórhallsdóttir og Elísabet Waage leggja upp í tónleikaferðalag á morgun.


**SÖGULEGT SAMHENGI** Halldór Björn Runólfsson, safnstjóri Listasafns Íslands, segir Ó-náttúru vera tilraun til að veita gestum innsýn í sögulegt samhengi, en frá óvenjulegum sjónarhóli. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### > Ekki missa af ...

Samsýningunni Brakarí í gamla Bakaríinu á Seyðisfirði sem opnuð var í gær og stendur fram á sunnudag. Sex listamenn sýna þar verk sín en sýningin er haldin í tengslum við LungaA sem er árleg listahátíð ungs fólks á Seyðisfirði. Unnið er með ólíka miðla á sýningunni; teikningar, ljósmyndir, innsetningar og fleira. Allir eru velkomnir og aðgangur ókeypis.

# Náttúran frá öllum hliðum

**Sumarsýning Listasafns Íslands, Ó-náttúra, verður opnuð almenningi í dag. Halldór Björn Runólfsson safnstjóri segir sýninguna fela í sér ný sjónarhorn á náttúruna.**

„Listasafn Íslands er vant að hafa stóra yfirlitssýningu á sumrin. Þá gefst okkur tækifæri til að hafa yfirlit yfir íslenska listasögu, sem fólk utan úr heimi saknar oft mjög. Það fær aldrei neina yfirsýn yfir íslenska list, og er þess vegna dálítið illa statt. Fólk saknar oft samhengisins,“ sagði Halldór í samtali við Fréttablaðið. Hann segir Ó-náttúru vera ákveðna tilraun fyrir safnið. „Við höfum reynt að hafa yfirlitssýningar um íslenska listasögu, en þá finnst Íslendingum kannski ekki nándar nærri eins gaman og finnst sýningin of flöt. Ó-náttúra er tilraun okkar til að gefa báðum hópum innsýn í sögulegt samhengi, en út frá óvenjulegum sjónarhóli.“
Náttúran er í brennidepli í þeim átttatíu verkum úr safneign Listasafns Íslands sem sýnd eru. Hugtakið er þó teygt og togað í ýmsar áttir, að sögn Halldórs. „Í stað þess að einblína bara á landslagið leggjum við í hverjum sal áherslu á ákveðna hluti sem listamenn hafa verið að fást við í tengslum við náttúruna,“ útskýrði hann.
Í stóra sal safnsins fjalla listamennirnir um stöðu náttúrunnar gagnvart vélvæðingunni. „Það er bæði vélvæðingin og svo hreint og beint innri náttúra mannsins, stríðsnáttúra hans og æði,“ sagði Halldór. „Í sal tvö leggjum við áherslu á þann ótta okkar að við séum komin of langt í því að ganga á náttúruna. Uppistaðan er verk sem sýna hvað getur gerst ef við förum allt of hratt í erfðabreytingu og fiktum í einhverju sem við erum ekki viss um hvert leiðir,“ útskýrði hann. Í öðrum sölum birtist náttúran frá óvenjulegum sjónarhornum og fjallað er um áhrif hennar á ímyndunaraflið. „Við reynum að sýna margar birtingarmyndir náttúrunnar, og hvað hún er í rauninni miklu víðfeðmari sem hugtak en við gerum okkur grein fyrir,“ sagði Halldór.
Verkin á Ó-náttúru koma úr smiðju fimmtíu og eins listamanns. „Það má segja að þetta sé bæði gamalt og nýtt og við leggjum ekki síður áherslu á nýjabrumið. Þarna eru mörg óvenjuleg, ný verk úr safneigninni sem aldrei hafa verið sýnd áður, innan um verk sem eru kannski hefðbundnari og þekktari,“ sagði Halldór.
Safnið stendur fyrir leiðsögn um sýninguna á hádegi á þriðjudögum, á íslensku, og á föstudögum á ensku. Á sunnudögum munu ýmsir fræðimenn einnig sjá um leiðsögn um safnið. Ó-náttúra verður opnuð almenningi klukkan 11 í dag og stendur yfir til 21. október.

**sunna@frettabladid.is**























## > Í SPILARANUM

**Stafrænn Hákon** - Gummi
**Justice** - Cross
**Interpol** - Our Love to Admire
**Blitzen Trapper** - Wild Mountain Nation
**Architecture In Helsinki** - Places Like This

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Fagrir tónar frá Þóri

Tónlistarmaðurinn My Summer as a Salvation Soldier, einnig betur þekktur sem Þórir, heldur tónleika í verslun 12 Tóna í dag. Þórir leikur þar lög af væntanlegum geisladiski sem kemur út í haust en áður hefur hann gefið út diskana I Believe in this og My Summer as a Salvation Soldier. Mikil eftirvænting ríkir, vegna væntanlegs disks, meðal aðdáenda hans hér heima sem og erlendis.

Þórir ferðaðist um Evrópu í vor, hélt tónleika og hlaut hvarvetna góðar viðtökur. Hann spilar einnig með rokksveitinni Gavin Portland en hún er nýkomin frá Bretlandi. Tónleikarnir í dag hefjast klukkan fimm og eru allir velkomnir. - bor



**MY SUMMER AS A SALVATION SOLDIER** Tónlistarmaðurinn góðkunni heldur tónleika í 12 Tónum í dag.



## > Plata vikunnar

The Chemical Brothers - We Are the Night

★★★★

We Are The Night er léttasta og poppaðasta plata Chemical Brothers til þessa, full af hressum danssmellum og sannfærandi poppi. TJ



## TÓNNINN GEFINN
### Trausti Júlíusson

# *LungA í lagi*

Tónleikahald á Íslandi ætlar að verða frekar rólegt í júlí og ágústmánuði. Það góða við það er að það hvetur til ferðalaga á tónlistarhátíðir á erlendri grundu. Þegar þessi texti birtist er nokkur fjöldi Íslendinga staddur á G-festivalinu í Færeyjum og tónlistarhátíðir eru úti um alla Evrópu út sumarið. Flottasta tónleikadagskráin innanlands á næstu vikum er hins vegar örugglega á lokatónleikum LungA-hátíðarinnar sem haldnir verða annað kvöld í Herðubreið á Seyðisfirði.



LungA er listahátíð ungs fólks á Austurlandi. Á henni koma saman listamenn úr ýmsum listgreinum, haldnar eru listasmiðjur og afraksturinn sýndur á lokasýningu sem verður opnuð á morgun. Það hefur skapast hefð fyrir því að loka hátíðinni með stórtónleikum. Í fyrra komu m.a. fram Ghostigital, Sometime, Biggi Orchestra og Benny Crespo's Gang og í ár er dagskráin sérstaklega glæsileg:

**Bloodgroup** – ein af skemmtilegri elektró-sveitum landsins. Frábær á tónleikum.
**Skátar** – kynna hina stórgóðu plötu Ghosts Of The Bollocks To Come.
**Jeff Who?** – komnir aftur úr pásunni.
**Mínus** – rokkvélin hefur aldrei verið þéttari að sögn þeirra sem hafa heyrt í sveitinni eftir mannabreytingarnar.
**Trabant** – ef einhver kann að búa til stemningu þá er það Trabant.

Að tónleikunum loknum er eftirpartí á sama stað sem er opið öllum tónleikagestum sem náð hafa 18 ára aldri og þar er dagskráin ekki síður spennandi. DJ Margeir og DJ Magic sjá um að hita liðið upp fyrir sjálfan DJ Mehdi. DJ Mehdi er Frakki af túnískum ættum. Hann er goðsögn í franska hiphop-heiminum og hefur pródúserað mikið af lögum fyrir rappara eins og Booba, Kery James og MC Solaar. Hann sneri sér að danstónlist árið 2002 þegar hann sendi frá sér plötuna The Story Of Espion. Hann er nú hluti af Ed Banger-teyminu og er að kynna nýjustu plötuna sína, Lucky Boy, sem kom út í fyrra. Fyrir þá sem ekki komast í tónlistarveisluna á Seyðisfirði á morgun skal þess getið að DJ Mehdi spilar líka á Barnum í kvöld.






**FLOTT** Hljómsveitin Yeah Yeah Yeahs er án alls vafa með merkustu rokkhljómsveitum dagsins í dag enda þekkt fyrir að fara sínar eigin leiðir.

# Áhrifamáttur stuttskífanna

**Yeah Yeah Yeahs sendir frá sér nýja stuttskífu, Is Is, eftir helgi. Steinþór Helgi Arnsteinsson velti fyrir sér útgáfu slíkra platna.**

Hljómsveitin Yeah Yeah Yeahs (YYY's) var ein af þessum sveitum sem hagnaðist gífurlega af uppsveiflu The-sveitanna og New York bylgjunnar sem hófst í byrjun aldarinnar með hljómsveitina The Strokes í fararbroddi. YYY's hafði reyndar verið til í lengri tíma en fékk loks verðskuldaða athygli þegar stóru plötufyrirtækin byrjuðu að gefa tónlist af þessu tagi meiri gaum.

Það fyrsta sem vakti reyndar athygli á sveitinni var stuttskífa (EP á ensku, stendur fyrir extended play) samnefnd sveitinni sem kom út hjá hinu smávaxna plötufyrirtæki Shifty árið 2001. Á skífunni kom skýrt fram hversu gríðarlega öflug sveitin var, sem þó samanstóð eingöngu af gítarleikara, trommara og söngkonu. Söngkonan, Karen O, bar þar af enda ein magnaðasta rokksöngkona samtímans.

**Löngun til tjáningar**

Í kjölfar þessarar fyrrnefndu stuttskífu (reyndar má líka nefna í þessu samhengi þriggja laga plötuna Machine þó hana megi frekar kalla smáskífu en stuttskífu) gaf sveitin út plötuna Fever to Tell. Frábær skífa þar á ferð og meðal annars valin plata ársins 2003 af The New York Times.

Í fyrra kom loks út plata númer tvö, Show Your Bones. Hún seldist nokkuð vel og komst inn á topp tíu yfir söluhæstu plöturnar í Bandaríkjunum. Show Your Bones fékk hins vegar ekki nærri eins góða gagnrýni og Fever to Tell og hvað þá eins góða og fyrsta stuttskífan. Fágaðri og hreinni hljómur YYY's var greinilega ekki allra.

**Stríðsplata á friðartímum**

Hvort sem það er til þess að rétta úr kútnum eftir Show Your Bones (og lag í Spiderman 3 sem mörgum aðdáendum finnst ekki nógu svalt) eða einfaldlega til þess að létta af sér þá kemur stuttskífan Is Is út í næstu viku. Platan inniheldur fimm lög sem öll voru samin á tónleikaferðalagi eftir útkomu Fever to Tell. Tímabilið var það róstusamasta í sögu sveitarinnar og lá við að sveitin legði upp laupana. Is Is ber með sér þessa spennu sem virðist hafa ríkt þó svo að platan sé tekin upp á friðartímum. Uppbygging laganna er dramatísk og sprengikrafturinn fær að njóta sín. Sérstaklega þykir mér lokalagið feykiöflugt.

Í kjölfar stuttskífunnar kemur líka út tónleika-DVD (YYY's hafa áður sent frá sér slíkan disk, hinn frábæra Tell Me What Rockers to Swallow sem inniheldur einmitt tvö lög sem eru einnig á Is Is). Þar er sýnt frá tvennum tónleikum sem haldnir voru í New York, annars vegar með blönduðum áhorfendahópi og hins vegar með kvenkyns áhorfendum. Afar töff sett hjá sveitinni sem var tekið upp í nætursjónstillingu.

**Áfram stuttskífan**

Af þessu að dæma þykir alveg ljóst að meðlimum YYY's þykir vænt um stuttskífuformið. Svo sem ekki skrítið enda má finna besta efni margra sveita, YYY's meðal annarra, á stuttskífum þeirra. Stuttskífur gefa tónlistarmönnum tækifæri til að koma á framfæri einhverju sem þeir hafa byrgt innra með sér en langar til að líti dagsins ljós. Hljómsveitir mega því, þannig séð, gera nákvæmlega það sem þær vilja á slíkum stuttskífum og þó þær fari út af sporinu er auðvelt að fyrirgefa slík mistök. Stuttskífur lúta ekki sömu markaðslögmálum og venjulegar breiðskífur og þess vegna eru hendur tónlistarmannanna ekki nærri eins bundnar. Þetta vita og sanna meðlimir Yeah Yeah Yeahs.

## BRENNSLAN KENYA KRISTÍN

Tónlistarkonan Kenya Kristín Emilíudóttir valdi tíu lög af ýmsu tagi í sína brennslu og fer um víðan völl í tónlistarsögunni.

**1. Castles made of sand – Jimi Hendrix**
„Öll lögin af þessari frábæru plötu, Jimi Hendrix the Experience, eru frábær en fyrir mig hefur þetta lag alltaf staðið upp úr."

**2. I wanna little sugar in my bowl – Nina Simone**
„Gamalt og gott. Alltaf klassi."

**3. You are my sister – Anthony and the Johnsons**
„Heyrði fyrst í þessari hljómsveit nýlega og féll strax fyrir þessu lagi."



**4. Knocked Up – Kings of Leon**
„Fyrsta lagið á nýju plötunni frá þeim, alger snilld."

**5. Fa-fa-fa – Datarock**
„Fa fa fa, segir allt sem segja þarf. Rock Anthem."

**6. Fast car – Tracy Chapman**
„Tregablandin saga sem snertir streng."

**7. At last – Etta James**
„Þetta lag hefur alltaf sérstakan stað í hjarta mér."

**8. Three little birds – Bob Marley**
„Lag sem segir sannleikann!"

**9. Black sweat – Prince**
„Kannski ekki frægasta Prince-lagið en mitt uppáhalds."

**10. Queen Bitch – David Bowie**
„Ef það er laugardagskvöld og maður þarf að komast í stuð þá er þetta lagið til að koma manni þangað."

# Sprengitilboð

Einungis fáanlegt í Smáralind og á markaði Hagkaupa Akureyri



### HD Ready

- 1366x768 punkta upplausn
- 1.000:1 skerpa og 7ms svartími
- Birta 500cd/m2
- 10w Nicam stereó hljóðkerfi
- 2 scart (með RGB), HDMI, component, CVBS og heyrnartólstengi
- Textavarp með 1.000 síðna minni
- Fjarstýring
- Borðstandur fylgir
- Stærð í cm (bxhxd): 82x55x13
- Þyngd: 16kg

Með hverju seldu 8217 eða 8160 sófasetti fylgir JVC - 32" LCD breiðtjaldssjónvarp að andvirði 99.990kr*

*Gildir á meðan birgðir endast



KAUPAUKI

269.000kr GOTT VERÐ

**Leðurhornsófasett** 8217

Sjónvarp fylgir þegar keypt er sett í samsettningunni 3+1+1



KAUPAUKI

335.500kr GOTT VERÐ

**Leðursófasett** 3+1+1 8160



TILBOÐ 139.900kr Verð áður 189.900,-

**Leðursófasett** 3+1+1 8851



TILBOÐ 159.900kr Verð áður 189.900,-

**Leðursófasett** 3+1+1 3217



TILBOÐ 159.900kr Verð áður 229.900,-

**Leðursófasett** 3+1+1 2586

### Orthopedico rúm

| | | |
|---|---|---|
| 150x200 | **58.320.-** | ~~72.900.-~~ |
| 180x200 | **70.320.-** | ~~87.900.-~~ |



## BORÐSTOFUSTÓLAR Á SPRENGITILBOÐI



| TILBOÐ | TILBOÐ | TILBOÐ | TILBOÐ | TILBOÐ | TILBOÐ | TILBOÐ | TILBOÐ |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9.900kr | 8.990kr | 12.990kr | 8.330kr | 8.330kr | 11.900kr | 14.900kr | 14.900kr |
| Verð áður 14.900,- | Verð áður 12.900,- | Verð áður 18.900,- | Verð áður 11.900,- | Verð áður 11.900,- | Verð áður 18.900,- | Verð áður 18.900,- | Verð áður 24.900,- |

Gildir til 24. júlí eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# Metsölulisti Eymundsson

## kiljur

**1. Viltu vinna milljarð?**

**Vikas Swarup**



Heillandi en jafnframt ógnvekjandi ævintýraferð. Nítján vikur á toppi vinsældalistans.

**2. Konungsbók**

**Arnaldur Indriðason**



Mögnuð og spennandi saga um hverju má fórna - og hverju verður að fórna - fyrir dýrustu gersemar kynslóðanna.

**3. Flugdrekahlauparinn**

**Khaled Hosseini**



Margföld metsölubók. Heillandi saga um mannlíf, menningu og sögusvið sem flest okkar þekkja ekki nema af afspurn.

**4. Tvíburarnir**

**Tessa de Loo**



Kraftmikil og tilfinningaþrungin saga um eineggja tvíbura sem aðskildar eru sex ára gamlar og hittast aftur fyrir tilviljun undir lok ævi sinnar.

**5. Leynda kvöldmáltíðin**

**Javier Sierra**



Margbrotin, eftirminnileg og svo miklu meira en venjuleg spennusaga.

**6. Ókei bæ!**

**Hugleikur Dagsson**



Nú geta aðdáendur Hugleiks Dagssonar glaðst því að Ókei bæ!, sjötta bók hans, er komin í verslanir!

**7. 5. Riddarinn**

**James Patterson**



Ný spennusaga úr smiðju James Patterson, vinsælasta spennuhöfundar heims um þessar mundir.

**8. Saffraneldhúsið**

**Yasmin Crowther**



Ljúf og grípandi saga um samband móður og dóttur, svik og refsingu, ást og fjölskyldubönd og klofna sjálfsmynd.

**9. Síðasti Musterisriddarinn**

**Raymond Khoury**



Gleymið öllum ofmetnu metsölubókunum – *þetta er hin eina sanna.*

**10. Álagafjötrar**

**Margit Sandemo**



Fyrsta bókin í Sögunni um Ísfólkið af ætt Þengils hins illa. Saga um ástir, galdra, baráttu góðs og ills og sterkar konur.




JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

Eymundsson.is

**Eymundsson**
*Bóksali frá 1872*




**STARFSFÓLK Í STEMNINGU** Starfsfólk Bókabúðar Máls og menningar á Laugavegi ætlar að gera vel við þá Harry Potter aðdáendur sem flykkjast í biðröð í dag. Að sögn verslunarstjóra er stemningin á meðal starfsfólks ekki síður góð. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Beðið eftir Harry Potter

**Aðdáendur Harry Potter geta farið að slaka á. Síðustu bókarinnar í flokknum hefur verið beðið með gríðarlegri eftirvæntingu, en sala á henni hefst hér á landi klukkan eina mínútu yfir ellefu í kvöld.**

„Við höfum séð það á síðustu árum að harðir aðdáendur hafa mætt eldsnemma að morgni, áður en að við komum til vinnu,“ sagði Elsa María Ólafsdóttir, verslunarstjóri í bókabúð Máls og menningar. „Okkur finnst við bara skulda þessum einlægu aðdáendum sem koma svona snemma að gera vel við þá svona í síðasta skiptið,“ bætti hún við.

### Gríðarleg stemning

Verslunin hefur staðið fyrir uppákomum í kringum útgáfu fyrri bóka í flokknum, en dagskráin í dag er veglegri en nokkru sinni fyrr. Hljómsveitirnar Babar og FM Belfast skemmta þolinmóðum Potter-aðdáendum, boðið verður upp á galdradrykk og tarot-spilaspá, efnt verður til spurningakeppni og fjöllistamaður kemur fram. Þeir þrír fremstu fá frítt eintak af Harry Potter and the Deathly Hallows og vinningshafar í spurningaleiknum hljóta jafnframt vegleg verðlaun. „Við leggjum líka áherslu á það að vera með eitthvað matarkyns, af því að við höfum orðið vör við það að krakkarnir hafi verið orðnir dálítið svangir í röðinni,“ sagði Elsa María.

Hún segir stemninguna meðal starfsfólksins varla síðri en hjá aðdáendum. „Fólk er farið að hringja úr öðrum búðum og spyrja hvort það megi vinna þetta kvöld,“ sagði hún og hló við. Versluninni verður lokað klukkan 22 eins og aðra daga, en hún opnuð á ný klukkan ellefu. „Klukkan eina mínútu yfir verður svo gefið hljóðmerki um að sala á bókinni megi hefjast,“ útskýrði Elsa María. Búðin verður opin þar til að röðin klárast, en Elsa býst við því að eiga einhverjar bækur aflögu á laugardegi. „Það verður að vera eitthvað til fyrir þá sem geta ekki verið í röð fram eftir kvöldi,“ sagði hún.

### Náttfatapartí hjá Nexus

Dagbjörg Kjartansdóttir heldur utan um dagskrána hjá Nexus, sem tekur nú í fyrsta skipti þátt í miðnæturopnun í tengslum við útgáfu Harry Potter-bóka, fyrir tilstuðlan Dagbjartar. „Ég er svo mikill Harry Potter nörd og vann einmitt hjá Máli og menningu áður. Ég eiginlega gat ekki án opnunarinnar verið,“ sagði hún og hló.

Á vefnum harrypotter.is lauk teiknikeppni í gær, en Nexus hefur ýmsilegt uppi í erminni fyrir daginn. „Við verðum með búningakeppni, svo allir eru hvattir til að koma í búning í anda þemans. Það er náttfatagaldrar, eða „magical slumber party“,“ útskýrði Dagbjört. Plötusnúður mun mæta á staðinn klukkan sex og ef veður verður vont mun Dagbjört tjalda yfir röðina. „Við gefum þeim ekki að borða, en höldum þeim þurrum í staðinn. Það er enn mikilvægara,“ sagði hún hlæjandi. Þó verður þolinmóðum Potter-aðdáendum boðið upp á Bertie Bott‘s Every Flavour Beans, sem Harry og félagar neyta iðulega í bókunum. „Við pöntuðum þær sérstaklega frá Bandaríkjunum. Þær eru alveg eins og í bókunum; af tuttugu bragðtegundum eru svona átta góðar. Við smökkuðum þetta alltsaman, og fundum meira að segja horbragð,“ sagði hún.

Dagbjört býst við stórum hópi fólks. „Ég sá á spjallþráðum á netinu að fólk utan af landi er að fara að mæta til okkar. Svo hitti ég eina í gær sem sagði „sjáumst í fyrramálið“, svo ég býst við því að fólk verði snemma í því,“ sagði hún.

Harry Potter sker sig úr

Snæbjörn Arngrímsson, forleggjari á Bjarti, sem gefur bækurnar út hér á landi, sagðist búast við því að síðasta bókin í flokknum myndi seljast vel. „Enska útgáfan er ekki á okkar vegum, en hún hefur alltaf selst vel. Svo er forsala hafin á íslensku útgáfunni og þar voru komnir nokkur hundruð manns á lista nánast áður en að hún hófst,“ sagði hann. Hann sagði Harry Potter-flokkinn um margt ólíkan öðrum bókaflokkum. „Venjulega dala sölutölur með síðari bókum, en það gerist ekki með Harry. Mér sýnist að þessi bók sé sú stærsta hingað til, raðirnar í London byrjuðu í gærmorgun,“ sagði Snæbjörn.

Mikil vinnutörn bíður starfsfólks Bjarts, þar sem íslenska útgáfan á að koma út 15. nóvember. „Þetta þarf að ganga mjög skipulega fyrir sig. Þýðandinn er örugglega fremst í röðinni núna, svo hún geti fengið bókina og byrjað á þessu,“ sagði hann og hló við. Snæbjörn gerir ráð fyrir því að selja um 15.000 eintök af íslensku útgáfunni. „Það er fyrsta prentun,“ sagði hann.

sunna@frettabladid.is



**HARRY MÆTIR TIL ÍSLANDS** Mikil spenna er vegna útgáfu síðustu bókarinnar um galdrastrákinn Harry Potter.




vodafone

# Hittu í mark

**Meistaradeildarboltar á aðeins 990 kr. fyrir Og1 viðskiptavini.**

Komdu við í næstu Vodafone verslun og nældu þér í gæðabolta. Almennt verð 1.990 kr.

Þú færð bestu kjörin með því að vera með allt hjá okkur í Og1.

**Gríptu augnablikið og lifðu núna**




# BRÚÐKAUP FRAMUNDAN?

BRÚÐARGJAFALISTAR • GJAFABRÉF • KLASSÍSKAR BRÚÐARGJAFIR



Á kaffihúsinu sem Te og kaffi starfrækir í Saltfélaginu er ilmandi kaffi á boðstólum alla daga. Opið frá kl. 10-18 virka daga og 11-16 laugardaga.

ENNEMM / SÍA / NM28735

# Schygulla á kvikmyndahátíð

Þýska leikkonan Hanna Schygulla verður gestur Alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar í Reykjavík í haust. Henni verða afhent sérstök heiðursverðlaun fyrir framlag sitt til kvikmyndalistarinnar. Hún er þriðji listamaðurinn til að hljóta verðlaunin.

Schygulla var nánasta samstarfskona þýska leikstjórans Rainers Werners Fassbinder og hefur leikið í nærri áttatíu kvikmyndum á ferli sínum, að því er fram kemur í fréttatilkynningu. Hún fæddist í Póllandi árið 1943 en ólst upp í München. Þar kynntist hún Fassbinder, sem markaði upphafið að samvinnu þeirra en það stóð allt þar til að Fassbinder lést sviplega árið 1982. Í tilefni af komu Schygulla verða sex myndir sem hún og Fassbinder unnu að sýndar á hátíðinni.

Schygulla mun einnig halda tónleika hér á landi í haust, en á seinni árum hefur hún lagt stund á söng. - sun



**HANNA SCHYGULLA** Leikkonan þýska var nánasta samstarfskona þýska leikstjórans Rainers Werners Fassbinder. Hún verður heiðruð á Alþjóðlegri kvikmyndahátíð á Íslandi í haust. NORDICPHOTOS/GETTY

# The Sopranos með flestar Emmy-tilnefningar í ár

**Tilnefningar til Emmy-verðlaunanna voru kynntar við hátíðlega athöfn í Hollywood í gær. Sjónvarpsþátturinn The Sopranos hlaut langflestar tilnefningar allra sjónvarpsþátta, eða fimmtán talsins.**



**KYNNTU TILNEFNINGARNAR** Leikkonan Kyra Sedgwick og leikarinn John Cryer tilkynntu hverjir hefðu fengið tilnefningar til Emmy-verðlaunanna sem veitt verða í september. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

Gamanþátturinn Ugly Betty var næstur í röðinni með ellefu tilnefningar og fast á hæla honum kom þátturinn um starfslið Grey sjúkrahússins, Grey´s Anatomy, með tíu tilnefningar. Af þessum tíu voru fjórar fyrir leikara í aukahlutverki en þau T.R. Knight, Sandra Oh, Chandra Wilson og Katherine Heigl voru öll tilnefnd fyrir góð leiktilþrif í þáttunum.

Framleiðendur The Sopranos hætta því svo sannarlega á toppnum en þátturinn lauk göngu sinni þegar síðasti þáttur áttundu seríunnar var sýndur í Bandaríkjunum í síðasta mánuði. Aðalleikarar þáttanna, þau James Gandolfini og Edie Falco, fengu auk þess sína tilnefninguna hvort. Keppinautar The Sopranos og Grey´s Anatomy í flokknum besti dramaþátturinn eru Heroes, House og Boston Legal en allir þessir þættir eru íslenskum sjónvarpsáhorfendum vel kunnir.

Það sem þykir hafa komið mest á óvart í tilnefningunum er að söngvarinn Justin Timberlake er tilnefndur fyrir lag sem hann flutti í þættinum Saturday Night Live ásamt Andy Samberg. Lagið heitir því skemmtilega nafni Dick in a Box og tröllreið öllu á YouTube eftir sýningu þáttarins. Dick in a Box er tilnefnt í flokknum besta frumsamda lagið og textinn.

# Kate planar partí fyrir Prince

Kate Moss virðist vera veik fyrir prinsi nokkrum. Ekki bresku prinsunum þó heldur hinum dásamlega poppsöngvara Prince. Fyrirsætan stendur í ströngu þessa dagana við að undirbúa risastórt endurkomu-partí fyrir Prince sem á að hefja þriggja vikna tónleikaferðalag hans um Bretland.

„Kate hitti Prince fyrst á einkatónleikum hans sem haldnir voru fyrir örfáa útvalda í Bagleysklúbbnum í London," sagði ónefndur heimildarmaður. „Hún var mikill aðdáandi hans þá og er enn. Kate ásamt nokkrum vinum hennar eru að plana partíið og vona að það muni heppnast vel. Kate er að reyna að fá Jade Jagger til að vera plötusnúður í partíinu og einnig verður lítið svið og hljóðfæri á staðnum skyldi skemmtanaþörfin skyndilega koma yfir Prince." Litaþema partísins er að sjálfsögðu fjólublátt og orðrómur hefur verið uppi um að dúfum verði sleppt fyrir utan klúbbinn þegar prinsinn mætir.



**KATE MOSS** Fyrirsætan er á fullu að plana rosalegt partí fyrir prinsinn en litaþemað verður að sjálfsögðu fjólublátt.


NÝTT Í BÍÓ!







SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| HARRY POTTER | kl. 3-4-6-7-9-10 | 16 |
| HARRY POTTER LÚXUS | kl. 3-6-9 | |
| EVAN ALMIGHTY | kl. 4-6-8-10 | 10 |
| DIE HARD 4.0 | kl. 5-8-10.45 | 14 |
| FANTASTIC FOUR 2 | kl. 3 | |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | | |
|---|---|---|
| DEATH PROOF | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 16 |
| TAXI 4 | kl. 6 - 8 - 10 | 14 |
| DIE HARD 4.0 | kl. 5.30 - 8 - 10.40 | 14 |
| FANTASTIC FOUR 2 | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | |

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| DEATH PROOF | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 16 |
| 1408 | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| DIE HARD 4.0 | kl. 5.15 - 8 - 10.45 | 12 |

Borgarbíó SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| DEATH PROOF | kl. 8 - 10.20 | 16 |
| 1408 | kl. 8 - 10 | 16 |
| EVAN ALMIGHTY | kl. 6 | |
| DIE HARD 4.0 | kl. 5.40 | 14 |

MIÐASALA Á midi.is BÍÓ.IS

SAMBÍÓIN www.SAMbio.is 575 8900 midi.is







SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| TRANSFORMERS | FORSÝNING kl. 11 | 10 |
| TRANSFORMERS | FORSÝNING Í LÚXUS VIP kl. 11 | |
| HARRY POTTER 5 | kl. 2 - 4 - 5 - 7 - 8 - 10 | 10 |
| HARRY POTTER 5 | kl. 2 - 5 - 8 DIGITAL | 10 |
| HARRY POTTER 5 | kl. 2 - 5 - 8 VIP | |
| EVAN ALMIGHTY | kl. 2 - 4 - 6 - 8 - 10:10 | L |

| | | |
|---|---|---|
| BLIND DATING | kl. 8 | 10 |
| SHREK 3 M/- ÍSL TAL | kl. 2 - 4 - 6 | L |
| SHREK 3 M/- Ensku TAL | kl. 8 - 10:10 | L |
| OCEAN´S 13 | kl. 10:10 | 7 |
| PIRATES 3 | kl. 4 | 10 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| HARRY POTTER 5 DIGITAL | kl. 4 - 6 - 7 - 9 - 10 | 10 |
| SHREK 3 M/- ÍSL TAL | kl. 4 | L |
| SHREK 3 M/- Ensku TAL | kl. 6 | L |
| PIRATES 3 | kl .8 | 10 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| TRANSFORMERS | kl. 12 á miðnætti | 10 |
| HARRY POTTER 5 | kl. 6 - 9 | 10 |
| SHREK 3 M/- Ensku TAL | kl. 6 | L |
| SHREK 3 M/- ÍSL TAL | kl. 8 | L |




SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| TRANSFORMERS | kl. 9 | 7 |
| HARRY POTTER 5 | kl. 6 - 10 | 10 |
| SHREK 3 M/- ÍSL TAL | kl. 6 | L |
| BLIND DATING | kl. 8 | L |

Nýtt í bíó LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus









LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| DEATH PROOF | kl. 4.50, 7.30 og 10-POWER | 16 |
| 1408 | kl. 8 og 10 | 16 |
| EVAN ALMIGHTY | kl. 4 og 6 | L |
| DIE HARD 4.0 | kl. 7.30 og 10 | 14 |
| SHREK 3 íslenskt tal | kl. 4 og 5.45 | L |

www.laugarasbio.is - Miðasala á midi.is

SÝNINGARTÍMAR
20.júlí
ÁLFABAKKI
Powerforsýning Kl.11 DIGITAL
Powerforsýning Kl.11 LÚXUS VIP
AKUREYRI
Powerforsýning Kl.12 á miðnæti
KEFLAVÍK
Powerforsýning kl.9
22.júlí
ÁLFABAKKI
Powerforsýning Kl.11 DIGITAL
Powerforsýning Kl.11 LÚXUS VIP
AKUREYRI
Powerforsýning Kl.12 á miðnæti
KEFLAVÍK
Powerforsýning Kl.9

FORSÝNING Í KVÖLD OG Á SUNNUDAGSKVÖLD
Reykjavík • Akureyri • Keflavík




Tryggðu þér miða í tíma á midi.is

VIP SALURINN ER BARA LÚXUS
SAMBÍÓIN



**MÆTTUR VESTUR** Vilhelm Anton Jónsson heldur tónleika í Tjöruhúsinu á Ísafirði í kvöld.

# Býr til ísfirsk eintök af plötunni sinni

Naglbíturinn Vilhelm Anton Jónsson ætlar að halda tónleika í Neðstakaupstað á Ísafirði í kvöld. Tónleikunum var slegið upp með örskömmum fyrirvara enda meðspilarar Vilhelms staddir fyrir tilviljun á sama stað á sama tíma. „Ég var búinn að plana ferðalag með kærustu og vinum um Vestfirði,“ segir Vilhelm. „Svo kom í ljós að vinir mínir sem hafa spilað með mér á tónleikum verða á Vestfjörðum líka og Birgir Bragason meira að segja með kontrabassann með sér. Af því tilefni var ákveðið að efna til tónleika.“ Vilhelm gefur út sína fyrstu sólóplötu um mánaðamótin og mun hann kynna efni af henni á tónleikunum. „Þar sem platan er ekki komin úr framleiðslu ætla ég að útbúa nokkur númeruð sérísfirsk eintök af henni og bjóða til sölu um kvöldið.“ Vilhelm segir að sig hafi lengi langað að spila fyrir vestan. „Það er orðið langt síðan síðast. Svo er aldrei að vita nema maður taki eitt til tvö lög með kaffinu hjá Rúnu í Súðavík,“ segir Vilhelm og á þar við Rúnu Esradóttur, unnustu Mugisons, sem opnaði kaffihús í Súðavík nýlega.

Tónleikarnir eru sem fyrr segir í Tjöruhúsinu í Neðstakaupstað á Ísafirði og hefjast þeir kl. 21.30.

# *Nýr þríleikur*

Þótt Harrison Ford sé kominn vel á sjötugsaldurinn þá er allt útlit fyrir að nýr þríleikur verði gerður um ævintýri Indiana Jones. Vefsíðan IESB.net hefur þetta eftir heimildarmanni sínum innan Paramount-kvikmyndaversins en talið er að Shia LaBeouf hafi þegar skrifað undir samning um að leika í tveimur myndum til viðbótar við þá sem nú er í framleiðslu. Og hefur því verið fleygt fram að Harrison Ford muni leika fornleifafræðinginn góðkunna í þeim myndum. Talsmaður Hollywoodstórstjörnunnar vildi ekki staðfesta þetta og sagði að einungis væri um orðróm að ræða.



**INDIANA** Harrison Ford er sagður ætla að leika í tveimur Indiana Jones-myndum til viðbótar.

En netverjar hafa ekki einungis verið að ræða um framtíð Indiana Jones því tölvert margar samsæriskenningar hafa verið á lofti um söguþráð fjórðu myndarinnar. Einhverjir hafa spáð því að geimverur komi mikið við sögu enda hefur titillinn Indiana Jones and the City of God verið töluvert í umræðunni. Þá hefur því verið spáð að hið goðsagnakennda svæði bandaríska hersins, svæði 51, muni leika stórt hlutverk í myndinni.

# Bragðgóður aukabiti

The Mix-Up er sjöunda Beastie Boys platan. Hún hefur að geyma tólf ný lög sem öll eru án röddunar og að öllu leyti spiluð á hefðbundin hljóðfæri; gítara, bassa, trommur, orgel og rafmagnspíanó. Á henni eru engar tölvur og engir samplerar. The Mix-Up er ekki fyrsta instrúmental plata Beastie Boys. The In Sound From Way Out sem kom út árið 1996 var líka án söngs, en munurinn er sá að hún var safn af ónotuðum grunnum og afgöngum, en The Mix-Up er unnin sem heildstætt verk.

Það er mjög auðvelt að falla fyrir The Mix-Up. Þetta er bragðgóður bræðingur af djassfönki, dub, rokki, soul-grúvi og latin-tónlist. Bassinn er annað lykilhljóðfærið. Hitt er farfisa-orgelið. Þessi tónlist hljómar eins og hún sé unnin upp úr tónlist áhrifavalda Beastie Boys. Þeir sem muna eftir tímaritinu þeirra Grand Royal vita að þeir hafa lengi dýrkað dub og reggítónlist, fönk og soul. Tónlistin á The Mix-Up minnir á instrúmental sálarsveitir eins og Booker T & The MGs og djassfönk eins og það sem var áberandi í kvikmyndum á fyrri hluta áttunda áratugarins og lagið The Gala Event gæti verið tekið af einhverri Ninja Tune plötunni.

The Mix-Up er ágætis plata. Fín í bakgrunninn. Hún jafnast hins vegar ekki á við bestu verk þessarar frábæru sveitar. Það vantar töluvert upp á það. Ég held að The Mix-Up sé eins konar aukabiti – plata sem hljómsveitina langaði til að gera og plata sem styttir biðina eftir næstu alvöru Beastie Boys plötu. Og þetta er prýðilegur aukabiti. Það má alveg mæla með honum.

Trausti Júlíusson




**TÓNLIST**
**The Mix-Up**
Beastie Boys
★★★

Sjöunda plata Beastie Boys er bragðgóður instrúmental bræðingur af djassfönki, dubbi, rokki, soul- og latin-tónlist. Fín bakgrunnsplata.


**Mini Market**
er að færa sig yfir í stærra og betra húsnæði í Drafnarfelli 6-12
Opnum laugardaginn 21.07.07 klukkan 10:00.
Það borgar sig að koma og sjá.
ALVÖRU MATVÖRUVERSLUN - LÁGT VÖRUVERÐ ALLA DAGA



Mjólk 1l. 74 kr
Coca Cola 2l. 169 kr
Samlokubrauð 99 kr
Pylsur Torunska og grillaðar með osti 973 kr kg
Frosin ýsuflök 779 kr kg

Oddur bakari mun verða á staðnum, kynna vörur sínar og gefa smakk.
KjötPól grillar gómsætar pylsur ofan í gesti og gangandi.
Ocean- Fish með smökkun á úrvalsfiski.
Hive Hive verður á staðnum, gefur símakort til að hringja ódýrara til útlanda og fleiri fyrirtæki munu vera á staðnum við opnunina.

Verið hjartanlega velkomin
Þú verður að koma og sjá!

**Mini Market**
Drafnarfell 6-12 -111 Reykjavík - ☎ 517 0107

**Mini Market**
przenosi sie do wiekszego i lepszego sklepu przy ulicy Drafnarfell 6-12.
Otwarcie w sobote 21.07.07 o godz. 10:00
Warto przyjsc zobaczyc.
Teraz to bedzie prawdziwy sklep spozywczy z dobrymi cenami na codzienne zakupy.



Mleko 1l. 74 kr
Coca Cola 2l. 169 kr
Chleb tostowy 99 kr
Kiełbasa 973 kr kg
Zamrozone fillety ýsy 779 kr kg

Oddur bakari bedzie prezentowal swoje wyroby i podawał do degustacji.
KjötPól bedzie grilował swoje kiełbasy i takze podawał do smakowania.
Ocean- Fish takze bedzie oferował swoje wyroby.
Hive bedzie rozdawał karty tanich rozmów zagranicznych oraz wiele innych firm bedzie współpracowac w zwiazku z otwarciem sklepu.

Serdecznie zapraszamy.
Musisz przyjsc i zobaczyc.

**Mini Market**
Drafnarfell 6-12 -111 Reykjavík - ☎ 517 0107

## > Þriðji eftir fyrri dag

Fjölnismaðurinn Sveinn Elías Elíasson er í 3. sæti í tugþraut á HM unglinga 19 ára yngri eftir fyrri dag keppninnar sem fram fer í Hengelo í Hollandi. Sveinn náði bestum tíma allra í fyrstu grein (100 metra hlaupi) og hljóp þar á 10,73 sekúndum. Sveinn varð síðan áttundi í langstökki, nítjándi í kúluvarpi og annar í 400 metra hlaupi og er með 4.007 stig eftir fyrri dag. Sveinn setti nýtt drengjamet með tímum sínum í 100 og 400 metra hlaupunum. Sveinn er 70 stigum á eftir Þjóðverjanum Matthias Prey sem er í efsta sæti.



**sport**

sport@frettabladid.is

HEIÐAR HELGUSON: SAMDI ÖLLUM AÐ ÓVÖRUM VIÐ BOLTON TIL ÞRIGGJA ÁRA Í GÆR

# *Hvíti liturinn fer mér bara svo rosalega vel*

Það var létt yfir Heiðari Helgusyni þegar Fréttablaðið náði tali af honum um kvöldmatarleytið í gær. Heiðar var þá nýbúinn að skrifa undir þriggja ára samning við enska úrvalsdeildarfélagið Bolton, sem greiðir um tvær milljónir punda fyrir Dalvíkinginn.

Heiðar gekk í raðir Fulham fyrir 1,5 milljónir punda frá Watford árið 2005. Honum gekk illa að festa sig í sessi sem byrjunarliðsmaður hjá Fulham og boðaði Lawrie Sanchez, stjóri félagsins, Heiðar á fund fyrir skömmu og sagði honum að honum væri frjálst að fara. Heiðar ákvað samstundis að skipta um lið en Bolton sýndi honum áhuga fyrir nokkrum vikum. Ekkert hafði áður spurst af áhuga félagsins á kappanum og því komu tíðindin nokkuð óvænt upp í gær.

„Það er langt síðan Bolton sýndi áhuga. Þið fáið bara ekkert að vita, við höldum ýmsu fyrir okkur. Við erum að vísu búnir að láta sárafáa vita af þessu til að halda þessu leyndu,“ sagði Heiðar léttur í bragði.

„Ég þurfti nú ekki mikið að velta þessu fyrir mér. Ég myndi segja að þetta væri þokkalega stórt skref upp á við fyrir mig, Bolton er til dæmis í Evrópukeppninni á næsta ári.“

Heiðar er þekktur baráttuhundur og Bolton er þekkt baráttulið. Hann á því líklega fullkomlega við félagið. „Þeirra leikstíll hentar mér bara mjög vel sýnist mér. Hvernig það gengur og hvort ég nái að festa mig í sessi á bara eftir að koma í ljós. Ég ætla allavega að reyna mitt besta.“

Sammy Lee, stjóri Bolton, hringdi í Heiðar til að óska honum til hamingju klukkan rúmlega þrjú um nóttina að staðartíma hjá sér. Lee er staddur í Suður-Kóreu í æfingaferð en liðið kemur heim á sunnudag. Heiðar æfir með sínum nýju liðsfélögum í fyrsta skipti á þriðjudag.



Heiðar flytur búferlum frá London til Bolton sem er í Norður-Englandi. „Það er ekkert nýtt fyrir okkur að flytja. Aðalatriðið var að finna góðan skóla fyrir strákana en við erum búin að því,“ sagði Heiðar sem er spenntur fyrir verkefninu framundan.

„Ég er mjög spenntur og svo fer hvíti liturinn mér bara svo rosalega vel,“ sagði Heiðar Helguson.



**GOTT MARK** Guðmundur, sem er hér í leik gegn Keflavík, skoraði mikilvægt mark fyrir KR á útivelli. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

KR lék gegn Hacken í gær:

## Skoraði dýrmætt mark á útivelli

**FÓTBOLTI** KR gerði 1-1 jafntefli við sænska 1. deildarfélagið Hacken í fyrstu umferð Evrópukeppni félagsliða í gær. Leikurinn fór fram ytra en Svíarnir komust yfir með marki á 12. mínútu eftir hornspyrnu. Markið var slysalegt og algjör óþarfi fyrir KR sem var síst lakari aðilinn í leiknum.

KR uppskar gríðarlega dýrmætt jöfnunarmark í síðari hálfleik þegar Guðmundur Pétursson skoraði fallegt mark eftir glæsilegan undirbúning Rúnars Kristinssonar. Möguleikar KR á því að komast áfram verða að teljast góðir en síðari leikurinn fer fram á KR-vellinum 2. ágúst.

Brann í Noregi vann 8-0 útisigur á Carmarthen í sömu keppni þar sem Kristján Örn Sigurðsson og Ármann Smári Björnsson skoruðu sitthvort markið. - hþh

# Færeysk snilld í karaktersigri

**Stórkostlegt sigurmark Færeyingsins Símuns Samuelsen kórónaði magnaða endurkomu Keflvíkinga og tryggði þeim 3-2 sigur á danska silfurliðinu FC Midtjylland í Evrópukeppni félagsliða í gær.**

**FÓTBOLTI** Keflavík vann danska liðið FC Midtjylland 3-2 í fyrri leik liðanna í 1. umferð forkeppni Evrópukeppni félagsliða í Keflavík í gærkvöldi þrátt fyrir að lenda 0-2 undir eftir aðeins 20 mínútna leik.

Færeyskir fótboltamenn litu ekki vel út í Kaplakrikanum á miðvikudagskvöldið en það var önnur saga í Keflavík í gærkvöldi þegar Færeyingurinn Símun Eiler Samuelsen bjó til tvö mörk sem breyttu tapi í sigur fyrir hans menn.

Vonir Keflvíkinga virtust verða að engu fyrstu tuttugu mínútur leiksins því Danirnir skoruðu úr tveimur fyrstu alvöru sóknum sínum í leiknum. Fyrst skoraði Serghei Dadu laglegt mark á 8. mínútu, beint úr aukaspyrnu, en síðara markið skoraði hægri bakvörðurinn Kolja Afriyie á 20. mínútu þegar hann einlék í gegnum keflvíska vörnina sem var vægast sagt illa á verði.

Heimamenn voru ekki á því að gera þetta að léttri æfingu fyrir Jótlandsliðið sem spilar opnunarleik sinn í dönsku deildinni um næstu helgi. Keflvíkingar komu sér inn í leikinn með tveimur mörkum á átta mínútna kafla.

Hallgrímur Jónasson fékk vítaspyrnu eftir samskipti við miðvörð danska liðsins. Guðmundur Steinarsson tók spyrnuna, Martin Raska varði en Guðmundur fylgdi á eftir og skoraði. Símun Samuelsen lagði síðan upp annað mark Keflavíkur fyrir Þórarinn Kristjánsson með góðum sprett upp vinstri vænginn.

Liðin höfðu þegar þarna var komið sögu skorað úr 4 af 6 skotum sínum í leiknum og sóknarnýtingin því með allra besta móti.

Hafi Keflvíkingar virkað vængbrotnir í upphafi leiks færðist mikill kraftur í liðið eftir að þeir jöfnuðu og þeir sóttu af miklu sjálfstrausti á Danina fram að hálfleik. Símun var ekki búinn að segja sitt síðasta og skoraði stórkostlegt mark á 57. mínútu. Fékk þá boltann út á vinstri væng, lék inn á miðjuna og lét vaða á markið vel fyrir utan teig og boltinn þandi netmöskvana í fjærskeytunum. Það verður erfitt að finna fallegri mörk en þetta í sumar.

„Þetta er eitt af þeim flottustu. Kannski kemst þetta mark á topp tvö hjá mér,“ sagði Símun Samuelsen kátur eftir leikinn. „Það skemmtilegasta við þetta mark var samt að það tryggði okkur sigurinn í leiknum. Þetta leit mjög illa út en það var ótrúlegur karakter sem allir menn sýndu í leiknum. Þetta er okkar besti leikur í sumar fyrir utan þessar skelfilegu mínútur í byrjun og öruggleg besti leikur Keflavíkur í mörg ár,“ sagði Símun.

Það sem eftir var leiks færðu Keflvíkingar sig aftar á völlinn. Danir fengu nokkur vænleg upphlaup en brutu ekki einbeitta og grimma vörn Keflavíkur á bak aftur. Keflvíkingar fögnuðu sigri og möguleikarnir á að komast áfram í næstu umferð, sem virtust vera víðsfjarri um miðjan fyrri hálfleik, eru svo sannarlega enn fyrir hendi.

Þjálfarinn Kristján Guðmundsson hélt sér þó á jörðinni í leikslok. „Það er alltaf möguleiki ef maður vinnur heimaleikinn en við þurfum góðan leik úti til að komast áfram,“ sagði Kristján við Fréttablaðið.

ooj@frettabladid.is



**ÓTRÚLEGT MARK** Hinn færeyski Símun Samuelsen átti frábæran leik með Keflavík í gær og lagði upp eitt mark áður en hann skoraði sjálfur sigurmarkið með stórkostlegu skoti af 25 metra færi. MYND/VÍKURFRÉTTIR

Stuðningsmenn Fjölnis:

## Ásökunum vísað á bug

**FÓTBOLTI Stuðningsmannaklúbbur Fjölnis sendi í gær frá sér yfirlýsingu vegna umræðu og ásakana síðustu daga um meinta kynþáttafordóma nokkurra stuðningsmanna félagsins í garð leikmanns ÍBV í viðureign liðanna hinn 16. júlí síðastliðinn. Í tilkynningunni biðst klúbburinn afsökunar á munnsöfnuði sem hafður var í garð Eyjamanna og dómara og að klúbburinn muni gera allt sem í sínu valdi stendur til að hann endurtaki sig ekki.**

**Í yfirlýsingunni er ásökunum um kynþáttafordóma hins vegar vísað á bug enda hafi og muni aldrei neitt slíkt eiga sér stað á Fjölnisvelli. Bent er á sektarúrskurð aganefndar KSÍ þar sem minnst er á gróf köll en ekki kynþáttafordóma.** - vig

Opna breska meistaramótið:

## Garcia leiðir

**GOLF** Spánverjinn Sergio Garcia hefur forystu eftir fyrsta keppnisdag á opna breska meistaramótinu í golfi. Garcia hefur leikið á sex höggum undir pari og hefur tveggja högga forystu á hinn írska Paul McGinley.

Tiger Woods, sigurvegari mótsins síðustu tvö ár, er í 8-12. sæti á tveimur höggum undir pari. - vig



# BT

## NÝJA LÍNAN FRÁ TOSHIBA!




**TOSHIBA**

PSAE0E-02701GN5
TOSHIBA SATELLITE A200-1GU
Intel® Dual Core T2080
- 1.73 GHz / 533 MHz / 1 MB
15.4" WXGA TruBrite skjár
- 1280 x 800 upplausn
Intel 943 128MB skjákort
1GB Vinnsluminni
80GB SATA Harður diskur
Dual Layer DVD skrifari
Innbyggt þráðlaust net
Innbyggður 5 - 1 kortalesari
4xUSB2 / FireWire / TV out
Aðeins 2.72kg á þyngd

Windows Vista™ Premium
2gja ára alþjóðleg ábyrgð

**PASSAÐU GÖGNIN, TAKTU AFRIT!**




•FYLGIR
14.999

300968E
LaCie 320GB F.A. Porsche
útvær harður diskur fylgir!

**119.999**

**1. greiðsla 1.október**

**Intel Core Duo**
Nýjasta fartölvutæknin frá Intel. Stóraukin afkasta-geta, lengri rafhlöðuending og aukið öryggi.

**Innbyggður kortalesari**
Tölvan kemur útbúin kortalesara. Auðvelt að hlaða myndum af stafrænu myndavélinni.

**1GB Vinnsluminni**
Nauðsynlegt er að hafa gott vinnsluminni í tölvunni til að tryggja hraða vinnslu.

**80GB Harður diskur**
Þú getur geymt ógrynni af kvikmyndum, ljósmyndum og tónlist á 80GB hörðum disk.

**15,4" WXGA TrueBrite skjár**
Skarpur og bjartur skjár með sérstakri glampavörn. Skjárinn er einn mikilvægasti hluti tölvunnar.

**BT LÁN™**

| BT 11.953* | BT 6.552** | BT 4.751*** |
|---|---|---|
| 12 mánaða | 24 mánaða | 36 mánaða |

## FRÁBÆRT Í SUMARFRÍIÐ




Þegar þú kaupir Rocky Balboa þá færðu gömlu Rocky myndirnar á 1.299

DVD
**1.999**




DVD
**1.299**
1.799

## TILBOÐ ALDARINNAR




Motorstorm
Resistance
Fantastic Four Silver Surfer



2 stýripinnar

Playstation 3 tölvan

**69.999**
87.999

## > Tom Sizemore

Tom hefur átt við fíkniefnavandamál að stríða í mörg ár. Árið 2003 fékk hann skilorðsbundinn dóm fyrir að beita kærustu sína ofbeldi en féll endurtekið á lyfjaprófum meðan á skilorði stóð og var því dæmdur í eins og hálfs árs fangelsi ásamt fíkniefnameðferð. Það dugði þó ekki til því fyrir mánuði síðan var hann dæmdur í 16 mánaða fangelsi eftir að hafa verið gripinn með amfetamín í fórum sínum. Tom leikur í Black Hawk Down í Sjónvarpinu kl. 21.40.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ: FREYR GÍGJA GUNNARSSON KÝS ÚTVARP FRAM YFIR SJÓNVARP

# *Fleiri Jónasa á skjáinn*

Ríkissjónvarpið og Stöð 2 halda uppteknum hætti yfir sumartímann, bjóða áhorfendum sínum upp á arfaslakar kvikmyndir, hrikalega þætti (að slepptum dönsku þáttunum um lögreglukonuna Önnu Pihl sem RÚV sýnir á mánudagskvöldum – eru sólin í svartnættinu) og í raun allt það versta sem sjónvarp getur boðið upp á. Ef heilabúið væri ekki svona steikt eftir allar sólarglennurnar á suðvesturhorninu væri sjónvarpið sennilega komið í Góða hirðinn.

Á einhvern undarlegan hátt heldur gamla gufan þó sínum dampi. Ólíkt starfsmönnum sjónvarpsstöðvanna, sem telja gott sjónvarpsefni þjóna litlum tilgangi þegar áhorfendur eru hvort sem er líklega fjarri góðu gamni og liggja einhvers staðar í laut, spýtir starfsfólk útvarpsins í lófana og fær áheyrendur sína til að staldra við við garðverkin og hlusta. Enda skiptir viðfangsefnið það mun meira máli heldur en eigin tilvera.

Og þar fer fremstur í flokki sjálfur konungur ljósvakans, Jónas Jónasson. Þessi þungi og ábyrgðarfulli bassi finnur hvern mannfjársjóðinn á fætur öðrum, hvaðanæva af landinu, og lætur hann segja sér upp og ofan af eigin lífi. Ekki af kynferðisofbeldi eða misyndismönnum, né heldur misheppnuðum skurðaðgerðum eða megrunarátaki, heldur venjulegar sögur úr hversdagslífinu, sögur sem væntanlega gerast bara í næsta nágrenni.



Óskandi væri að dagskrárstjórar sjónvarpsins græfu upp starfsmenn eins og Jónas. Sem bera virðingu fyrir viðfangsefnum sínum og einbeita sér að þeirra frásögn í stað þess að spegla eigið egó í myndavélinni. RÚV hefur að vísu fundið þar einn góðan kandídat, Gísla Einarsson, enda komu þættir hans afar vel út úr nýjustu áhorfskönnun.



## EKKI MISSA AF



▶ **00.00 Frida** SJÓNVARPIÐ



▶ **21.15 Steel Magnolias** STÖÐ 2



▶ **20.00 Fever Pitch** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.40 Party at the Palms** SIRKUS



▶ **21.00 The Bachelor: Rome** SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Opna breska meistaramótið í golfi** Bein útsending frá 136. opna breska meistaramótinu í golfi sem fram fer á Carnoustie-vellinum í Skotlandi.

**18.20 Táknmálsfréttir**

**18.28 Ernst** (6:7)

**18.36 Ungar ofurhetjur** (10:26)

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veður**

**19.35 Kastljós**

**20.05 Ástkær dóttir** (To My Daughter with Love) Bandarísk fjölskyldumynd frá 1994. Eftir að eiginkona Joeys deyr flyst dóttir þeirra til afa síns og ömmu en þegar hann kemst að því að hún er vansæl þar vill hann fá hana til sín aftur. Leikstjóri er Kevin Hooks og meðal leikenda eru Rick Schroder, Lawrence Pressman, Khandi Alexander, Megan Gallivan og Linda Gray.

**21.40 Fallnir haukar** (Black Hawk Down) Bandarísk stríðsmynd frá 2001. Bandarísk sérsveit fer til Sómalíu að fanga foringja í liði stríðsherra þar og lendir í bardögum við her þungvopnaðra heimamanna. Leikstjóri er Ridley Scott og meðal leikenda eru Josh Hartnett, Ewan McGregor, Tom Sizemore og Eric Bana. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.

▶**00.00 Frida** Bandarísk bíómynd frá 2002 byggð á ævi mexíkósku myndlistarkonunnar Fridu Kahlo. Leikstjóri er Julie Taymor og meðal leikenda eru Salma Hayek, Mía Maestro, Amelia Zapata, Alejandro Usigli, Diego Luna, Alfred Molina og Valeria Golino. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna yngri en 12 ára. e.

**02.00 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06:05 The Full Monty**

**08:00 Everyday People**

**10:00 Lackawanna Blues**

**12:00 Fever Pitch**

**14:00 The Full Monty**

**16:00 Everyday People**

**18:00 Lackawanna Blues**

▶**20:00 Fever Pitch** Bráðfyndin og rómantísk mynd með þeim Drew Barrymore og Jimmy Fallon í aðalhlutverkum.

**22:00 Dark Water**

**00:00 The Island**

**02:15 Gang Tapes**

**04:00 Dark Water**

## STÖÐ 2

**07.00 Barney**

**07.25 Litlu Tommi og Jenni**

**07.45 Scooby Doo**

**08.10 Oprah**

**08.55 Í fínu formi 2005**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 Forboðin fegurð** (95:114)

**10.15 Grey´s Anatomy** (18:25)

**11.05 Fresh Prince of Bel Air** (16:24)

**11.30 Outdoor Outtakes** (9:13)

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.45 Nágrannar**

**13.10 Forboðin fegurð** (37:114)

**13.55 Forboðin fegurð** (38:114)

**14.45 Lífsaugað** (e)

**15.20 Heima hjá Jamie Oliver**

**15.50 Kringlukast**

**16.13 Batman**

**16.38 Cubix**

**17.03 Justice League Unlimited**

**17.28 Bold and the Beautiful**

**17.53 Nágrannar**

**18.18 Ísland í dag og veður**

**18.30 Fréttir**

**18.55 Ísland í dag, íþróttir og veð**

**19.40 The Simpsons** (15:22)

**20.05 The Simpsons** (16:22)

**20.30 So You Think You Can Dance** (11:23) Ameríka hefur kosið og nú kemur í ljós hvaða 14 keppendur halda áfram í keppninni. 2007.

▶**21.15 Steel Magnolias** Mannleg og skemmtileg mynd sem lætur engan ósnortinn. Sex einstakar konur sem standa saman í erfiðleikum og njóta saman ánægjustunda lífsins eru kjarni þessarar súrsætu sögu. Aðalhlutverk: Dolly Parton, Julia Roberts, Sally Field, Shirley Maclaine. 1989. Leyfð öllum aldurshópum.

**23.10 White Chicks** Kolgeggjuð grínmynd með þeim Wayans-bræðrum, Marlon og Shawn, í hlutverki tveggja lögreglumanna sem ákveða að dulbúa sig sem hvítar skutlur í þeim tilgangi að vernda erfingja hótelkeðju gegn hættulegum mannræningjum. Leyfð öllum aldurshópum.

**01.00 Normal**

**02.55 Full court miracle**

**04.30 Grey´s Anatomy** (18:25)

**05.15 Fréttir og Ísland í dag**

**06.25 Tónlistarmyndbönd frá PoppTíVí**

## SIRKUS TV

**18.00 Insider**

**18.30 Fréttir**

**19.00 Ísland í dag**

**19.40 The War at Home** (12:22) Gamanþættirnir The War At Home hafa slegið í gegn. Hjónin Vicky og Dave halda áfram daglegri baráttu sinni við unglingana á heimilinu. Þar er alltaf líf og fjör enda sjá foreldrarnir ekki hlutina með sömu augum og unglingarnir gera. Geta Vicky og Dave virkilega skammað krakkana sína fyrir að gera eitthvað sem þau gerðu sjálf í æsku? Drepfyndnir gamanþættir um heimilislífið og vandamálin þar á bæ.

**20.10 Entertainment Tonight** Í gegnum árin hefur Entertainment Tonight fjallað um allt það sem er að gerast í skemmtanabransanum og átt einkaviðtöl við frægar stjörnur. Nýjar fréttir af fræga fólkinu, kvikmyndum, sjónvarpi, tónlist, tísku og alls kyns uppákomur sem gerast í bransanum eru gerð góð skil í þessum frægu þáttum. Ef þú vilt vita hvað er að gerast í Hollywood, þá viltu ekki missa af þessum þáttum. Leyfð öllum aldurshópum.

▶**20.40 Party at the Palms** (7:12) (e)

**21.10 Jake 2.0** (1:16) Jake Foley er bara venjulegur maður þar til dag einn þegar hann lendir í furðulegu slysi sem gefur honum óvenjulega krafta. Er hann nú sterkari og sneggri en nokkur annar og ákveður leyniþjónusta Bandaríkjanna að nýta sér krafta hans. Jake er nú orðinn leynivopn Bandaríkjanna þar sem hann tekur að sér verkefni sem enginn annar getur leyst. Hörkuspennandi þættir.

**22.00 Standoff** (18:18) Nýir spennuþættir með Ron Livingston og Rosemarie DeWitt í aðalhlutverkum. Þættirnir fjalla um samningamenn í gíslatökudeild FBI sem þykja þeir bestu í greininni.

**22.45 Young, Sexy and.......** (4:9) (e)

**23.30 The War at Home** (12:22) (e)

**23.55 Entertainment Tonight** (e)

**00.20 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 N4 Fréttir** og að þeim loknum veðurfréttir og magasínþáttur. Dagskráin er endursýnd á klukkutíma fresti til kl. 10:15 næsta dag.

**16.45** og **17.45 Átak með Guðrúnu Gísla**. Endursýning á klukkutíma fresti frá 05.45 til 09.45 næsta dag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**07.35 Everybody Loves Raymond** (e)

**08.00 Dr. Phil** (e)

**08.45 Vörutorg**

**09.45 Óstöðvandi tónlist**

**16.15 Vörutorg**

**17.15 Greatest Dishes in the World** (e)

**18.15 Dr. Phil** Dr. Phil, hreinskilni sjónvarpssálfræðingurinn frá Texas heldur áfram að hjálpa fólki að leysa öll möguleg og ómöguleg vandamál, segja frábærar sögur og gefa góð ráð. Frábærir þættir sem létta manni lífið!

**19.00 Everybody Loves Raymond** (e)

**19.30 All of Us** (14:22) Fjölmiðlamaðurinn Robert James er nýskilinn við eiginkonu sína og barnsmóður, Neesee, en hann er staðráðinn í að afsanna þjóðsöguna um að skilnaður útiloki að hægt sé að láta sér lynda við þá fyrrverandi.

**20.00 Charmed** (2:22) Bandarískir þættir um þrjár fagrar og kyngimagnaðar örlaganornir. Að þessu sinni hafa heillanornirnar í nógu að snúast þegar þær reyna að koma í veg fyrir morð.

▶**21.00 The Bachelor: Rome - Tvöfaldur lokaþáttur** Bandarísk raunveruleikasería þar sem myndarlegur piparsveinn leitar að draumadísinni. Þetta er níunda þáttaröðin og piparsveinninn að þessu sinni er ítalskur prins. Hann heitir Lorenzo Borghese og er mikill sjarmör. Það er komið að stóru stundinni. Tvöfaldur úrslitaþáttur þar sem Lorenzo kynnir stúlkurnar fyrir fjölskyldu sinni. Síðan þarf hann að gera upp hug sinn og velja sér prinsessu. Hver fær síðustu rósina?

**22.50 Everybody Loves Raymond** Bandarískur gamanþáttur um hinn seinheppna fjölskylduföður Raymond, Debru eiginkonu hans og foreldra sem búa hinum megin við götuna

**23.15 Backpackers** (3:26) Áströlsk þáttaröð þar sem áhorfendur slást í för með þremur vinum sem halda í mikla ævintýraför um heiminn. Félagarnir segja skilið við hversdagsleikann í eitt ár og koma við í 22 löndum á ferðalagi sínu. Alls eru þetta 26 þættir þar sem ekki er stuðst við neitt handrit og ýmislegt óvænt kemur upp á.

**23.45 Law & Order: SVU** (e)

**00.35 World's Most Amazing Videos** (e)

**01.25 Hack** (e)

**02.15 High School Reunion** (e)

**03.05 Tvöfaldur Jay Leno** (e)

**04.45 Vörutorg**

**05.45 Óstöðvandi tónlist**

SÝN 2 BYRJAR
4. ÁGÚST

Við eigum eftir að eiga góðan vetur saman

VERÐ FRÁ
2.368 KR.

sýn2
enski boltinn

512 5100 | SYN.IS | VERSLANIR VODAFONE



## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.30
### So You Think You Can Dance

Úrslitakeppnin er í fullum gangi í So You Think You Can Dance. Í hverri viku draga dansararnir dansstíl sem þeir þurfa að fullkomna á örfáum dögum. Í gær kepptu 16 dansarar um hylli kjósenda en í kvöld kemur í ljós hvaða tveir keppendur verða sendir heim.



## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### Black Hawk Down
### Sjónvarpið kl. 21.40

Fallnir haukar (Black Hawk Down) er bandarísk stríðsmynd byggð á metsölubók eftir Mark Bowden. Þar segir frá leiðangri bandarískrar sérsveitar til Sómalíu árið 1993. Til harðra bardaga kom milli bandarísku sveitarinnar og hers þungvopnaða heimamanna. Meðal leikenda eru Josh Hartnett, Ewan McGregor, Tom Sizemore og Eric Bana.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn
**07.05** Morgunvaktin
**09.05** Óskastundin
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Minningar um merkisfólk
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Sakamálaleikritið: Sá yðar sem syndlaus er
**13.15** Á sumarvegi
**14.03** Útvarpssagan: Rokkað í Vittula
**14.35** Miðdegistónar
**15.03** Flakk
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Á sumarvegi
**19.40** Pollapönk
**20.10** Litir í tónum og orðum: Grænn
**21.00** Kampavín og kaloríur
**21.55** Orð kvöldsins
**22.15** Brot af eilífðinni
**23.00** Kvöldgestir
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SÝN

**18:00 Það helsta í PGA mótaröðinni**
**18:30 Gillette World Sport 2007**
**19:00 Pro bull riding** (Las Vegas, NV - Mandalay Bay / Thomas & Mack, Part 1)
**20:00 Augusta Masters Official Film** (Augusta Masters Official Film - 1960) Vandaðir þættir þar sem rifjaðar eru upp efirminnilegustu keppnirnar í sögu Masters sem er eitt af risamótunum fjórum í golfinu. Mótið fer ávallt fram á hinum glæsilega Augusta National velli í Georgíu. Sigurvegarar fá ævilangan þátttökurétt og til dæmis má nefna að Arnold Palmer keppti á mótinu í fimmtíu ár í röð. Í þessum þætti verður mótið árið 1989 tekið fyrir en þá sigraði Íslandsvinurinn Nick Faldo.
**21:00 World Supercross GP 2006-2007** (Qualcomm Stadium)
**22:00 Heimsmótaröðin í Póker 2006**
**22:50 Heimsmótaröðin í Póker 2006**
**23:40 Ali/s Dozen** Í þessum þætti númer tvö um Muhammad Ali verður farið yfir sögulegustu og mikilvægustu augnablikin á hnefaleikaferli hans. Kappinn sjálfur valdi atvikin. 2007.

## BBC PRIME

**6.15** Come Outside **6.30** Andy Pandy **6.35** Teletubbies **7.00** Passport to the Sun **7.30** Staying Put **8.00** Staying Put **8.30** Passport to the Sun **9.00** Garden Challenge **9.30** Big Cat Diary Update **10.30** Keeping Up Appearances **11.00** As Time Goes By **11.30** My Family **12.00** Hetty Wainthropp Investigates **13.00** Popcorn **14.00** House Invaders **14.30** Get a New Life **15.30** Bargain Hunt **16.00** As Time Goes By **16.30** My Family **17.00** The Monastery **18.00** Waking the Dead **19.00** New Tricks **20.00** Eddie Izzard **21.00** Waking the Dead **22.00** Keeping Up Appearances **22.30** New Tricks **23.30** As Time Goes By **0.00** My Family **0.30** Mastermind **1.00** Waking the Dead **2.00** Hetty Wainthropp Investigates **3.00** Passport to the Sun **3.30** Balamory **3.50** Tweenies **4.10** Big Cook Little Cook **4.30** Tikkabilla **5.00** Boogie Beebies **5.15** Tweenies **5.35** Balamory **5.55** Big Cook Little Cook

## DR 1

**6.00** SommerSummarum **7.35** Yu-Gi-Oh! **11.05** Vildmark **11.35** Sommertid **12.05** Dawsons Creek **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** Hjerteflimmer Classic **13.30** SommerSummarum **15.05** Trolddomsæsken **15.30** Fredagsbio **15.40** Pinky Dinky Doo **16.00** Når isbjørnen kommer i godt humør **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** Under åben himmel **19.00** TV Avisen **19.25** Sommervejret på DR1 **19.40** Aftentour 2007 **20.05** Black Dog **21.30** Domestic Disturbance **22.55** The Monkey's Mask **5.30** Gurli Gris **5.35** Noddy **5.50** Trolderi

## NRK 1

**6.00** Danny og Daddy **6.05** Ugler i mosen **6.30** Noahs dyrebare øy **7.00** Gjengen på taket **7.15** De tre vennene og Jerry **7.30** Trollz **8.00** Totalt genialt! **8.25** Med hjartet på rette staden **9.10** Jukeboks: Country **10.00** Jukeboks: Ut i naturen **11.00** Jukeboks: Jazz **12.00** Jukeboks: Du skal høre mye **13.05** The Tribe - Den nye morgendagen **13.30** Lyoko **13.55** Norske filmminner **15.20** Kos og kaos **15.50** Oddasat - Nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Konstanse **16.05** Pippi Langstrømpe **16.30** Sauen Shaun **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Der ingen skulle tru at nokon kunne bu **18.00** Galapagos **18.50** 20 spø rsmål **19.15** Inspektør Lynley **20.45** Du skal høre mye mer... **21.00** Kveldsnytt **21.15** Hotel Babylon **22.05** Komiprisen - årets morsomste **22.10** Cream i Royal Albert Hall **23.10** Sorte orm **5.30** Sommermorgen **5.31** Fimlene **5.50** Peppa Gris **5.55** Knekkebrødrene

## SVT 1

**7.15** Hej hej sommar **7.16** Fåret Shaun **7.25** Hej hej sommar **7.40** Unge greve Dracula **10.00** Rapport **10.05** Landet som Stalin tog **10.35** Annes trädgård **13.00** Drottning Sonja fyller 70 år **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **15.00** Varför, Ouafa? **15.30** Sommartorpet **16.00** BoliBompa **16.30** Hej hej sommar **16.31** Fåret Shaun **16.40** Hej hej sommar **16.55** Unge greve Dracula **17.30** Rapport **18.00** Tre kärlekar **18.55** Radiohjälpen hjälper **19.00** Djävulens advokat **21.20** Rapport **21.30** Entourage **22.00** People I Know **23.35** Sändningar från SVT24




## LÖGIN VIÐ VINNUNA




*„Það er nú engin tónlist í gangi inni í búðinni. Þegar ég er á ferðinni kveiki ég á útvarpinu og það er bara stillt á Rás 2. Það myndi örugglega enda með árekstri ef ég færi að breyta því.“*

Þórir Sigurbjörnsson, kaupmaður í Vísi.

# Páll Benediktsson í sjónvarpsmaraþoni

„Þetta er heilmikið maraþon enda stendur útsendingin frá klukkan átta á morgnana til sex á kvöldin næstu þrjá daga,“ segir Páll Benediktsson, sem lýsir Opna breska golfmótinu á Carnoustie-golfvellinum á Skotlandi í beinni útsendingu Sjónvarpsins.

Eflaust hefur einhverjum brugðið í brún þegar þjóðþekkt rödd Páls bauð áhorfendur velkomna enda er fréttamaðurinn þekktari fyrir að stjórna „alvöru“ fréttum og kosningasjónvarpi fyrir fréttastofuna. „Ég er búinn að vera í tveggja mánaða leyfi en það var eitthvert sumarfrísástand hjá þeim á íþróttadeildinni og eftir að þeir höfðu klórað sér aðeins í hausnum leituðu þeir til mín. Þetta er bara skemmtilegt,“ segir Páll sem nýtur dyggrar aðstoðar Andrésar Jóns Davíðssonar.

Páll er þó ekki blautur á bak við eyrun þegar kemur að golfinu enda liðtækur kylfingur sjálfur, segist hafa leikið íþróttina í tuttugu ár og er með fjórtán í forgjöf.

Páll hefur ekki tekið neinar ákvarðanir um framtíð sína í Efstaleiti en eins og komið hefur fram í Fréttablaðinu hefur Páll verið að hugsa sinn gang eftir tveggja áratuga dvöl. „Þegar ég er búinn með tveggja mánaða leyfið fer ég í sumarfrí fram á haustið. Ég hef sagt það við alla sem heyra vilja að þetta veltur allt á því hvort RÚV vilji vera með fréttaskýringaþátt eins og Í brennidepli og leggja fjármuni í hann. Ef svo er verð ég reiðubúinn til að vera hérna áfram.“ - fgg



**PÁLL OG ANDRÉS** Lýsa því sem fram fer á Carnoustie-golfvellinum í beinni útsendingu Sjónvarpsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | 10 | | ■ | 11 | |
| 12 | | 13 | | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT 2.** dæld **6.** í röð **8.** herma **9.** suss **11.** tveir eins **12.** súla **14.** ljúka **16.** nafnorð **17.** skjön **18.** umhyggja **20.** grískur bókstafur **21.** halda brott.

**LÓÐRÉTT 1.** höfuð **3.** samtök **4.** mikill ávinningur **5.** ósigur **7.** frilla **10.** þörungur **13.** lærdómur **15.** heimsálfa **16.** bjargbrún **19.** númer.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** laut, **6.** aá, **8.** apa, **9.** uss, **11.** pp, **12.** stöng, **14.** klára, **16.** no, **17.** mis, **18.** önn, **20.** pí, **21.** fara.

**LÓÐRÉTT: 1.** haus, **3.** aa, **4.** uppgrip, **5.** tap, **7.** áskona, **10.** sól, **13.** nám, **15.** asía, **16.** nöf, **19.** nr.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1. Íslensk erfðagreining.
2. Victoria Beckham.
3. Færeyjum.

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Auglýsingasími
512 50 50
FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið

ÞORSTEINN GUÐMUNDSSON: MEÐ SPJALLÞÁTT Á SKJÁ EINUM

# Í stíl við Leno og Letterman

„Þetta er í sjálfu sér rétt. Það er ekki enn búið að fullklára samningana en það er vilji af beggja hálfu til að gera þennan þátt,“ segir Þorsteinn Guðmundsson. Á vefsíðunni frumraun.is, sem er fjölmiðlavefur Vinnuskólans í Hafnarfirði, kemur fram að í viðtali hópsins við Þorstein hafi hann upplýst um spjallþátt sem hann hyggst gera í samstarfi við Sindra Pál Kjartansson og Skjá einn.

Að sögn Þorsteins er verið að undirbúa þáttinn um þessar mundir, leggja línurnar ef svo má að orði komast. Hljómsveitin Flís verður að öllum líkindum hússhljómsveitin og grínarinn segir þetta eiga að vera í ætt við svipaða spjallþætti bandarísku spjallþáttakónganna Jays Leno og Davids Letterman. „Þetta er form sem hefur gengið upp alls staðar í heiminum,“ segir Þorsteinn sem útilokaði ekki að það yrði gamanmál í upphafi þáttanna eins og hjá þeim bandarísku en þar er gert grín að mönnum og málefnum líðandi stundar. „Þetta hefur verið hvað erfiðast í svona þáttum. En svona gamanmál hafa verið atvinnan mín undanfarin ár þannig að það er aldrei að vita. Af nógu er að taka,“ bætir Þorsteinn við.

Að sögn Þorsteins er áætlað, ef allt gengur að óskum, að þátturinn hefji þó ekki göngu sína fyrr en eftir áramót. „Við ætlum að undirbúa okkur ótrúlega vel enda hefur það oft brunnið við að menn hafi farið of geyst af stað.“

Björn Þór Sigurðsson, sjónvarpsstjóri Skjás eins, var í sumarfríi í Noregi og var rétt búinn að renna fyrir lax þegar Fréttablaðið náði tali af honum. Hann sagði að vissulega væru báðir aðilar mjög spenntir fyrir þessu en enn ætti eftir að ganga frá nokkrum lausum endum. „Mér hefur alltaf þótt Þorsteinn fyndinn og það vantar þennan íslenska spjallþátt í sjónvarpið um þessar mundir,“ segir Björn. „Ef allt gengur að óskum gæti þetta orðið mjög skemmtilegt verkefni.“



**ÞORSTEINN** Hyggst vera með spjallþátt á Skjá einum sem verður í ætt við þætti Davids Letterman og Jays Leno.



**BJÖRN ÞÓR** Sagði að enn ætti eftir að ganga frá nokkrum lausum endum en verkefnið væri vissulega spennandi.

# Ríkisbubbar gista hótel Rangá

Hótel Rangá, sem stendur mitt á milli Hellu og Hvolsvallar, er vinsæll viðkomustaður ríkisbubba á ferð um heiminn. David Rockefeller, höfuð Rockefeller-fjölskyldunnar, dvaldist þar nýlega ásamt stórfjölskyldu sinni, og samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er Karl Gústaf XVI Svíakonungur á gestalistanum, ásamt norskum auðkýfingi.

„Við höfum fengið til okkar merka og sérlega ágæta gesti, og reynt að sinna þeim vel,“ sagði Friðrik Pálsson, framkvæmdastjóri og aðaleigandi hótelsins. Hann sagðist ekki geta gefið upp nein nöfn, en staðfesti að konungborið fólk hefði gist hótelið.

Friðrik sagðist halda að kyrrð og ró ættu sinn þátt í aðdráttarafli hótelsins. „Við höfum líka lagt okkur sérstaklega fram við að þjóna okkar gestum vel bæði í mat og öllum viðurgerningi, og unnið mjög náið með öllum mögulegum afþreyingaraðilum hér á svæðinu,“ sagði hann.

Aðspurður hvort gera mætti þá ráð fyrir því að Svíakonungur hefði skellt sér á vélsleða hló Friðrik við. „Ég get ekki staðfest það, en ég get sagt að langflestir af þeim aðilum sem gista hjá okkur nýta sér ýmislegt af þeirri afþreyingu sem er í boði á svæðinu. Svo er sjálfsagt að taka það fram að íslensku gestirnir okkar eru líka eins og kóngar í okkar augum,“ sagði hann. - sun



**Í GÓÐUM FÉLAGSSKAP** Friðrik Pálsson, framkvæmdastjóri Hótel Rangár, sér konungbornum gestum og auðkýfingum fyrir þjónustu.



**SVÍAKONUNGUR Á VÉLSLEÐA?** Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er Karl Gústaf XVI Svíakonungur einn af fyrrverandi gestum hótelsins.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Bretar þreytast seint á því að grínast með höfuðlag **Eggerts Magnússonar**, stjórnarformanns West Ham. Frægt er orðið þegar íþróttasíða Guardian hvatti lesendur til að senda inn teiknaðar myndir af Eggerti þar sem „egg“ koma mikið við sögu. Og nú hefur bresk netvöruverslun hafið sölu á bolum í litum West Ham þar sem andliti Eggerts er skotið inn og skyldi enginn velkjast í vafa um að bolurinn tengir saman nafnið og eggið.



**Einar Bárðarson** vinnur nú hörðum höndum að því að fá til liðs við sig tónlistarmenn til að spila á afmælistónleikum Kaupþings 17. ágúst. Þegar hefur verið gengið frá því að tónleikarnir verði á Laugardalsvelli og er vinna hafin við að undirbúa eitt stærsta svið sem smíðað hefur verið í kringum tónleikahald á Íslandi. Einar er jafnframt sagður vera vakinn og sofinn yfir því að reyna að fá **Björk** nokkra **Guðmundsdóttur** til að troða upp á tónleikunum en hún er nú á tónleikaferðalagi um heiminn við að kynna plötu sína Volta.



**Fjölnir Þorgeirsson** lifir lífi piparsveinsins þessa dagana eftir að slitnaði upp úr sambandi hans og barnsmóður hans, **Mailinn Solér**, og hún hélt heim til föðurlandsins Noregs. Fjölnir og Mailinn bjuggu sem kunnugt er saman í Hveragerði en Fjölnir lagði land undir fót um síðustu helgi og fór á Kaffi Akureyri í höfuðstað Norðurlands. Þar gerði hann sitt besta til að heilla norðlenskar meyjar upp úr skónum en ekki fylgir sögunni hvort hann gerði við þær svipað samkomulag og alheimsfegurðardrottninguna **Unni Birnu Vilhjálmsdóttur** fyrr á árinu, en sú fékk Fjölni til þess að fallast á að þau væru ekki af sömu kynslóð og því ekki forsenda fyrir nánari kynnum.



**Hreiðar Guðmundsson**, markvörður íslenska handboltalandsliðsins, var á sama stað á sama tíma. Athygli vakti að hann var í jakkafötum en hafði ekki séð ástæðu til þess að fara í skyrtu eða bol innan undir jakkann. Skýringin gæti verið sú að þetta var síðasti séns markvarðarins til þess að sýna Íslendingum úr hverju hann er gerður. Hreiðar hélt nefnilega utan daginn eftir en hann hefur sem kunnugt er samið við sænska úrvalsdeildarliðið Sävehof til eins árs.



- fgg / sók

# Full búð af ferskum tómötum




**25 afsláttur af öllum tómötum**

Tómatar - Yfir 15 tegundir




**25% afsláttur**

af SS helgarsteikum




**179** kr/kg. áður 360 kr/kg.

Ísfugl buffalo vængir í poka




**699** kr/kg. áður 1.000 kr/kg.

Holta fersk hálfúrb. læri án skinns




**1.049** kr/kg. áður 1.501 kr/kg.

Holta fersk úrbeinuð læri




**1.175** kr/kg. áður 1.679 kr/kg.

Kjötsels svínahnakkasneiðar




**1.175** kr/kg. áður 1.679 kr/kg.

Kjötsels léttreyktar svínakótilettur

H:N markaðssamskipti / SÍA Hönnun: Víkurfréttir

## allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda: 19. júlí til 22. júlí eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

netto

Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**






BAKÞANKAR
KRISTÍNAR SVÖVU TÓMASDÓTTUR

## *Eiturefnaslysið*

Ég er á gangi í dimmum undirgöngum í Laugardalnum. Það hefur orðið eiturefnaslys í sundlauginni og mengunin hefur breiðst út um dalinn. Í sýrupolli í undirgöngunum liggja þrjú börn á grúfu. Ég tek tvö þeirra upp og legg við öxl mér, rauðir blettir á höfði þeirra. Hið þriðja sýnist mér þegar látið og ég læt það því liggja, en arka af stað með hin tvö í leit að einhverjum sem getur keyrt þau á sjúkrahús og mig heim.

**ÉG** kem að skeljasandsblokk og hringi á bjöllu á fyrstu hæð en bíð ekki eftir svari og geng inn í anddyrið. Hurðirnar í blokkinni eru allar óvenju stórar og breiðar og ég geri ósjálfrátt ráð fyrir því að hér sé um að ræða fjölbýli fyrir fólk í hjólastól. Ég er við það að fara út aftur þegar dyr opnast og í gættinni stendur eiginmaður frænku minnar nokkurrar. Þau hjón reynast búa þarna á fyrstu hæð ásamt syni sínum, þrátt fyrir að ekkert þeirra sé bundið við hjólastól.

**MÉR** er boðið inn og segi farir mínar ekki sléttar. Þegar hér er komið við sögu hafa börnin tvö á óútskýranlegan hátt breyst í tvo pakka af marglitum tússpennum – en tússlitapakkarnir anda og því er ekki öll von úti enn um að börnin lifi. Ég kippi mér ekki upp við þessi hamskipti sjúklinganna en bið eiginmann frænku minnar um að keyra okkur á sjúkrahús. Þá bregður svo við að þessi elskulegi og hjálpsami maður neitar að aðstoða mig í vandræðum mínum. Hann vill ekki heldur leyfa mér að nota símann. Ég hrökklast því út aftur með tússlitabörnin, sem eru í vægast sagt mjög krítísku ástandi.

**KEMUR** þá ekki akandi móðir mín, sem annars er þekkt fyrir flest annað en ástríðu fyrir kraftmiklum bílum, á flunkunýjum sex dyra fjallabíl, þenur vélina og skransar nokkra hringi á ísilögðu bílaplaninu til að sýna mér kraftinn í nýja fjölskyldubílnum. Það er að lokum hún sem tekur að sér að koma börnunum á spítala og mér heim og leggur mér lífsreglurnar á leiðinni: Alltaf að hringja á sjúkrabíl, Kristín Svava. Alltaf að hringja á sjúkrabíl.

**FJARSKYLDUR** ættingi liggur fyrir dauðanum? Ætti ég að fjárfesta í hlutabréfum? Skyldi ég varast skeggjaða menn á fullu tungli? Ef eitthvað hringir bjöllum hjá höfundi Draumaráðningabókarinnar, Þórhalli miðli eða Sigríði Klingenberg, mega þau gjarnan hafa samband hið fyrsta.

Gefðu dýrmætasta efni í heimi
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

